HRÖNN STURLAUGSDÓTTIR

*Fer árlega til Taílands*

ferðir bílar

allt




SNÆDÍS GUÐNADÓTTIR

*Bræddi hjarta Robbie Williams*

Sannfærði söngvarann um ágæti Íslands

FÓLK 26






# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

12. júlí 2006 — 185. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000



**Hafa gefið út 28 diska**

Gunni og Felix halda áfram að skemmta börnum og gefa nú út 28. geisladisk sinn.

FÓLK 34

**Ekkert annað en sigur kom til greina á Partille-mótinu**

Fjórði flokkur FH stráka vann Partille-mótið í Svíþjóð í sínum aldursflokki síðastliðinn sunnudag en þeir hafa unnið til fjölda verðlauna bæði heima og erlendis.

TÍMAMÓT 20

**Orkufrekja**

„Það sem er athyglisvert við umræðuna núna er það hversu annt hörðustu stóriðjupostulum er allt í einu um náttúru Íslands og hversu mikla þörf þeir hafa fyrir að segjast bera hag hennar fyrir brjósti," segir Kolbrún Halldórsdóttir.



Í DAG 18

**FH vann í Eistlandi**



FH-ingar gerðu góða ferð til Eistlands þar sem þeir báru sigurorð af TVMK Tallinn í 1. umferð forkeppni Meistaradeildar Evrópu. FH stendur vel að vígi fyrir síðari viðureign liðanna í næstu viku.

ÍÞRÓTTIR 30

**VEÐRIÐ Í DAG**




**BÆTIR Í VIND AUSTAN TIL** Framan af degi verður norðanstrekkingur vestan til en hægari eystra. Síðdegis snýst það við. Rigning eða skúrir norðanlands en yfirleitt léttskýjað syðra. Hiti 6-18 stig, hlýjast til landsins suðaustan til.

VEÐUR 4

**> Markaðurinn**

*Sögurnar ... tölurnar ... fólkið ...*

FYLGIR MEÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG




# Framboð Jónínu kom Guðna á óvart

**Lagt hefur verið að Guðna Ágústssyni að bjóða sig fram til formennsku í Framsóknarflokknum. Hann hefur ekki tekið ákvörðun en segir þrjá kosti í stöðunni. Yfirlýsing Jónínu Bjartmarz um varaformannsframboð kom Guðna á óvart.**

**STJÓRNMÁL** Yfirlýsing Jónínu Bjartmarz um framboð til embættis varaformanns Framsóknarflokksins í fyrrakvöld kom Guðna Ágústssyni varaformanni í opna skjöldu.

„Það kemur mér á óvart að Jónína skuli gera þetta með þessum hraða í ljósi þess að fyrir liggur samkvæmt könnunum og mælingum Gallup að ég hef gríðarlega sterka stöðu í flokknum og sem ráðherra," sagði Guðni í samtali við Fréttablaðið í gær.

Yfirlýsing Jónínu leysti úr læðingi bylgju áskorana til Guðna um að sækjast eftir formannsembættinu, til dæmis hvatti Kristinn H. Gunnarsson þingmaður hann til framboðs í fréttum Útvarps í gær og í samtali við Fréttablaðið sögðust fjölmargir flokksmenn sama sinnis.

Guðni viðurkennir fúslega að hafa heyrt frá fólki hvaðanæva að af landinu en segist ekki ráðinn enn. „Ég þarf að gera þetta upp við mig og yfirlýsing Jónínu herðir á mér, flokksmenn bíða eftir ákvörðun minni."

Guðni segist standa frammi fyrir þremur kostum. Að sækjast eftir formannsembættinu, bjóða sig fram til áframhaldandi setu í varaformannsstóli eða stíga til hliðar og gefa öðrum stjórn flokksins eftir.

„Um þetta eru skiptar skoðanir, margir leggja hart að mér að gefa kost á mér til formennsku en framsóknarmenn margir vilja frið og sameiginlega niðurstöðu. Þetta þarf ég að meta með fjölskyldunni og mínum bestu mönnum."

Jón Sigurðsson, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, hefur einn lýst yfir framboði til formannsembættisins og Haukur Logi Karlsson, fyrrverandi formaður Sambands ungra framsóknarmanna, hefur einn lýst yfir framboði til embættis ritara.

Þótt aðferðir Jónínu Bjartmarz við að lýsa yfir framboði hafi komið Guðna á óvart gerir hann ekki athugasemdir við þær. „Hún hringdi í mig fimm mínútum fyrir sjö og tilkynnti að hún væri að fara í Kastljós til að lýsa yfir framboði. Það er hennar val. Lýðræðið er mikilvægt og stundum þarf að gera upp á milli manna. En þetta kom á óvart. Hún var fljót að ákveða sig miðað við mína stöðu."

Guðni Ágústsson hefur verið varaformaður Framsóknarflokksins í fimm ár og ráðherra í sjö ár. Hann segir það hafa verið gæfu sína í flokknum og samfélaginu að tiltölulega góð sátt hafi ríkt um störf hans. Fyrir það sé hann þakklátur.

bjorn@frettabladid.is



**SUNDURTÆTT LEST Í BOMBAY** Mikil skelfing greip um sig í kjölfar árásanna og ekki hefur enn tekist að henda reiður á fjölda látinna.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Mannskæðar sprengjuárásir á lestarkerfi Indlands valda hörmungum og dauða:

# Tæp tvö hundruð létu lífið

**INDLAND, AP** Sjö sprengjur sprungu í lestarkerfi Bombay (Mumbai), fjölmennustu borgar Indlands, í gær, sem ollu dauða á annað hundrað manns og særðu um 500 að sögn lögreglustjóra borgarinnar. Utanríkisráðherra kallar árásina „svívirðilegt hryðjuverk".

Að sögn lögreglu voru sprengingarnar hluti af vel skipulagðri og samhæfðri árás á lestarstöðvar. Vitni sáu líkamshluta á víð og dreif um lestarstöðvar og aðstandendur bera illa sært fólk í sjúkrabíla. Björgunaraðgerðir hafa reynst erfiðar vegna mikilla rigninga, en forgangsatriðið er að sögn lögreglu að bjarga þeim sem særðust. Sprengingarnar rifu dyr og glugga af lestarvögnum, en lestarferðir til borgarinnar hafa verið stöðvaðar tímabundið. Sprengingarnar skullu á vögnum á fyrsta farrými. Sú fyrsta átti sér stað í norðvesturhverfinu Khar, en sprengingarnar áttu sér stað í lestarteinum, í lestunum sjálfum eða á lestarstöðvum. Ein átti sér stað nálægt neðanjarðarlestarstöð.

Yfirvöld á Indlandi hafa hert öryggiseftirlit og hvatt fólk til að forðast lestarmannvirki. Miklar deilur hafa staðið milli Indverja og Pakistana vegna yfirráða yfir Kasmír héraði, en pakistönsk yfirvöld neituðu aðild að sprengingunum og fordæmdu árásirnar. Engin hryðjuverkasamtök hafa lýst ódæðinu á hendur sér.

- sgj



**DÚKKUR LÆKNA** Breskir vísindamenn hafa uppgötvað að dúkkur og bangsar eru afar gagnleg Alzheimer-sjúklingum.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Rannsókn á Alzheimer:

# Dúkkur hafa lækningarmátt

**BRETLAND** Dúkkur og bangsar geta hjálpað Alzheimer-sjúklingum við að hafa samskipti við annað fólk. Þetta kemur fram í nýrri rannsókn sem breskir vísindamenn gerðu á hjúkrunarheimili í Newcastle í Bretlandi,

Alzheimer-sjúkdómurinn getur valdið því að fólk tapar vitrænum, félagslegum og tilfinningalegum hæfileikum sínum. Engin lækning er til við honum, en hann herjar helst á aldrað fólk.

Hafi sjúklingurinn eitthvað sem hann ber ábyrgð á, líkt og dúkku, getur það minnkað streitu, hjálpað sjúklingnum að eiga samskipti við annað fólk og minnkað líkurnar á að sjúklingurinn einangrist, kemur fram í rannsókninni. Niðurstöður rannsóknarinnar voru birtar á ráðstefnu um sálfræði sem haldin var nýverið í Bretlandi.

- smk

Samkeppniseftirlitið:

# Ógilti samruna lyfjafyrirtækja

**SAMKEPPNISMÁL** Samkeppniseftirlitið ógilti í gær samruna Lyf & heilsu, systurfyrirtækis DAC, og Lyfjavers sem DAC keypti í mars.

Í úrskurði Samkeppniseftirlitsins segir að með samrunanum myndu tvær lyfjakeðjur, Lyf & heilsa annars vegar og Lyfja hins vegar, hafa 80 prósenta markaðshlutdeild allrar lyfjasmásölu í landinu. Sú staða myndi gera fyrirtækjunum kleift að samhæfa hegðun sína á markaðnum án þess að þurfa að taka tillit til keppinauta eða neytenda.

- sdg / sjá síðu 8





## SPURNING DAGSINS

*Dagný, hélst þú nokkuð ræðu hjá varnarliðinu um daginn?*

„Það held ég ekki, en ég vona að þetta sé ekki smitandi.“

Fulltrúar Bandaríkjanna gengu á dyr eftir að Dagný Jónsdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins, sendi Bandaríkjamönnum tóninn, á ársfundi Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu.

Seðlabankinn hugsanlega að rýra trúverðugleika sinn með slæmum spám:

# Misvísandi verðbólguspár

**EFNAHAGSMÁL** Geir H. Haarde forsætisráðherra er sannfærður um að verðbólgan fari að minnka strax upp úr næstu áramótum og segir auðveldara að sitja í Seðlabankanum og biðja um aðgerðir heldur en að bera ábyrgð í ríkisstjórn þegar kemur að stjórn efnahagsmála.

Seðlabankinn spáir ellefu prósenta verðbólgu fram á mitt næsta ár og hefur hækkað stýrivexti upp í þrettán prósent. Fyrir nokkrum dögum sagði Davíð Oddsson seðlabankastjóri að aðgerðir Seðlabankans væru of varfærnar ef eitthvað væri.

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, segir ummæli forsætisráðherra í takt við þeirra væntingar og segist undrandi á að bankinn hækki hagvaxtarspá sína um tæpt prósent á sama tíma og fjármálaráðuneytið lækki sína. Hæpnar forsendur séu fyrir verðbólguspánni. „Og meðan allir eru að reyna að draga úr væntingum og skapa forsendur fyrir lækkandi verðbólgu er Seðlabankinn að vinna gegn því. En ég held sem betur fer að það taki ekkert of margir mark á Seðlabankanum.“

Aðspurður um hvort Seðlabankinn sé að rýra sinn trúverðugleika með svona spám segir Vilhjálmur að það muni koma í ljós. „Ef svo reynist að þeir hafi rangt fyrir sér þá hljóta að vakna upp spurningar um hæfni þeirra sem eru að stýra þessum spám í Seðlabankanum.“ - sdg



**GEIR H. HAARDE FORSÆTISRÁÐHERRA** Er heldur bjartsýnni á verðbólguhorfur en bankastjórar Seðlabankans.

Stjórnmálamaður handtekinn:

# Vildi sprengja hús ráðherra

**DANMÖRK, AP** Danskur hægriöfgamaður og innflytjendaandstæðingur, Julius Børgesen, hefur verið handtekinn. Hann hafði hvatt til þess að heimili innanríkis- og heilbrigðisráðherra Danmerkur yrði sprengt með bensínsprengju.

Børgesen tjáði þessa skoðun sína á vinstrisinnaðri heimasíðu, en hann skrifaði undir fölsku nafni.

Hann viðurkennir nú að hafa skrifað skilaboðin, en segist hafa verið að reyna að fá einhvern á síðunni til að viðurkenna aðild að svipaðri árás á heimili annars ráðherra fyrir ári, en sá glæpur er enn óupplýstur. -sgj



**LARIJANI OG SOLANA** Fulltrúar Írans og Evrópusambandsins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Larjani hitti Solana:

# Samningarnir taka sinn tíma

**BRUSSEL, AP** Ali Larijani, aðalsamningamaður Írans í kjarnorkumálum, sagði í gær að það myndi taka langan tíma að komast að samkomulagi í deilu Írans við Bandaríkin, Evrópusambandið, Rússland og fleiri ríki um áform Írana í kjarnorkumálum.

Íranar hafa ekkert verið að flýta sér að gefa svar við tilboði ríkjanna um ýmsa aðstoð gegn því að Íranar hætti við að auðga úran.

Larijani átti svo loksins í gær fund með Javier Solana, utanríkismálafulltrúa Evrópusambandsins, sem gaf þar engar vonir um að málinu verði hraðað. - gb

Annar Litháinn hefur játað:

# Taldi efnið vera hestastera

**SMYGL** Annar Litháinn sem handtekinn var á fimmtudaginn við komuna til landsins með Norrænu, eftir að tólf kíló af óþynntu amfetamíni fundust í bifreið hans, hefur játað. Hann segist hafa talið að efnið væri hestasterar.

Mennirnir tveir voru dæmdir í fjögurra vikna gæsluvarðhald sem hinn Litháinn áfrýjaði. Sá úrskurður var staðfestur í Hæstarétti í gær.

Sá sem játaði hefur viðurkennt að hafa þegið greiðslu frá pari í Litháen fyrir að flytja efnið hingað til lands. - æþe

# Aðgreining bók- og starfsnáms afnumin

**Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra kynnti nýja hugsun í uppbyggingu framhaldsskólanáms í gær, sem gefur skólum tækifæri til að halda í sérkenni sín, um leið og bóknámi og starfsnámi er gert jafn hátt undir höfði.**

**MENNTAMÁL** Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra boðar nýja sýn á tilhögun framhaldsskólanáms hér á landi. Afnumin skal aðgreining náms í starfsnám og bóknám svo úr verði ein heild með fjölmörgum mismunandi námsleiðum. Með þessu er ætlunin að gera starfsnám jafngilt bóknámi í þeirri von að nemum í iðn- og starfsnámi fjölgi. Skólum verður veitt frelsi til að skipuleggja og bjóða nám í samræmi við þarfir nemenda og kröfur næsta skólastigs eða þeirrar atvinnu sem hugur nemenda stefnir til.

Þessar róttæku hugmyndir eru byggðar á skýrslu nefndar sem skipuð var til að endurskoða starfsnám. Nefndin gekk lengra í tillögum sínum en upphaflega var lagt af stað með enda segir formaður hennar, Jón B. Stefánsson, skólameistari Fjöltækniskóla Íslands, að ekki hafi verið hægt að móta raunhæfar hugmyndir án þess að taka tillit til framhaldsskólanáms á heildrænan hátt. Þorgerður telur að aukin áhersla á iðn- og starfsnám sé nauðsynleg til að takast á við breyttar aðstæður í samfélaginu og þarfir atvinnulífsins og háskólanna í landinu. „Hugmyndir og orðræðan um starfsnám annars vegar og bóknám hins vegar eru lagðar til hliðar og nú verður aðeins talað um framhaldsskóla. Að mínu mati skapar þessi hugsun ákveðna heildarmynd og býður upp á endalaus tækifæri.“



**ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR** Menntamálaráðherra kynnti byltingarkenndar hugmyndir á fundi í gær.

Námið í hinum nýja framhaldsskóla, eins og nefndarmenn kjósa að kalla hann, verður byggt upp af kjarna í íslensku, stærðfræði og ensku en allt nám þar fyrir utan verður metið jafnt til stúdentsprófs. Námið umfram kjarnafögin verður skipulagt í samstarfi framhaldsskóla, háskóla og atvinnulífsins.

Aðspurð hvort umræðan um styttingu náms til stúdentsprófs sé með þessum hugmyndum úr sögunni, segir Þorgerður að hugmyndirnar séu í samræmi við það sem rætt hafi verið á milli ráðuneytisins og Kennarasambands Íslands varðandi tíu skrefa samkomulagið. „Ég hef sagt að ef skólar vilja vera lengur þá verði þeir lengur en það eru ákveðnar kröfur sem þeir þurfa að uppfylla. Ég held að þessar tillögur séu í samræmi við breytta námsskipanina og við erum komin vel á veg þar. Við ættum að koma upp úr skotgröfunum hvað varðar tímann, við vitum að hann má nýta betur, og huga fyrst og fremst að inntaki námsins. Við verðum að veita skólunum meira frelsi og minnka miðstýringu. Hér gefst tækifæri fyrir alla skóla að halda í sín sérkenni ef þeir kjósa svo.“

svavar@frettabladid.is / sjá síðu 16



**TÆKIFÆRI** Hugmyndin um breyttan framhaldsskóla býður upp á fjölmörg tækifæri. Ungt fólk mun væntanlega hafa úr nýjum spennandi námsleiðum að velja innan skamms.



**LUNDI Í HOLU** Vertíðin hefur farið vel af stað í sumar.

Lundavertíð í Eyjum:

# Góð veiði í gær

**VESTMANNAEYJAR** Lundavertíðin hefur farið vel af stað í Vestmannaeyjum í sumar. Vertíðin hófst 1. júlí og stendur hún til 15. ágúst.

„Menn voru áhyggjufullir fyrir tímabilið en svo fór þetta bara vel af stað. Hins vegar hefur veiðin ekki verið góð undanfarna fjóra daga en er nú að glæðast að nýju,“ sagði Magnús Bragason lundasölumaður þegar Fréttablaðið náði tali af honum í gær.

„Ég var að tala við veiðimenn sem eru í Ystakletti og þeir voru komnir með átta kyppur í dag,“ sagði Magnús. Fyrir þá sem ekki vita eru 100 lundar í hverri kyppu. Aðspurður um varpið sagði Magnús að það hefði tekist vel en hins vegar kæmi ekki í ljós fyrr en um miðjan júlí hvernig pysjurnar kæmust af. - öhö

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Ekið á pilt á hjóli** Ekið var á fjórtán ára pilt á hjóli á Laugaveginum til móts við bílaumboð Heklu klukkan rúmlega sex í gærkvöldi. Honum var ekið á slysadeild í sjúkrabifreið og kvartaði hann undan eymslum í læri. Hann fór heim af slysadeildinni að lokinni skoðun.

**Tekinn undir áhrifum fíkniefna** Lögreglan á Selfossi stöðvaði bíl á Hellisheiði í fyrrinótt með þremur ungmennum innanborðs, öllum undir áhrifum fíkniefna. Eitthvað magn fíkniefna fannst í bílnum sem grunur leikur á að hafa verið ætlað til sölu.

Tilboð
-2 kr.
Ný bensínstöð Öskjuhlíð neðan við Keiluhöllina
- Mundu Dælulykilinn -
ATLANTSOLIA

Fiskibáturinn Gísli KÓ 10 varð olíulaus 38 sjómílur suðvestur af landinu:

# Mátti vart tæpara standa

**BJÖRGUN** Björgunarbáturinn Oddur V. Gíslason var sendur af stað frá Grindavík eftir að tilkynning barst Landhelgisgæslunni um olíulausan bát á reki suðvestur af Reykjanesi. Að sögn Guðjóns Sigurðssonar, skipstjóra á björgunarbátnum, mátti vart tæpara standa því veður versnaði mjög.

„Ef við hefðum verið seinna á ferðinni hefðu þeir jafnvel þurft að halda sjó,“ segir Guðjón.

Vont veður og mikill öldugangur var á svæðinu og hafði verið þá fimm tíma sem liðu frá því að vélin drap á sér og björgunin barst, að sögn Sævars Baldvinssonar annars áhafnarmeðlims Gísla KÓ 10. Að sögn Sævars drapst á bátsvélinni um tvöleytið um nóttina.

Í áhöfn bátsins auk Sævars, sem er 21 árs, var Hjörtur Guðmundsson 19 ára, en faðir þess síðarnefnda gerir bátinn út frá Kópavogi.

Að sögn mannanna töldu þeir sig aldrei í hættu, þó að þeim hafi þeim þótt óþægileg tilfinning að reka stjórnlaust á bátnum. „Sævar lagði sig og ég beið eftir björgunarbátnum,“ segir Hjörtur, annar bátsmannanna. „Svo lagði ég mig á meðan við vorum dregnir í land, það var svo sem ekki neitt annað að gera.“

Þetta var fyrsti róður þeirra Sævars og Hjartar saman, en áður hafði Hjörtur róið einn á bátnum. Báturinn tekur sjö tonn af afla en hafði fiskað fjögur tonn af ufsa og þorski þegar bilunin kom upp. - æþe



**GÍSLI KÓ 10 Í TOGI** Hér sést þegar björgunarbáturinn Oddur V. Gíslason siglir inn innsiglinguna á Sandgerðishöfn með Gísla KÓ 10 í eftirdragi um tvöleytið í gær. VÍKURFRÉTTIR/JÓN BJÖRN

www.toyota.is




ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 33404 07/2006

## Yaris risaSMÁR - aftur og aftur

**Yaris er enginn venjulegur bíll.**
risaSMÁ hönnun hans og tækni gerir það að verkum að hann hefur eiginleika stærri bíla hvað varðar rými og getu en jafnframt eiginleika smærri bíla hvað varðar lipurð og eyðslu. Núna færðu risaSMÁAN Yaris 1.0 l með frábærum aukahlutum sem gera tilfinninguna risaSMÆRRI.
Yaris er bíll sem fólk vill eiga og keyra. **Aftur og aftur.**

Það er gott að vera lítill. Það er gott að vera stór.
**En** risaSMÁR er snilld.

risaSMÁR **aukahlutapakki**

- Filmur í rúður
- Krómlisti á hlera
- Krómstútur á púst
- Vindskeið

TODAY TOMORROW **TOYOTA**

| Toyota Kópavogi | Toyota Akureyri | Toyota Reykjanesbæ | Toyota Selfossi | Toyota Austurlandi |
|---|---|---|---|---|
| Nýbýlavegi 4 | Baldursnesi 1 | Njarðarbraut 19 | Fossnesi 14 | Miðási 2 |
| Kópavogur | Akureyri | Reykjanesbær | Selfoss | Egilsstaðir |
| Sími: 570-5070 | Sími: 460-4300 | Sími: 420-6600 | Sími: 480-8000 | Sími: 470-5070 |

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 11.6.2006

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 74,89 | 75,25 |
| Sterlingspund | 137,72 | 138,38 |
| Evra | 95,36 | 95,9 |
| Dönsk króna | 12,783 | 12,857 |
| Norsk króna | 11,922 | 11,992 |
| Sænsk króna | 10,378 | 10,438 |
| Japanskt jen | 0,6545 | 0,6583 |
| SDR | 110,87 | 111,53 |

*Gengisvísitala krónunnar*
131,711

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Landspítalinn hefur þurft að greiða háar fjárhæðir vegna skaðabóta í ár:

# Fimmtíu milljónir í bætur

**DÓMSMÁL** Það sem af er árinu hefur Landspítali - háskólasjúkrahús þurft að greiða um fimmtíu milljónir í skaðabætur vegna þriggja dómsmála þar sem spítalanum er stefnt. Tvö málanna varða læknamistök og eitt var vegna veikinda sem starfsmaður hlaut af vinnu á sjúkrahúsinu.



PÁLMI RAGNAR PÁLMASON

Möguleg skaðabótamál Tómasar Zoëga, fyrrverandi yfirlæknis á geðsviði, og Stefáns Matthíassonar æðaskurðlæknis gætu svo hækkað fjárhæðina töluvert, en lögmaður Tómasar sagði í samtali við Fréttablaðið í byrjun júlí að skaðabótakrafa hans gæti numið allt að hundrað milljónum króna.

„Því miður er þetta staðreyndin í málinu, þótt allir vilji auðvitað komast hjá mistökum þá verða þau því miður,“ segir Pálmi Ragnar Pálmason, formaður stjórnarnefndar LSH. „Enn er óljóst hvað mun gerast næst í máli Stefáns en mál Tómasar er komið á leiðarenda og við verðum að sæta því.“

Læknafélag Ísland segir ámælisvert að stjórnendur Landspítala - háskólasjúkrahúss ætli sér ekki að leiðrétta hlut læknanna tveggja sem dómstólar hafa úrskurðað að reknir voru með ólögmætum hætti. Þetta kemur fram í yfirlýsingu frá félaginu. **- sþs**



**LANDSPÍTALINN Í FOSSVOGI** Formaður stjórnarnefndar Landspítalans segir spítalann verða að sæta dómum sem hafa fallið í málum Stefáns Matthíassonar og Tómasar Zoëga.

Kjaradeilan í Leifsstöð:

## Hóta annarri vinnustöðvun

**KJARAMÁL** Starfsmenn IGS, dótturfyrirtækis Icelandair sem sér um þjónustustörf í Leifsstöð, hafa hótað því að leggja aftur niður störf batni kjör þeirra ekki á næstunni. Ákvörðun verður líklega tekin á starfsmannafundi í kvöld, en starfsmenn hafa sagt að verði önnur vinnustöðvun muni IGS ekki fá jafn langan viðbragðsfrest og seinast.

Gunnar Olsen, framkvæmdastjóri IGS, sagðist ekki kannast við þessar fullyrðingar starfsmanna og lítil hreyfing hafi verið á málinu síðan starfsfólkið neitaði tillögu stjórnenda IGS í seinustu viku. **- sþs**



**FANGAKLEFI Í GUANTANAMO-FANGELSINU** Bandaríkjastjórn hefur gjörbreytt afstöðu sinni til réttarstöðu fanga í Guantanamo. NORDICPHOTOS/AFP

Bandaríkjastjórn kúvendir:

## Genfarsáttmáli verður virtur

**WASHINGTON, AP** Bandaríkjastjórn hefur tilkynnt að allir fangar í gæslu Bandaríkjahers verði héðan í frá meðhöndlaðir í samræmi við lágmarksstaðla Genfarsáttmálans. Þetta þýðir að fangar í Guantanamo-herstöðinni verða ekki sóttir til saka fyrir herdómstólum eins og Bush-stjórnin hafði áætlað.

Ákvörðunin var tilkynnt í gær, tveimur vikum eftir að Hæstiréttur Bandaríkjanna úrskurðaði að Bush-stjórnin hefði ekki rétt til að skipa herdómstóla, á þeim forsendum að slíkt væri hvorki í samræmi við alþjóðarétt né gert með leyfi Bandaríkjaþings. **- kóþ**

Brotist inn í tvær nýbyggingar:

## Stal tólum fyrir hálfa milljón

**LÖGREGLA** Brotist var inn í tvær nýbyggingar í miðbæ Reykjavíkur í gærmorgun og stolið þaðan verkfærum að verðmæti hátt í fimm hundruð þúsund krónur.

Lögreglan handtók þjófinn stuttu síðar á heimili sínu, en þar fannst megnið af þýfinu. Þjófurinn, sem var yfirheyrður í gær, er á þrítugsaldri og mikill góðkunningi lögreglunnar. Á heimili hans fannst einnig talsvert magn fíkniefna.

Ásamt ræningjanum voru á heimili hans tvær stúlkur, önnur tæplega tvítug og hin sextán ára. Í fórum þeirra fundust einhver fíkniefni og voru þær því einnig handteknar. **- sh**

# Ósætti um Alfreð í nýju Blóðbankahúsi

**Blóðbankinn fær ekki allt húsið að Snorrabraut 60 til afnota eins og yfirlæknir hafði gert ráð fyrir. Efsta hæð hússins fer að hluta til undir framkvæmdanefnd um byggingu hátæknisjúkrahúss með Alfreð Þorsteinsson í fararbroddi.**

**LANDSPÍTALINN** Sveinn Guðmundsson, yfirlæknir Blóðbankans, segir að sér hafi verið tjáð að Landspítalinn hafi tekið allt húsið á leigu en síðan framleigt hluta efstu hæðarinnar til framkvæmdanefndarinnar.

Við undirbúning viðbyggingar við Blóðbankann, sem síðan var hætt við, var gerð ítarleg þarfagreining þar sem kom fram að Blóðbankinn þyrfti 1600 fermetra fyrir starfsemi sína, en hann er nú í 650 fermetra húsnæði. Nýja húsnæðið er 1350 fermetrar sem Sveinn segir að myndi duga fyrir starf þeirra.

„Það er löngu búið að sýna fram á það að við uppfyllum engin skilyrði sem þarf til að reka blóðbanka. Þegar samningur var gerður um leigusala hússins gerðum við ráð fyrir að litið yrði til þessarar þarfagreiningar og við fengjum þá allt húsið,“



SVEINN GUÐMUNDSSON



ALFREÐ ÞORSTEINSSON

segir Sveinn.

„Við höfum bent á það að framkvæmdanefndin þurfi ekki húsnæði með þessa staðsetningu og af þessu tagi. Efsta hæð hússins er okkur mjög dýrmæt því hún er í nágrenni við okkar mikilvægu starfsemi og það væri slæmt að fara af stað með svona mál og missa lausnina út úr höndunum með því að sjá blóðbankanum fyrir ónógu húsnæði.“

Alfreð Þorsteinsson, formaður framkvæmdanefndarinnar segir nefndina einungis taka 150 til 200 fermetra á leigu með stækkunarmöguleikum. Hann segir að mikilvægt sé að húsið sé nálægt spítalanum.

Undir það tekur Davíð Á. Gunnarsson, skrifstofustjóri í heilbrigðisráðuneytinu. „Nefndin vinnur náið með starfsfólki spítalans. Blóðbankinn fer í nýja spítalann þegar hann er tilbúinn og það er varla hægt að ætlast til þess að öll markmið sem eiga að nást þá verði uppfyllt strax. Það eru margar aðrar deildir sem einnig eru í of litlu húsnæði,“ segir Davíð.

stigur@frettabladid.is



Sendiráð Búlgaríu í Finnlandi:

## Sendiherra í áfengissvindli

**FINNLAND, AP** Búlgarar hafa kallað sendiherra sinn í Finnlandi heim eftir að upp komst um meinta aðild hans að ólöglegri áfengissölu.

Utanríkisráðherra Búlgaríu, Ivailo Kalfin, ætlar jafnframt að fara fram á það við Georgi Parvanov forseta að Venel in Tsatchevski verði rekinn úr starfi sem sendiherra.

Endurskoðun á bókhaldi sendiráðsins kom upp um svikin, en sendiherrann seldi fólki sem ekki starfaði við sendiráðið áfengi. Málið er enn í rannsókn. **- smk**

Samþykkt Öryggisráðsins:

## Refsiaðgerðum slegið á frest

**TÓKÝÓ, AP** Fulltrúar Japana og fastameðlimir Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna hafa komið sér saman um að fresta refsiaðgerðum um þeim sem Kenzo Oshima, sendiherra Japans hjá Sameinuðu þjóðunum, lagði til að yrðu settar gegn Norður-Kóreu vegna eldflaugatilrauna þeirra, en refsiaðgerðirnar áttu meðal annars að kveða á um viðskiptabann á tæknitengdar vörur.



KENZO OSHIMA

Það eru Kínverjar sem standa að baki frestuninni og sendiherra Kína hjá Sameinuðu þjóðunum, Wang Guangya, skýrði frá því að tillaga Japana yrði ekki samþykkt að óbreyttu, að því er Kyodo-fréttastofan greinir frá.

Japanar ætluðu upphaflega að þrýsta á um refsiaðgerðir strax í síðustu viku. **- kóþ**


**BÍLL DAGSINS**

**VOLKSWAGEN CADDY**

Nýskr 07.02 - Beinskiptur - Ekinn 61 þús km. - Allt að 100% lán.




**Ingvar Helgason** **NOTAÐIR BÍLAR**

Opið: Alla virka daga kl. 9:00 -18:00. Sími: 525 8020.


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**KULDAKAST Á NORÐURLANDI**

Í dag kólnar í veðri norðanlands og þar má búast við úrkomu, rigningu eða skúrum. Sunnan heiða rofar hann smám saman til og ætti að verða bjartur um og eftir hádegi. Ef það er ekki ástæða til að draga fram grillið og skella einhverju úrvalshráefni á, þá ég veit ekki hvenær, því smám saman lægir sunnan og vestan til þegar líður að grilltíma!!

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI**

Norðvestan 3-8 m/s, hvassast fyrir hádegi. Bjartviðri. Hiti 9-14 stig í dag.




*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 23°C heiðskírt | London | 23°C heiðskírt | Alicante | 32°C hálfskýjað |
| Billund | 21°C hálfskýjað | París | 26°C hálfskýjað | Mallorca | 26°C hálfskýjað |
| Osló | 15°C hálfskýjað | Frankfurt | 29°C skúrir | Algarve | 29°C heiðskírt |
| Stokkhólmur | 26°C hálfskýjað | Friedrichshafen | 26°C skúrir | Krít | 27°C heiðskírt |
| Gautaborg | 19 °C hálfskýjað | Berlín | 29°C heiðskírt | Las Palmas | 24°C heiðskírt |

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# MS grill-leikur




*Landsliðskokkurinn Bjarni Gunnar Kristinsson, yfirkokkur á Grillinu, mælir með sýrðum rjóma frá MS með grillmatnum.*

## Bjarni mælir með ...

**Þegar á að grilla er best að vera undirbúin(n) og nota sýrðan rjóma sem kalda sósu með grillmatnum. Möguleikarnir eru margir og oft er einfaldleikinn bestur!**

**Köld hvítlaukssósa – mjög góð með flestu af grillinu.**

| | |
|---|---|
| **150 ml** | **sýrður rjómi, 18%** |
| **50 ml** | ólífuolía |
| **1-2 stk.** | hvítlauksgeirar |
| **1 msk.** | hlynsíróp |
| **½ stk.** | agúrka, má sleppa |

Þeytið saman ólífuolíu og sýrðan rjóma. Afhýðið og pressið hvítlauk og blandið saman við. Kryddið með salti, pipar og hlynsírópi. Sósan verður mildari á bragðið ef agúrku er bætt út í eins og þeir gera við Miðjarðarhafið.

**fleiri uppskriftir á www.ms.is**

**Lukkunúmer fylgir öllum dósum af sýrðum rjóma frá MS**

**10 Weber grill í vinning!**



### *Þú sérð strax hvort þú hefur unnið!*

Taktu þátt í grillleik MS og þú gætir unnið glæsilegt Weber grill. Kauptu dós af sýrðum rjóma frá MS, farðu á **www.ms.is**, sláðu inn lukkunúmerið sem er í lokinu og þú færð strax að vita hvort þú hefur unnið.

weber

MJÓLKURVÖRUR Í SÉRFLOKKI

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA



## KJÖRKASSINN

*Var Zidane besti leikmaður heimsmeistaramótsins í fótbolta?*

| | |
|---|---|
| Já | 67% |
| Nei | 33% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Heldurðu að verðbólgan lækki á þessu ári?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Fyrrverandi starfsmaður Sjálfstæðisflokksins ráðinn skrifstofustjóri borgarstjóra:

# Magnús Þór í ráðhúsið

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Magnús Þór Gylfason hefur verið ráðinn skrifstofustjóri borgarstjóra til ársloka í afleysingum fyrir Kristínu Árnadóttur, sem fer í námsleyfi.

Magnús er með B.S. gráðu í viðskiptafræði frá Háskólanum í Reykjavík. Hann skipaði 19. sæti á lista Sjálfstæðisflokks til borgarstjórnar í kosningunum í vor, en áður hefur hann verið formaður Heimdalls, framkvæmdastjóri Sambands ungra sjálfstæðismanna og framkvæmdastjóri borgarstjórnarflokks sjálfstæðismanna.

Hann sat í menningar- og ferðamálaráði og jafnréttisnefnd Reykjavíkurborgar á seinasta kjörtímabili en situr ekki í nefnd á vegum borgarinnar lengur.

Í starfsmannastefnu Reykjavíkurborgar segir að stofnanir og fyrirtæki borgarinnar skuli auglýsa laus störf í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar og gæta jafnræðis í ráðningarferlinu.

Jón Kristinn Snæhólm, aðstoðarmaður borgarstjóra, segir að í verklagsreglum um ráðningar komi fram að séu starfsmenn ráðnir til innan við tveggja ára þurfi ekki að auglýsa starfið og því sé leyfilegt að lausráða starfsmenn til tveggja ára. **- sgj**



**MAGNÚS ÞÓR GYLFASON** Magnús Þór, sem er 32 ára Reykvíkingur, mun gegna starfi skrifstofustjóra á skrifstofu borgarstjóra til áramóta. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

Innbrot í Bræðurna Ormsson:

# Braut rúðu og rændi flatskjá

**LÖGREGLA** Brotist var inn í verslunina Bræðurnir Ormsson í Síðumúla í fyrrinótt og stolið þaðan 260 þúsund króna flatskjá. Að sögn lögreglunnar var gagnstéttarhella notuð til að brjóta rúðu á versluninni og farið inn um gluggann.

Að sögn starfsmanns verslunarinnar eyðilögðust nokkur tæki við grjótkastið. Þá vakti það athygli starfsmanna að mörg mun dýrari tæki voru allt í kringum það sem tekið var en þau voru látin óhreyfð. Auk þess skildi þjófurinn eftir stjórnstöðina að stolna sjónvarpinu og því má segja að ránsfengurinn sé í raun að miklu leyti ónothæfur. **- sh**

Óhapp við Hvalfjarðargöngin:

# Ók á öryggisbita og losaði

**HVALFJÖRÐUR** Tveir flutningabílar með gröfur á pallinum óku upp í öryggisslá við sunnanverð Hvalfjarðargöngin um hádegisbilið á mánudag.

Annar bílanna, sem seinna kom, ók á þvílíku afli á öryggisbitann þannig að hann losnaði en datt ekki. Öryggisbitinn er tuttugu sentimetrar að þykkt og úr gegnheilu járni.

Fyrri bíllinn slapp naumlega í gegn og munaði þar millimetrum að sögn lögreglu. Síðari bíllinn var stoppaður inni í göngunum, þar sem honum var gert að lækka arm gröfunnar sem hann ferjaði. **- æþe**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Ferðalangur fundinn** Þýskur ferðamaður, sem lýst var eftir í sjónvarpsfréttum í fyrrakvöld, kom í leitirnar seinna um kvöldið. Fjölskylda mannsins hafði samband við lögreglu þar sem hann hafði misst af flugi og honum hafði láðst að láta nokkurn vita af sér þar sem hann var á ferð uppi á hálendinu.

**Hraðakstur við Blönduós** Fimmtán ökumenn voru teknir fyrir of hraðan akstur í umdæmi lögreglunnar á Blönduósi í gær. Þar af voru fjórir erlendir ferðamenn. Að sögn lögreglunnar þótti þeim sérlega hart að borga fimmtán þúsund krónur á staðnum og reyndu allir að malda í móinn. Lögregla benti þeim á að njóta landsins betur við hægari akstur.

## ÞINGEYJARSVEIT

**Rætt við Sigbjörn** Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar hefur gengið til viðræðna við Sigbjörn Gunnarsson, fyrrverandi alþingismann og sveitarstjóra í Mývatnssveit, vegna starfs sveitarstjóra Þingeyjarsveitar. Fimm sóttu um starfið en stefnt er að því að ganga frá ráðningu nú í vikunni.

# Búslóð var stolið í miðjum flutningum í Árbænum

**Sófaborð, stólar og tölva eru meðal þess sem stolið var úr búslóð Nóa Benediktssonar á meðan hann stóð í flutningum. Hann býður þeim sem skilar hlutunum fundarlaun. „Við erum ekki lengur þetta heiðarlega samfélag," segir hann. Lögreglan er með málið til rannsóknar.**

**ÞJÓFNAÐUR** Óskemmtileg sjón blasti við Nóa Benediktssyni bifvélavirkja þegar hann var að flytja úr íbúð sinni að Hraunbæ 166 á laugardaginn, en þá hafði hluta búslóðar hans verið stolið af stéttinni fyrir framan húsið. Vegna þess að bannað er að leggja við stéttina brugðu Nói og tengdasonur hans, sem var að hjálpa til við flutningana, á það ráð að geyma húsgögn og aðra hluti sem þeir voru að flytja úr íbúðinni á sjálfri stéttinni þangað til búið væri að tæma íbúðina. Fór það ekki betur en svo að margvíslegir munir höfðu verið hirtir þegar þeir komu til baka, meðal annars tveir stólar, sófaborð, forláta bókahilla og borðtölva.

„Við vorum þarna tveir, ég og tengdasonur minn að flytja. Við lögðum kassa og húsgögn snyrtilega við skiltið sem er þarna beint fyrir framan húsið, enda lá mikið á að klára að hreinsa íbúðina," segir Nói. „Um klukkutíma eftir að við byrjum kemur dóttir mín að hjálpa, og spyr hvort það hafi ekki verið tveir stólar með sófasettinu. Ég kanna málið og kemst að því að stólarnir eru horfnir ásamt öðrum hlutum."

Hann segist ekki hafa hugmynd um hverjir gætu hafa verið þarna að verki, en mögulegt sé að um misskilning hafi verið að ræða. Kannski hafi einhver verið þarna á ferð sem áttaði sig ekki á að þetta væri búslóð einhvers sem væri að flytja, og einfaldlega haldið að þetta væri ruslahaugur. Mjög ólíklegt sé að viðkomandi hafi verið á bíl þar sem hann hefði hiklaust tekið eftir því, segir Nói.

„Það virðist vera orðið þannig að maður verði að vakta dótið sitt í flutningum. Við erum ekki lengur þetta heiðarlega samfélag. Ég hef staðið í flutningum sennilega tuttugu sinnum á ævinni og þetta er í fyrsta skipti sem svona kemur fyrir. Ég trúði því bara ekki að þetta gæti gerst," segir hann.

Nói segist hafa talað við lögregluna og málið sé í rannsókn. „Ég er ekki með neina heimilistrygginguna þannig að tjónið er bæði fjárhagslegt og tilfinningalegt. Bókahilluna hafði ég átt síðan ég var fimm ára og sófaborðið átti ég ekki einu sinni. Svo var allt myndasafnið mitt inni á tölvunni sem var tekin. Það er alveg rosalega leiðinlegt að lenda í svona."

Hann segir fundarlaun í boði fyrir þann sem kemur hlutunum til hans aftur, enda sé þeirra sárt saknað. Þeir sem urðu varir við grunsamlegar mannaferðir á svæðinu um hádegi á laugardag eru beðnir um að hafa samband við lögregluna. **salvar@frettabladid.is**



**NÓI BENEDIKTSSON** Segir tjónið bæði fjárhagslegt og tilfinningalegt. Hann hefur enga hugmynd um hver eða hverjir gætu hafa verið að verki, en málið er í rannsókn hjá lögreglu.



**STÉTTIN ÞAR SEM BÚSLÓÐIN VAR GEYMD** Nói og tengdasonur hans ákváðu að geyma kassa og húsgögn úr íbúðinni tímabundið á stéttinni meðan beðið var eftir sendiferðabíl. Þeir hefðu betur sleppt því.

www.lyfja.is

LYFJA

- Lifið heil




ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS LYF 33471 06/2006

Vectavir

VIRKAR Á ÖLLUM STIGUM FRUNSUNNAR - ALDREI OF SEINT!

FÆST ÁN LYFSEÐILS

Vectavir krem er áhrifaríkt lyf til meðferðar á frunsum af völdum Herpes Simplex. Vectavir virkar á öllum stigum frunsunnar frá sting eða æðasláttar til blöðru. Í Vectavir er virka efnið penciklóvír sem stöðvar framgang veirunnar. Vectavir er ætlað fullorðnum og börnum eldri en 12 ára. Berið Vectavir á frunsusvæðið á 2 klst. fresti í 4 daga. Berið á rétt fyrir svefn og um leið og vaknað er. Dæmigert er að frunsa komi fram við ofreynslu, kvef eða inflúensu eða í mikilli sól (t.d. á skíðum). Ekki á að nota lyfið ef að áður hefur komið fram ofnæmi fyrir penciklóvír, famciklóvír eða öðrum innihaldsefnum. Með Vectavir grær frunsan hraðar, verkir minnka og smittími styttist. Vectavir kremið 2 g fæst án lyfseðils. Lesið vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Garðatorgi - Grindavík - Keflavík - Lágmúla - Laugavegi - Setbergi - Smáralind - Smáratorgi - Spönginni - Egilsstöðum - Höfn Fáskrúðsfirði - Seyðisfirði - Neskaupstað - Eskifirði - Reyðarfirði - Ísafirði - Bolungarvík - Patreksfirði - Borgarnesi - Grundarfirði Stykkishólmi - Búðardal - Húsavík - Kópaskeri - Raufarhöfn - Þórshöfn - Sauðárkróki - Blönduósi - Hvammstanga - Skagaströnd Selfossi - Laugarási

Flugumferðarstjórar segja hugtök fáránlega skilgreind í úrskurði félagsdóms:

# Dagurinn endurskilgreindur

**ATVINNUMÁL** Flugumferðarstjórar eru mjög óánægðir með nýlegan úrskurð félagsdóms, þar sem þeir segja að ný skilgreining orðsins dagur líti dagsins ljós.

Félag flugumferðarstjóra fór í mál við ríkið eftir að Flugumferðarstjórn breytti vaktaskipulagi starfsmanna Flugstjórnarmiðstöðvarinnar í Reykjavík án samráðs við starfsmenn og, að sögn félagsins, þvert á ákvæði í kjarasamningum sem sagði að vaktavinnustarfsmenn ættu rétt á tveimur samfelldum frídögum í hverri viku.

Félagsdómur komst að þeirri niðurstöðu að samfelldur frídagur gæti hafist hvenær sem er sólarhringsins, sem félagið segir aðra túlkun á hugtakinu en var við lýði þegar samningarnir voru gerðir.

„Þetta er fáránleg túlkun á hugtakinu," segir Loftur Jóhannsson, formaður Félags flugumferðarstjóra. „Þetta þýðir að tveir samfelldir frídagar geta verið hvaða 48 klukkutímar sem er. Ef þessir 48 tímar byrja til dæmis á hádegi á mánudegi og eru búnir á hádegi á miðvikudegi, þá fá menn bara einn dag í frí, sem er þriðjudagur. Þetta var auðvitað ekki hugsunin þegar samið var, heldur að menn fengju tvo heila almanaksdaga í frí, frá miðnætti til miðnættis."

Þess má geta að Íslensk orðabók skilgreinir hugtakið dagur annars vegar sem tímann frá sólarupprás til sólseturs og hins vegar svona: „Sólarhringur, almanaksdagur, (reiknaður frá miðnætti til miðnættis)." **- sh**



**FLUGUMFERÐARSTJÓRN** Flugumferðarstjórar vilja skilgreina daginn á annan hátt en yfirvöld.

# ÁVÖXTUN SJÓÐA KB BANKA

## SKULDABRÉFASJÓÐIR

| PENINGAMARKAÐSSJÓÐIR | Nafnávöxtun sl. 12 mán. |
|---|---|
| Peningamarkaðssjóður[1] | 10,3% |
| **ÍSLENSK SKULDABRÉF - SKAMMTÍMA** | |
| Hávaxtasjóður[1] | 10,0% |
| Skammtímasjóður[1] | 9,0% |
| **ÍSLENSK SKULDABRÉF - MEÐALLÖNG** | |
| Markbréf | 7,5% |
| Kjarabréf | 6,2% |
| Ríkisverðbréfasjóður - millilangur | 4,8% |
| **ÍSLENSK SKULDABRÉF - LÖNG** | |
| Ríkisverðbréfasjóður - langur | 3,4% |

## HLUTABRÉFASJÓÐIR

| ÍSLENSK HLUTABRÉF | Nafnávöxtun sl. 12 mán. |
|---|---|
| ICEQ | 33,8% |
| Einingabréf 9[1] | 32,9% |
| Úrvalsvísitölusjóður[2] | 32,8% |
| ÍS-15[1] | 32,5% |
| Icelandic Equity[3] | 31,7% |
| **BLÖNDUÐ VERÐBRÉF** | |
| KB Samval[1] | 35,2% |
| Eignastýringarsjóður[1] | 23,2% |
| **ALÞJÓÐLEG HLUTABRÉF - GLOBAL** | |
| KIF Global Sector | 48,8% |
| KB erlend hlutabréf[1] | 40,2% |
| KMS Global Styles | 35,3% |
| Kaupthing Fund - Global Value | 35,0% |
| KIF Global Equity | 34,5% |
| Kaupthing Fund - Global Equities | 29,2% |
| **ALÞJÓÐLEG HLUTABRÉF - MARKAÐIR** | |
| Kaupthing Fund - Nordic Growth | 78,6% |
| KMS Asia Pacific | 53,4% |
| KMS Emerging Market | 51,9% |
| KMS Europe | 45,2% |
| KMS N-America | 26,7% |

## LÍFEYRISSPARNAÐUR

| FRJÁLSI LÍFEYRISSJÓÐURINN | Nafnávöxtun sl. 12 mán. |
|---|---|
| Frjálsi 1 | 22,9% |
| Frjálsi 2 | 11,4% |
| Frjálsi 3 | 11,2% |
| **VISTA** | |
| Vista 1 | 36,7% |
| Vista 2 | 28,0% |
| Vista 3 | 20,2% |
| Vista 4 | 11,5% |
| Vista 5* | 13,4% |
| Vista, Erlend hlutabréf | 33,8% |
| Vista, Innlend hlutabréf | 31,6% |
| Vista, Innlend skuldabréf | 4,4% |
| **LÍFEYRISAUKI** | |
| Lífeyrisauki 1 | 37,4% |
| Lífeyrisauki 2 | 28,0% |
| Lífeyrisauki 3 | 19,7% |
| Lífeyrisauki 4 | 12,1% |
| Lífeyrisauki 5* | 13,3% |
| Lífeyrisauki, Erlend hlutabréf | 41,5% |
| Lífeyrisauki, Innlend hlutabréf | 30,2% |
| Lífeyrisauki, Innlend skuldabréf | 3,7% |

* verðtryggðir innlánsreikningar

[1] Fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Fjárfestingarsjóður telst vera áhættusamari fjárfesting en verðbréfasjóður. Meiri áhætta fjárfestingarsjóðs er fólgin í rýmri fjárfestingarheimildum sem geta m.a. leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóði.

[2] Vísitölusjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Þessir sjóðir endurspegla eignasamsetningu viðmiðunarvísitölu sinnar hverju sinni. Þar af leiðandi ætti ávöxtun þessara sjóða ávallt að vera mjög nærri breytingu viðmiðunarvísitölu þeirra.

[3] Iceland Equity er skráður í Lúxemborg og lýtur þarlendum lögum um sjóði og eftirlit yfirvalda. Sjóðurinn flokkast sem Part II sjóður og fjárfestingarheimildir eru svipaðar þeim heimildum sem fjárfestingarsjóðir hafa hérlendis. Útboðslýsingar má nálgast í höfuðstöðvum og útibúum KB banka.

Rekstur fjölmargra sjóða KB banka bar ríkulega ávöxtun síðastliðna 12 mánuði. Með fjölbreyttu úrvali verðbréfa- og lífeyrissjóða mætir bankinn þörfum viðskiptavina sinna, einstaklinga jafnt sem stærri fjárfesta, hvort sem þeir fjárfesta til lengri eða skemmri tíma.

Nafnávöxtun síðastliðna 12 mánuði m.v. 30.06. 2006.

*Upplýsingar um ávöxtun verðbréfasjóða er að finna á vefsíðu Lánstrausts, **www.sjodir.is**, sem er óháður aðili.*

**kbbanki.is**

*Nánari upplýsingar í síma 444 7000 eða í næsta útibúi KB banka.*

KB BANKI – kraftur til þín!



## VEISTU SVARIÐ?

1 *Hvað heitir forseti Grikklands, sem er í opinberri heimsókn hér á landi um þessar mundir?*

2 *Hvaða lið unnu Íslandsmeistarar FH í fyrstu umferð Meistaradeildar Evrópu í gær?*

3 *Hvað heitir nýjasti kærasti Mel B., fyrrverandi kryddpíu?*

SVÖRIN ERU Á BLS. 34

Vinstrimenn í Mexíkó um forsetakosningarnar:

# Segjast geta sýnt fram á svik

**MEXÍKÓ, AP** Vinstrimaðurinn Andrés López Obrador ásakar nú alríkisembættismenn og saksóknara og telur að jafnvel dómarar hafi tekið þátt í kosningasvikum gegn sér fyrr í mánuðinum. Hann sýndi fréttamönnum í gær myndbandsupptöku af manni í Guanajuatofylki, sem var að troða atkvæðaseðlum í kjörkassa í síðustu kosningum. Í tilkynningu frá yfirkjörstjórn landsins segir að myndbandið sýni kjörstjórnarmann setja atkvæði sem höfðu misfarist aftur á réttan stað og að myndbandið hafi verið „mistúlkað“.

Stuðningsmenn Obradors heimsækja nú sendiráð í Mexíkó og krefjast þess að ríkisstjórnir erlendra ríkja bjóði ekki Calderón, sigurvegara kosninganna, velkominn til starfa. Fyrst þurfi kosningarnar að fá meðferð fyrir dómstólum. Talsmaður Hvíta hússins í Washington sagði að Bandaríkin virtu hverja þá niðurstöðu sem dómstólar Mexíkó kæmust að, en George W. Bush hefur nú þegar óskað Calderón til hamingju með sigurinn.

Obrador sagði að skipulagðar mótmælaaðgerðir stuðningsmanna hans myndu halda áfram „ótímabundið“, eða þar til niðurstaða fáist. Hann segist þó ekki binda miklar vonir við að kjördómstólar láti undan kröfum hans um endurtalningu atkvæða. **- kóþ**



**OBRADOR BENDIR Á SKJÁINN** Sýndi fjölmiðlum upptöku af manni að færa atkvæðaseðla milli kjörkassa. NORDICPHOTOS/AFP

Besta afkoma í sögu Alcoa:

# Hagnast um 57 milljarða króna

**IÐNAÐUR** Hagnaður Alcoa nam 744 milljónum Bandaríkjadala eða sem nemur 57 milljörðum íslenskra króna á öðrum fjórðungi þessa árs. Þetta er besta afkoma í sögu fyrirtækisins, en hún er að mestu útskýrð með háu álverði og mikilli eftirspurn. Einnig hefur hagræðing verið aukin og tilkostnaður lækkaður, að sögn Alains Belda, stjórnarformanns Alcoa.

Alcoa er stærsti framleiðandi heims á súráli, hrááli og unnum álvörum. Fyrirtækið framleiðir málma sem notaðir eru í margs konar iðnaði, til dæmis við smíði samgöngutækja. **- sþs**

Bæjarstjóri í Fjallabyggð:

# Tíu vilja starf bæjarstjóra

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Tíu sóttu um stöðu bæjarstjóra í Fjallabyggð sem varð til við sameiningu Siglufjarðar og Ólafsfjarðar.

Umsækjendur eru Arinbjörn Kúld stjórnunarfræðingur, Guðmundur Rúnar Svavarsson framkvæmdastjóri, Jón Hrói Finnsson viðskiptaráðgjafi, Jón Ingi Sigvaldason ráðgjafi, Ólafur Jakobsson tæknifræðingur, Róbert T. Árnason ráðgjafi, Róbert Örvar Ferdinandsson kennari, Runólfur Birgisson bæjarstjóri, Þórir Hákonarson skrifstofustjóri og Þórir Kr. Þórisson deildarstjóri.

Þorsteinn Ásgeirsson, forseti bæjarstjórnar, gegnir starfi bæjarstjóra þar til ráðið verður. **- öhö**

## SVÍÞJÓÐ

**Dæmd fyrir lygar** Sænsk kona var dæmd í átta mánaða fangelsi fyrir að ljúga því að yfirvöldum að fyrrverandi kærasti sinn hefði nauðgað sér. Konan kærði manninn fimm sinnum eftir að þau hættu saman og var maðurinn tvisvar handtekinn vegna málsins.

## LEIÐRÉTTING

Á blaðsíðu 12 í Fréttablaðinu á mánudaginn birtist mynd af sólarsinnum með sólskinskort fyrir utan Veðurstofu Íslands. Kom þar fram að Hlynur Sigtryggsson, þáverandi veðurstofustjóri, hefði veitt kortinu viðtöku. Hið rétta er að Flosi Hrafn Sigurðsson, deildarstjóri á Veðurstofunni, tók við kortinu.

# Samkeppniseftirlitið ógilti samruna lyfjafyrirtækja

**Samkeppniseftirlitið ógilti samruna Lyfjavers og Lyf & heilsu. Lyfja og Lyf & heilsa hefðu náð 80 prósenta markaðshlutdeild við samrunann. DAC, systurfyrirtæki Lyf & heilsu, hefði náð yfirburðastöðu í skömmtun lyfja fyrir stofnanir. Framkvæmdastjórar keðjanna eru ósáttir við ásakanir um hugsanlegt samráð.**

**SAMKEPPNISMÁL** Samkeppniseftirlitið hefur ógilt samruna Lyfjavers og Lyf & heilsu á þeim grundvelli að hann hindri virka samkeppni. Samruninn leiði til yfirburðastöðu á markaði fyrir skömmtun lyfja handa stofnunum og að sú sameiginlega markaðsráðandi staða sem Lyf & heilsa deilir með Lyfju á markaði fyrir smásölu lyfja styrkist.

Fyrirtækið DAC keypti lyfsölufyrirtækið Lyfjaver í mars en þessi fyrirtæki annast innflutning lyfja, heildsölu og lyfjaskömmtun fyrir einstaka sjúklinga og sjúklinga á stofnunum. Auk þess rekur Lyfjaver apótek sem eru í samkeppni við apótek í eigu Lyf & heilsu, sem er í sömu fyrirtækjasamstæðu og DAC. Samruni Lyfjavers og DAC felur því einnig í sér samruna Lyfjavers og Lyf & heilsu samkvæmt skilningi samkeppnislaga.



**HJALTI SÖLVASON**





**LYF & HEILSA** Framkvæmdastjóri Lyf & heilsu segir að úrskurðurinn sé í skoðun og honum verði hugsanlega áfrýjað.

Í úrskurði Samkeppniseftirlitsins segir að skaðlegra áhrifa samrunans hefði aðallega gætt á markaði fyrir smásölu lyfja og á markaði fyrir skömmtun lyfja handa sjúklingum. Samruninn hefði leitt til þess að tvær lyfsölukeðjur, Lyf & heilsa annars vegar og Lyfja hins vegar, hefðu rúmlega fjóra fimmtu hluta allrar lyfjasmásölu í landinu eða áttatíu prósent. Sú markaðsráðandi staða gerði fyrirtækjunum kleift að samhæfa hegðun sína á markaðnum, án þess að þurfa að taka tillit til keppinauta eða neytenda.

Sigurbjörn Gunnarsson, framkvæmdastjóri Lyfju, er ekki sáttur við þessi ummæli Samkeppniseftirlitsins og segir enga samhæfingu í gangi milli Lyfju og Lyf & heilsu. „Þó að það séu ekki eins margir aðilar á markaðnum er vissulega samkeppni í gangi. Lyfjamarkaðurinn er ekkert öðruvísi en aðrir markaðir á landinu þar sem oft eru tveir til þrír stórir aðilar ráðandi.“

Hjalti Sölvason, framkvæmdastjóri Lyf & heilsu, sagðist ekki vilja tjá sig um málið að svo stöddu þar sem það væri verið að fara yfir málið og ákveða hvort og hver næstu skref fyrirtækisins yrðu. Aðspurður um orð Samkeppniseftirlitsins varðandi hugsanlega samhæfingu hegðunar lyfjakeðjanna sagðist hann ósáttur við svona yfirlýsingar sem ættu ekki við rök að styðjast.

Samkeppniseftirlitið metur einnig að samruni DAC og Lyfjavers hefði leitt til yfirburðastöðu DAC á markaði fyrir lyfjaskömmtun og hindrað samkeppni á honum. Aðeins eitt fyrirtæki er á þessum markaði auk DAC og Lyfjavers, en það er Lyfjalausnir, sem er í eigu Lyfju.

**sdg@frettabladid.is**


# Inlausn hlutafjár í Kögun hf.

**Hinn 18. apríl 2006 gerði Skoðun ehf., sem er 100% í eigu Dagsbrúnar hf., öllum öðrum hluthöfum í Kögun hf. yfirtökutilboð. Meirihluti hluthafa samþykkti tilboðið og á Skoðun ehf. nú rúm 99% alls hlutafjár í Kögun hf.**

Skoðun ehf. hefur, í samráði við stjórn Kögunar hf., ákveðið að krefjast innlausnar þeirra hluta sem útistandandi eru og framsals þeirra innan fjögurra vikna.

Tilgreint innlausnarverð er í samræmi við ofangreint yfirtökutilboð eða 75,0 kr. fyrir hverja krónu nafnverðs í Kögun hf., sbr. 1. mgr. 47. gr. laga um verðbréfaviðskipti.

Séu hlutir ekki framseldir innan fjögurra vikna mun Skoðun ehf. greiða andvirði hlutanna inn á geymslureikning á nafni viðkomandi hluthafa. Frá þeim tíma telst Skoðun ehf. réttur eigandi hlutanna og hlutabréf fyrrum hluthafa ógild, sbr. 2. mgr. 47. gr. laga um verðbréfaviðskipti.

Öllum hluthöfum verður sent framsalseyðublað til útfyllingar og undirritunar. Greiðsla reiðufjár á bankareikning þann er hluthafi tilgreinir fer fram í kjölfar þess að framsalseyðublað berst Straumi - Burðarási Fjárfestingabanka hf., b.t. Önnu Bjargar Kristinsdóttur, Borgartúni 25 (7. hæð), 105 Reykjavík, að því gefnu að framsalinu hafi verið skilað inn undirrituðu, vottuðu og að upplýsingar sem fram koma séu réttar og fullnægjandi.




**ÚR ÚLFARSÁRDAL UPP Í GRAFARHOLT** Í útboði borgarinnar voru parhúsalóðirnar 43 og einbýlishúsalóðirnar 40 auk fjölbýlishúsalóða. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hæstbjóðendur lóða við Úlfarsfelli:

# Níu hættu við

**LÓÐAMÁL** Hæstbjóðendur í fjórar parhúsalóðir og fimm einbýlishúsalóðir í Úlfarsfelli hafa fallið frá kaupunum. Reykjavíkurborg bauð lóðirnar út og námu allra hæstu tilboðin í þær allt að 21 milljón í einbýlin og 23 milljónum í parhúsalóðirnar.

Systir byggingarverktakans Benedikts Jósepssonar var ein af þeim sem hætti við kaupin. Hann bauð í upphafi hæst í allar einbýlishúsalóðirnar utan eina.

„Ég keypti lóðina sem ég mátti fá, en systur minni fannst lóðin hafa gengisfallið. Sérstaklega þegar dró nær kosningum þá var farið að láta liggja að því að úthluta ætti lóðum á kostnaðarverði sem er þá hentugra fyrir einstaklinga,“ segir Benedikt. Sjálfur ætlar hann að byggja sitt síðar. Húsið verði ekki hannað fyrr en á næsta ári.

Ágúst Jónsson, skrifstofustjóri hjá framkvæmdasviði Reykjavíkurborgar, segir hæstbjóðendurna ekki hafa verið krafða skýringa á því hvers vegna þeir hættu við kaupin. Þeir missi hins vegar tryggingarfé sitt upp á 250 þúsund krónur. Hann segir að lóðirnar níu verði ekki boðnar þeim sem næstir voru í röðinni: „Tilboðin giltu aðeins í tvo mánuði og eru runnin út.“

Ágúst segir að þó ekki hafi verið tekin formleg ákvörðun finnist sér líklegast að lóðunum níu verði úthlutað með lóðum seinni hluta hverfisins. **- gag**



Miklu ódýrari
símtöl
til útlanda

| | Síminn | Og Vodafone | Hive |
|---|---|---|---|
| Bretland | 19,90 | 19,90 | 4,90 |
| Bandaríkin | 19,90 | 19,90 | 4,90 |
| Danmörk | 19,90 | 19,90 | 4,90 |
| Finnland | 19,90 | 19,90 | 4,90 |
| Frakkland | 19,90 | 19,90 | 4,90 |
| Holland | 19,90 | 19,90 | 4,90 |
| Ítalía | 19,90 | 19,90 | 4,90 |
| Noregur | 19,90 | 19,90 | 4,90 |
| Pólland | 19,90 | 19,90 | 4,90 |
| Kína | 69,00 | 69,00 | 4,90 |
| Svíþjóð | 19,90 | 19,90 | 4,90 |
| Þýskaland | 19,90 | 19,90 | 4,90 |

Mínútuverð miðað við almenna verðskrá.
HiveHeimasími frá 990 kr. á mánuði
Nú getur þú fengið heimasíma hjá Hive. Þú getur talað eins oft og eins lengi og þú vilt í alla heimasíma innanlands. Þú borgar lægra mínútuverð í GSM, lægra mánaðargjald og frá aðeins 4.90 kr. á mínútu til útlanda. Það er ekkert mál að skipta og þú getur haldið símanúmerinu þínu. Þetta færðu allt ef þú ert með heimasíma og ADSL hjá Hive. Hefur þú frá miklu að segja?
Hive
Hive.is Grensásvegi 16, Reykjavík. Þjónustusími: 414 1616 hive@hive.is
JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA • Ljósm. Svenni Speight



**G8 MÓTMÆLT** Þessi stúlka stóð fyrir utan rússneskt hótel í gær og mótmælti G8 fundinum sem fram fer í Rússlandi í þessari viku. Hún og félagar hennar voru að draga athyglina að slæmum lífsskilyrðum indjána í Bandaríkjunum og vara við of nánum tengslum Rússlands við Bandaríkin. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tillaga að matsáætlun fyrir lagningu annars áfanga Sundabrautar:

# Tveir möguleikar Sundabrautar kynntir

**SKIPULAGSMÁL** Annar áfangi Sundabrautar hefur verið kynntur í tillögu að matsáætlun, sem fyrirtækið Línuhönnun hf. stóð að. Áfanginn mun vera 8 km langur vegur sem þverar Eiðsvík, Leiruvog og Kollafjörð og eru möguleikarnir tveir, ytri og innri leið. Vegurinn verður átta kílómetrar og talið er að lagning brautarinnar út í Geldinganes geti hafist árið 2008. Þar á samkvæmt skipulagi að rísa 8-10.000 íbúa byggð og verður fyrstu lóðunum úthlutað á þessu ári.

Samkvæmt skýrslu Línuhönnunar er Sundabraut talin nauðsynlegur hlekkur í stofnbrautakerfi höfuðborgarsvæðisins og forsenda fyrir uppbyggingu í Geldinganesi og Álfsnesi. Helstu atriði sem taka þurfi tillit til séu dýralíf, landslag, gróðurfar, fornleifar, vatnsvernd og hljóðmengun. Auk þess séu tvær eyjar á Kollafirði á náttúruminjaskrá auk Úlfarsár, Varmár, Blikastaðakróar og Leiruvogs og taka beri tillit til þess við lagningu brautarinnar.

Almenningi er gefinn kostur á að koma með athugasemdir varðandi framkvæmdina og gefst frestur til 19. júlí til að hafa samband við Línuhönnun vegna málsins. - sgj



**LEGA ANNARS ÁFANGA SUNDABRAUTAR** Rauðu línurnar tákna mögulega legu, og er sú efri ytri leiðin, en sú neðri innri.

Framkvæmdastýra UNICEF:

## Heimsækir Ísland í vikulok

**SAMEINUÐU ÞJÓÐIRNAR** Framkvæmdastýra Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna (UNICEF), Ann M. Veneman, kemur til Íslands á föstudaginn.



ANN M. VENEMAN

Fyrir tveimur árum hóf landsnefnd fyrir UNICEF á Íslandi störf og mun Veneman gera framtíðarsamning fyrir hönd UNICEF við landsnefndina. Samningurinn þýðir að landsnefndin muni starfa undir merkjum UNICEF, skuldbinda sig til að fylgja stöðlum samtakanna og afla fjár fyrir verkefni þeirra. Veneman mun skrifa undir samninginn á skrifstofu UNICEF á föstudaginn, en hún mun einnig eiga fund með Valgerði Sverrisdóttur utanríkisráðherra. - sgj

Árið 2007 verði ár jafnra tækifæra fyrir alla:

## Árið 2007 verði ár jafnra tækifæra

**JAFNRÉTTI** Evrópusambandið hefur ákveðið að árið 2007 eigi að hafa þema í þágu jafnra tækifæra fyrir alla. Samkvæmt heimasíðu sambandsins er markmiðið að vekja fólk til umhugsunar um rétt sinn til að njóta jafnra tækifæra og lífs án mismununar.



MAGNÚS STEFÁNSSON

Margrét María Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu, fagnar þessum tíðindum. Hún segist hafa orðið vör við mikin áhuga hjá félagsmálaráðuneytinu að taka þátt í þessu verkefni en ekki sé búið að ákveða með hvaða hætti það verður. Hvað Jafnréttisstofu varðar segir Margrét María að með samvinnu ólíkra hópa verði hægt að ná árangri. „Ég sé tækifæri þar sem ólíkir hópar geta unnið saman að sameiginlegu markmiði,“ segir Margrét María. „Það hefur vantað upp á að hópar vinni saman, til dæmis að öryrkjar og Jafnréttisstofa vinni saman að því að útrýma mismunun hvers konar í samfélaginu.“

Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra segir að þess sé að vænta bráðlega að ráðuneytið tilkynni til hvaða ráðstafana verði gripið hér á landi í tengslum við þetta verkefni. „Við höfum fullan hug á að taka með markvissum hætti þátt í verkefninu,“ segir félagsmálaráðherra. - æþe



**Á BLAÐAMANNAFUNDI Í AFGANISTAN** Hamid Karzai fylgist grannt með þegar Rumsfeld útskýrir málin. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Fór óvænt til Afganistans

**Donald Rumsfeld varaforseti Bandaríkjanna er sannfærður um að sigur muni vinnast á talibönum. Fíkniefnaframleiðsla hefur blómstrað í Afganistan þrátt fyrir tilraunir til að draga úr henni.**

**KABÚL, AP** Donald Rumsfeld, varaforseti Bandaríkjanna, brá sér í óvænta heimsókn til Afganistans í gær og hitti þar Hamid Karzai forseta að máli.

Á sameiginlegum blaðamannafundi þeirra sagðist Rumsfeld sannfærður um að sigur myndi vinnast á vopnuðum sveitum talibana í suðurhluta landsins þrátt fyrir mikla herflutninga yfir landamæri Afganistans og Pakistans.

Einnig sagði hann nauðsynlegt að Evrópuríki veittu Afgönum meiri aðstoð við að berjast gegn fíkniefnaframleiðslu í landinu, en þaðan flæðir heróín í stríðum straumum til Evrópu og Rússlands. Fíkniefnaframleiðsla hefur blómstrað í Afganistan þrátt fyrir tilraunir til að draga úr henni.

Rumsfeld fagnaði því sérstaklega að NATÓ-ríkin tækju að sér stærra hlutverk í Afganistan, sérstaklega til þess að berjast gegn liðsafla talibana í suðurhluta landsins. Á þessum sama blaðamannafundi sagði Karzai að lögreglulið landsins væri veikburða, sérstaklega meðfram landamærum Pakistans, og þess vegna hafi starfsemi herskárra hópa eflst.

Talibanar, sem fyrir innrás Bandaríkjanna árið 2001 höfðu náð nánast öllu landinu á sitt vald, hafa haft sig töluvert í frammi í suður- og austurhluta landsins síðustu mánuði, og virðast hafa haft stuðning bæði frá erlendum málaliðum og vopnuðum hópum á vegum ópíumframleiðenda. Undanfarinn mánuð hafa til dæmis sex Bretar farist í átökum við hina herskáu hópa.

Bresk stjórnvöld hafa af þeim sökum ákveðið að senda 900 hermenn til suðurhluta Afganistans í viðbót við 3.600 manna herlið sitt þar.

Margir Afganar, þar á meðal Karzai forseti, hafa sakað nágrannaríkið Pakistan og forseta þess, Pervez Musharraf, um að hafa gert lítið sem ekkert til að hindra vopnaða hópa í því að herja á Afganistan frá bækistöðvum sínum handan landamæranna í Pakistan. Musharraf segir þær ásakanir tóma vitleysu, Pakistan hafi þvert á móti sent 90 þúsund hermenn til landamæranna gagngert til þess að stöðva stuðningsmenn talibana þar. - gb




Tafir á borun við Kárahnjúka:

## Afhending á rafmagni tefst

**KÁRAHNJÚKAVIRKJUN** Borun vegna gangagerðar við Kárahnjúkavirkjun hefur miðað óvenju hægt undanfarnar vikur. Sprunga varð á leið eins af borunum þremur og þarf að steypa í hana áður en unnt er að bora lengra.

Landsvirkjun samdi um afhendingu fyrstu raforku til álvers Alcoa á Reyðarfirði þann 1. apríl á næsta ári. Það mun dragast, en fullnaðarafhending rafmagns er þó enn dagsett þann 1. október. Að sögn Þorsteins Hilmarssonar upplýsingafulltrúa er verkið þó hvorki á eftir áætlun, né yfir kostnaðaráætlun vegna tafanna. Nokkurra milljarða svigrúm hafi verið gefið vegna ófyrirséðs kostnaðar og hafa aðgerðir vegna misgengja og sprungna verið helstu ófyrirséðu framkvæmdirnar. - sgj



# GÆÐAPARKET

## Á VERÐI SEM SLÆR ÖLL MET

GÆÐAPARKET
**Eik** ★★★★★
2200 x 182 x 14 mm 4 mm

GÆÐAPARKET
**Hlynur** ★★★★★
2200 x 182 x 14 mm 4 mm




*Austurrískt gæðaparket*

***ALLT Á EINUM STAÐ***

- *Undirlag undir parket og flísar*
- *Parketlím og -listar*
- *Flísalím og fúga*
- *LITHOFIN flísabón ofl.*

**LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM**

***FLÍSAR verðdæmi***

| | |
|---|---|
| Hvítar glans veggflísar 15x15 cm | 685 kr/m² |
| Hvítar glans veggflísar 20x25 cm | 895 kr/m² |
| Gráar Marbella veggflísar 20x25 cm | 895 kr/m² |
| Brúnar Regina gólfflísar 33,3x33,3 cm | 996 kr/m² |
| Beige Slide gólfflísar 33,3x33,3 cm | 996 kr/m² |

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

# MÚRBÚÐIN

*Byggingavöruverslunin í Árbænum*

Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is



**REMBRANDT ÆFÐUR** Söngleikur um málarann fræga, Rembrandt, verður frumsýndur á morgun í Hollandi í tilefni þess að á laugardag eru 400 ár liðin frá fæðingu hans. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Mislæg gatnamót Suðurlands- og Vesturlandsvegar hefðu ekki komið í veg fyrir umferðartafir helgarinnar:

# Verstu umferðarhnútarnir óleysanlegir

**VEGAGERÐ** Mislæg gatnamót Suðurlandsvegar og Vesturlandsvegar hefðu mátt sín lítils gegn þeim umferðarþunga sem skapaðist á sunnudag þegar landsmenn flykktust heim úr fríum til að sjá úrslitaleik Frakka og Ítala á heimsmeistaramótinu í knattspyrnu. Þetta segir Jóhann Bergmann, deildarstjóri hjá Vegagerðinni.

Óslitin bílalestin á Suðurlandsvegi náði, þegar verst var, austur fyrir Selfoss og segir Jóhann að þótt mislægu gatnamótin komi til með að leysa oft og tíðum erfiðan umferðarhnút og greiða fyrir umferð inn í borgina þá sé nánast ómögulegt að sporna við tilvikum eins og sköpuðust á sunnudag.

Hafist var handa við gerð mislægu gatnamótanna í lok mars og á framkvæmdunum að vera lokið 1. nóvember. Verkið kostar fjögur hundruð milljónir.

Til viðbótar við mislægu gatnamótin er unnið að gerð undirganga á leiðinni út úr Mosfellsbæ en Jóhann segir það engin áhrif munu hafa á umferðarflæði. Þá sé í bígerð að breikka allan Suðurlandsveginn á sama hátt og gert var á Sandskeiði nýlega. Sú framkvæmd er á forhönnunarstigi og verður sennilega ekki lokið fyrr en eftir þrjú ár hið minnsta. - sh







**MISLÆGU GATNAMÓTIN** Mikil fjölgun hefur orðið á mislægum gatnamótum á höfuðborgarsvæðinu undanfarin ár. Hér sjást tölvugerðar myndir af gatnamótunum sem verið er að reisa á mótum Suðurlands- og Vesturlandsvegar.

Frjálsi fjárfestingarbankinn:

## Veitir íbúðalán aftur í ágúst

**ÍBÚÐALÁN** Eiríkur Óli Árnason, forstöðumaður hjá Frjálsa fjárfestingarbankanum, segir að bankinn taki ekki við umsóknum um íbúðalán í júlí til að það náist að vinna úr þeim umsóknum sem þegar hafi borist. Strax eftir verslunarmannahelgi verði aftur farið að taka við umsóknum.

„Það hefur verið gríðarleg útlánaaukning hjá okkur og við höfum aldrei lánað eins mikið og í maí og júní. En við erum ekki hættir að lána, alls ekki. Við hreinlega ráðum ekki við þetta,“ segir hann. - ghs

### KÚBA

**Engar breytingar í nánd** Raúl Kastró, litli bróðir Fídels, segir að kommúnistar muni sitja áfram að völdum eftir að Fídel fellur frá. Óvíst er þó að þjóðin sætti sig við áframhaldandi kommúnistastjórn með hann í forsæti.

365 og Góðu fólki stefnt vegna auglýsingar:

## Krefjast skaðabóta

**STEFNA** Ríkisútvarpið og auglýsingahönnuðurinn Sigurður Guðjón Sigurðsson hafa stefnt 365-ljósvakamiðlum og auglýsingastofunni Góðu fólki fyrir að nota auglýsingu sem Sigurður hannaði fyrir Ríkisútvarpið inni í auglýsingu fyrir Stöð 2. Krafist er 960 þúsund króna í skaðabætur fyrir Ríkisútvarpið og tveggja milljóna fyrir Sigurð.



**365-MIÐLAR** RÚV hefur kært helsta keppinautinn.

Í febrúar birti Ríkisútvarpið auglýsingu í Fréttablaðinu um tíu vinsælustu sjónvarpsþættina samkvæmt nýlegri könnun IMG. Yfirskriftin var „Fullt hús – Takk fyrir! 10 af 10 vinsælustu – allir í Sjónvarpinu.“

Degi síðar birtist auglýsing í Fréttablaðinu frá Stöð 2 þar sem auglýsing RÚV var notuð, hún skekkt og merkingar settar inn á hana þar sem sagði: „BÚIÐ. Það er ekki nóg að vera vinsæll í viku. 7 af 10 vinsælustu þáttum sjónvarpsins eru ekki lengur á dagskrá.“ Síðan var tekið fram í annarri auglýsingu að Stöð myndi sýna vinsælustu þætti sína áfram.

Notkun auglýsingarinnar í heimildarleysi er að mati stefnenda brot á höfundarrétti Ríkisútvarpsins og breytingar á henni brot á sæmdarrétti Sigurðar. - sh



**MAÐUR Í BYGGINGARVINNU** Kunningsskapur virðist vega þyngra en vinnumiðlun þegar ráðið er í störf.

# Sláandi áhrif atvinnuleysis

**Lokaverkefni Elínar Valgerðar Margrétardóttur í mannauðsstjórnun við Háskóla Íslands fjallaði um vinnumarkaðsúrræði fyrir atvinnulausa og hvort þau væru í samræmi við kröfur á vinnumarkaði.**

**ATVINNUMÁL** Sláandi er hversu fljótt atvinnuleysi hefur áhrif á fólk, að sögn Elínar Valgerðar Margrétardóttur sem hefur gert rannsókn á úrræðum á vinnumarkaði fyrir atvinnulausa. Í rannsókninni tók Elín viðtöl við einstaklinga sem höfðu verið án atvinnu í sex mánuði eða lengur og sóttu allir þjónustu Svæðisvinnumiðlunar höfuðborgarsvæðisins.



**ELÍN VALGERÐUR MARGRÉTARDÓTTIR**

„Sex mánuðir án atvinnu er skilgreint sem langtímaatvinnuleysi en það ætti að skilgreina eftir styttri tíma. Atvinnuleysi hefur fljótt áhrif á sjálfstraust fólks og eftir nokkurn tíma hætta þessir einstaklingar gjarnan markvissri atvinnuleit og eingangrast félagslega.“

Elín talaði einnig við einstaklinga á vinnumarkaði sem höfðu reynslu af starfsmannaráðningum. Þeir sem Elín talaði við sögðu kröfur vinnumarkaðarins hafa breyst mikið og að vinnumarkaðurinn krefðist mannlegra eiginleika sem ekki væri hægt að læra á námskeiði. „Þetta eru þættir eins og samskiptahæfni, áreiðanleiki, kurteisi, drifkraftur, sveigjanleiki og samvinna.“

Elín sagði að einn starfsmannastjórinn sem hún ræddi við hefði ekki leitað eftir starfskrafti hjá Vinnumiðlun og segir hún þetta hugsanlega endurspegla hið neikvæða viðhorf sem ríki til Vinnumiðlunar. „Út frá þessu má ætla að Svæðisvinnumiðlun Reykjavíkur þurfi að endurskilgreina hlutverk sitt og styðja við starfsfólk sitt til að það geti aðstoðað atvinnulaust fólk út á hinn fjölbreytta vinnumarkað.“

Elín segir að út frá rannsókninni megi draga þá ályktun að Vinnumiðlun sé ekki að skila tilætluðum árangri þegar kemur að því að útvega fólki störf, og að enginn viðmælenda hennar hefði fengið vinnu í gegnum Svæðisvinnumiðlun höfuðborgarsvæðisins og þekktu heldur engan sem höfðu fengið vinnu þar til framtíðar. „Þá töluðu margir um að kunningsskapur vegi þyngra en vinnumiðlun þegar ráðið er í störf.“ Elín segir Svæðisvinnumiðlun höfuðborgarsvæðisins vera með verkamannastörf og láglaunastörf á sinni könnu en sinni ekki háskólamenntuðum einstaklingum sem skyldi.

Elín segir marga viðmælendur hennar hafa kvartað yfir því að ráðgjafahlutverk Svæðisvinnumiðlunar væri ábótavant og að þar skorti mannlegan stuðning. Elín segir fulltrúa Vinnumálastofnunar hafa viðurkennt að ráðgjafahlutverki Svæðisvinnumiðlunar væri ekki nægjanlega vel sinnt.

Í maí var atvinnuleysi á höfuðborgarsvæðinu 1,2 prósent.

hugrun@frettabladid.is





XL alvöru brauð!
4 XL brauð 98 KR.
HEILT kíló!
10 frosnir hamborgarar 899 KR. 1 kíló
Góu þrenna: PRINS, ÆÐI, HRAUN
GÓU ÞRENNAN 399 KR. PRINS/HRAUN/ÆÐI
Hraun BITAR
MYLLUSNÚÐUR 59 KR.
MYLLAN
ALLTAF NÝ BAKAÐ
bonus.is
Sumar, sólskin -og gleði!
EKKERT BRUÐL
Chips Paprika
EUROSHOPPER SNAKK 98 KR. 200 GRÖMM
Prófaðu þetta!
BÓNUSÍDÝFA 175 ml 99 KR.
Kryddlegnar danskar kjúklingabringur
Gott á grillið
DANSKAR KRYDDLEGNAR 1998 kg KR. KJÚKLINGABRINGUR
1,5 LÍTRI TOPPUR 98 KR.
toppur Lime
1.5 lítri
Frábært pylsutilboð!
KAUP BÆTIR -með pylsupakka!
Senap • Mustard
BÓNUSPYLSUR 479 kg KR. 500g EUROSHOPPER SINNEP Í KAUPBÆTI MEÐ HVERJUM PAKKA!
Vínarpylsur
STEIKTUR LAUKUR 69 KR. 200g
Crisp fried onion
AMERÍSKAR RISAPITSUR
McCain PIZZA CRESCENDO
McCain risapitsa 399 KR. 770/820g
PEPPERONI
HAWAIIAN HAWAÏENNE
4 CHEESE 4 FROMAGES
risa pitsa 770-820g
KF SALAT 98 KR. 350g
Bónusfetinn
BÓNUSFETI 198 KR. 250g
BÓNUS FETA
FRAMLEITT ÁN STYRKJA
10 EGG í bakka
10 EGG 399 KR. VISTVÆN
Vistvæn brún egg
www.bonus.is
ERAN/Landsíst

## „ORÐRÉTT“

### *Byrja fyrr*

**„Stuðið byrjar svo seint hér í Reykjavík og því er þetta kjörnn vettvangur fyrir þá sem vilja byrja kvöldið aðeins fyrr og kynnast nýju fólki.“**

ZENO KEILHACHER OG JOSE RODRIGUEZ BJÓÐA UPP Á SKIPULAGT PÖBBARÖLT UM HELGAR Í REYKJAVÍK. FRÉTTABLAÐIÐ, 11. JÚLÍ.

### *Mikil ábyrgð*

**„Vandamálið er náttúrulega sú staðreynd að samfélaginu í heild sinni virðist þykja í lagi að fimmtán, sextán ára krakkar fari með leyfi foreldra hingað og þangað um landið og drekki áfengi í tvo til þrjá sólarhringa.“**

TÓMAS GUÐMUNDSSON, MARKAÐS- OG ATVINNUFULLTRÚI AKRANESKAUPSTAÐAR, SEGIR FORELDRA BERA MIKLA ÁBYRGÐ VARÐANDI UNGLINGADRYKKJU. MORGUNBLAÐIÐ, 11. JÚLÍ.

*nær og fjær*
# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA:** HÓLMFRÍÐUR ANNA BALDURSDÓTTIR UPPLÝSINGAFULLTRÚI UNICEF Á ÍSLANDI

## *Nýkomin heim frá Afríku og Asíu*



„Ég var bara að koma úr fríi og komin á fullt í vinnunni aftur,“ segir Hólmfríður Anna Baldursdóttir, upplýsingafulltrúi UNICEF á Íslandi. Hún er búin að vera erlendis í sex vikur og segist nú þurfa að vinna það sem eftir er, enda búin að taka út allt fríið fyrir þetta árið.

„Ég var í Taílandi, Kambódíu og Víetnam en þar á undan heimsótti ég verkefni UNICEF í Gíneu-Bissá,“ segir Hólmfríður Anna. Henni þótti mjög gaman að skoða verkefnið í Gíenu-Bissá sem landsnefnd UNICEF hér á landi hefur unnið mikið að. Þótt verkefni UNICEF snúi helst að börnum segir Hólmfríður Anna að það sé merkileg upplifun að fylgjast með því hvað til dæmis bygging skóla hefur mikil áhrif á allt þorpið. „Það er hægt að gera svo mikið fyrir litla peninga í landi eins og Gíneu-Bissá þar sem veruleikinn er einhvern veginn allt annar en við þekkjum hér á landi. Okkur var líka vel tekið og allir svo glaðir og ánægðir. Þetta var alveg ótrúleg upplifun og bara svo mikils virði að sjá brosið á litlu barni,“ segir Hólmfríður Anna.

Ferðalagið um Taíland, Kambódíu og Víetnam fór Hólmfríður Anna á eigin vegum og þótti henni athyglisvert að sjá hvað UNICEF er með víðtækt og áberandi starf í þeim heimshluta. „Sérstaklega í Kambódíu sá ég mikið af UNICEF-verkefnum. Það er mjög fátækt land þar sem eru mörg börn.“

Forvitnileg verkefni eru einnig framundan hjá UNICEF á Íslandi. „Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna á Íslandi undirbýr nú undirritun framtíðarsamnings við UNICEF og mun framkvæmdastjóri samtakanna, Ann M. Veneman, heimsækja landið af því tilefni. Samningurinn verður undirritaður á föstudaginn og alveg nóg að gera í kring um það,“ segir Hólmfríður Anna Baldursdóttir.



**RÁÐHERRA FÉKK EINTAK** Ragnar Bjarnason tónlistarmaður afhenti í gær Einari K. Guðfinnssyni sjávarútvegsráðherra eintak af nýjustu plötunni sinni. Á plötunni, sem nefnist Vel sjóaður, syngur Ragnar sjómannalög. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

GJAFIR ANAS
Fjarðargata 13-15 Hafnarfirði
565 7100

## Gengið um Hólavallagarð

Á morgun býður Borgarbókasafn Reykjavíkur til kvöldgöngu um gamla kirkjugarðinn við Suðurgötu. Skáldin og bókaverðirnir Einar Ólafsson og Jónína Óskarsdóttir leiða gönguna sem ber yfirskriftina ljóðin í garðinum.

Í Hólavallagarði hvíla mörg skáld og ætla Jónína og Einar að leiða gesti um garðinn og staldra við hjá nokkrum þessara skálda. Af þeim verða sagðar sögur og lesið úr verkum þeirra. Einnig verður farið að minningarreit um franska sjómenn og vökumaður garðsins heimsóttur svo eitthvað sé nefnt.

Lagt verður af stað frá Grófinni, á milli aðalsafns Borgarbókasafns og Listasafns Reykjavíkur klukkan 20. Óþarft er að skrá sig í gönguna og eru allir velkomnir. Hún er hluti af göngudagskrá menningarstofnana borgarinnar, Kvöldgöngur úr Kvosinni, sem farnar eru á hverjum fimmtudegi. Boðið er upp á göngurnar annað árið í röð en auk Borgarbókasafnsins eru það Listasafn Reykjavíkur, Ljósmyndasafn Reykjavíkur og Minjasafn Reykjavíkur sem standa að viðburðinum.

Næstu fimmtudaga verður meðal annars gengið á slóðir Skúla Magnússonar, útilistaverk borgarinnar skoðuð og litið á miðbæinn í myndum. Kvöldgöngum úr Kvosinni lýkur svo 17. ágúst þegar öll söfnin bjóða í óvissuferð.






**Á BÓLAKAFI Í BEÐINU** Að sögn Guðmundar Hreiðarssonar leiðbeinanda er gert meira í Vinnuskólanum en bara að reyta arfa því vinnan er brotin upp með fræðsludögum þar sem áhöldin fá að víkja fyrir listfræðslu eða annarri skemmtun. FRÉTTABLAÐIÐ/VILLI

# Reyta arfa í skini og skúrum

**Um gjörvallt land liggja ungmenni með nefið ofan í blómabeðum. Sumarið er tími vinnuskólans, þar sem ungt fólk lærir að munda garðáhöld, sláttuvélar og fleira í þeim dúr. Útivinnan er holl og góð þótt hverfult veðrið geti stundum sett strik í reikninginn.**

Í Fossvoginum sat hópur ungmenna í beði þegar blaðamann bar að. Var þar á ferðinni blandaður hópur nemenda í áttunda og tíunda bekk sem vann með verkfærum og fingrunum á þéttum arfabreiðum. Áttundu bekkingarnir vinna hálfan daginn í Vinnuskólanum en eldri krakkarnir vinna fullan sjö stunda vinnudag, alveg sama hvernig veðrið er.

„Veðrið var aðeins verra í morgun. Það er alls ekki svo slæmt núna,“ segir Bergur Gunnarsson, sem hreinsar arfa með sköfu. „Við reytum arfa og hreinsum stundum dauð tré,“ segir Davíð Steinn Sigurðarson, aðspurður um hvernig vinnudagurinn gangi fyrir sig. Þeir Bergur og Davíð eru í áttunda bekk og eru því í hóp sem vinnur fyrir hádegi þetta tímabil. Félagarnir eru báðir í Fossvogsskóla og segjast vinna í kringum skólann og í hverfinu en krakkarnir sem vinna með þeim í hópum eru langflestir líka úr hverfinu.

Þeir vilja ekki kannast við að það sé leiðinlegt að reyta arfa allan daginn. „Þegar maður er með vini sínum er þetta allt í lagi, sko,“ segir Bergur. Þeir viðurkenna að stundum sé freistandi að þykjast vinna til að geta talað meira saman en hópurinn sem þeir eru í sé almennt mjög duglegur. Stundum segjast þeir líka vera verðlaunaðir fyrir að standa sig vel. „Þá fáum við að fara fyrr í kaffi,“ bætir Davíð við.

Sólin hefur ekki látið mikið sjá sig í sumar og unglingavinnuhópurinn hefur tekið eftir því. Hrund Jóhannesdóttir hefur ekki svör við spurningu blaðamanns um hvað sé gert í vinnuskólanum þegar sólin skín. „Það er ekki búið að vera nein sól,“ segir hún en bætir þó við til útskýringar að hún hafi verið í Danmörku og misst af þessum örfáu dögum þegar sólin lét sjá sig. Bergur og Davíð segja að þeir mæti bara aðeins léttklæddari þegar veðrið er gott og fullyrða að það sé betra að vinna þegar veðrið er gott. Hrund segist helst vilja að veðrið myndi vera betra í sumar en segir þó að það sé alveg fínt að vinna í unglingavinnunni. Hún segist þó ekki reyta arfann í garðinum sínum eftir vinnu heldur lætur aðra sjá um það.

„Þau eru dugleg í dag, en veðrið er ekkert sérstaklega gott svo það er aðeins meiri leti í dag en aðra daga. Dugnaðurinn fer dálítið upp og niður því veðrið má ekki vera of gott heldur,“ segir Guðmundur Hreiðarsson sem leiðbeinir hópnum. Að sögn Guðmundar er leiðbeinandastarfið skemmtileg og kærkomin tilbreyting að komast út á sumrin eftir langan vetur yfir skólabókunum. Arfinn er þó ekki það eina sem hópurinn tekur sér fyrir hendur því tvisvar á hverju sumri eru haldnir svokallaðir fræðsludagar þar sem vinnan er brotin upp með ferðum. „Við vorum einmitt í gær í Listasafni Reykjavíkur, allan daginn að fræðast um list,“ segir Guðmundur Hreiðarsson.



**HEFUR EKKI SÉÐ TIL SÓLAR Í SUMAR** Hrund Jóhannesdóttir segir að ekki hafi sést til sólar á meðan hún hefur unnið en þó fylgir sögunni að hún er búin að vera í Danmörku í sumar.



**DAVÍÐ STEINN SIGURÐARSON OG BERGUR GUNNARSSON** Félagarnir kannast ekki við að það sé leiðinlegt að reyta arfa og leggja áherslu á að í góðum félagsskap sé unglingavinnan alls ekki slæm.

# Ætlar ekki að selja fánann

Verðmæti áritaðra fána Garðars Sævarssonar og Ólafs Arnar Helgasonar jókst til muna um helgina þegar Ítalir lögðu Frakka í úrslitum heimsmeistaramótsins í knattspyrnu. Fánar félaganna eru áritaðir af nokkrum af helstu stjörnum ítölsku heimsmeistaranna.

„Á meðan á vítaspyrnukeppninni stóð horfði ég eiginlega bara á fánann,“ segir Garðar, sem var búinn að koma honum fyrir upp á veggnum hjá sér. Hann velti fyrir sér á þessum spennuþrungnu augnablikum hvers virði fáninn yrði ef Ítalir myndu vinna bikarinn. „Ég sagði einmitt við pabba að ég myndi nú að minnsta kosti ramma fánann inn ef þeir myndu vinna þetta og núna verð ég að fara út í búð og kaupa einn ramma.“ Hann ætlar því ekki að selja fánann, jafnvel þótt hann sé viss um að hægt sé að selja hann fyrir einhverja peninga.

Garðar og Ólafur Örn fengu fánana hjá ítalska landsliðinu árið 2004. „Ítalirnir voru hérna hjá okkur á Sögu og gistu þegar þeir spiluðu landsleikinn við Íslendinga um árið. Þeir gáfu okkur þessa fána og ég bað nokkra af aðalstjörnunum þeirra um áritun.“ Þeir sem árituðu fánana voru leikmenn eins og Alessandro Nesta, Genarro Gattuso, Gianluigi Buffon og Luca Toni, ásamt þjálfara liðsins, Marcello Lippi. „Reyndar voru ekki nema sjö leikmenn sem árituðu fánann, enda voru svo margir pappakassar sem komu með liðinu á þessum tíma.“

Í úrslitaleiknum hélt Garðar vitaskuld með Ítölum þótt hann hafi reyndar ekki gert það alla keppnina. „Hjartað hefur alltaf slegið með Englendingum út af enska boltanum en Ítalir hafa alltaf verið skemmtilegir. Eftir að ég fékk fánann fór ég náttúrulega að halda aðeins meira með þeim.“ ■



**VERÐMÆTUR FÁNI ÁRITAÐUR AF ÍTALSKA LANDSLIÐINU** Garðari Sævarssyni og Ólafi Erni Helgasyni datt ekki í hug að þeir myndu eiga fána áritaðan af heimsmeisturunum í knattspyrnu þegar þeir sóttu eiginhandaráritanir hjá ítalska landsliðinu árið 2004. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



**LAGT Í SJÓINN** Nýfædd leðurskjaldbaka leggur hér af stað í Karíbahafið. Vísindamenn gleðjast mjög yfir því að skjaldbökustofninn á svæðinu sé í vexti. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**FRÁ SÝNINGU HEBRESKA HÁSKÓLANS** Þrettán hundruð bréfa Einsteins eru nú til rannsóknar hjá Hebreska háskólanum í Jerúsalem. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bréfasafn rannsakað:

## Einstein átti tíu ástkonur

Margt nýtt hefur komið í ljós varðandi einkalíf Alberts Einstein eftir að Hebreski háskólinn í Jerúsalem hófst handa við að rannsaka gríðarstórt bréfasafn hans, en Einstein var einn af stofnendum skólans.

Bréfin eru 1.300 talsins og voru skrifuð á árunum milli 1912 og 1955, en sett hafði verið sem skilyrði fyrir aðgangi að bréfasafninu að það yrði lokað almenningi í tuttugu ár eftir andlát Margot Einstein, stjúpdóttur nóbelsverðlaunahafans.

Einstein var tvígiftur en átti tíu ástkonur. Ein þeirra, hin þýska Ethel Michanowski, ofsótti hann og elti milli landa, samkvæmt umkvörtunum Einsteins í bréfi til stjúpdóttur sinnar. Það vekur ekki minnsta athygli hversu berorður Einstein er um framhjáhöld sín í bréfum til fjölskyldu sinnar, en samband hans við fyrstu eiginkonu sína hefur á stundum verið álitið „grimmilegt“. Hinar nýju uppgötvanir sýna áður óþekkta og mýkri hlið á Einstein og tók hann til að mynda mun virkari þátt í uppeldi barna sinna en áður var talið.

Á einum stað lýsir Einstein því dapurlega að brátt verði hann leiður á afstæðiskenningunni, jafnvel slíkt viðfangsefni gangi til þurrðar á endanum. - kóþ

allt
hús
Alla mánudaga

FLUGSTÖÐ LEIFS EIRÍKSSONAR



Gefðu þér tíma
í Flugstöð Leifs Eiríkssonar

**Ókeypis sætaferðir frá BSÍ kl. 4.30 í boði Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar**

**Góðir farþegar**
Við minnum á að framkvæmdir standa yfir í Flugstöð Leifs Eiríkssonar og hvetjum því farþega til að gefa sér góðan tíma fyrir flug.

**Innritun hefst kl. 5.00 eða 2 tímum fyrir brottför**
Tilboðið gildir til 31. ágúst 2006

**Njótið ferðarinnar, mætið tímanlega**

**Finnið rúturnar með okkar merki**
Farþegar eru vinsamlegast beðnir um að sýna farseðil

ferð til fjár!
Flugstöð Leifs Eiríkssonar

## Svona erum við

> Iðkendur íþróttagreina 2004




Heimild www.olympics.is

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** NAUTAHLAUPIÐ Í PAMPLONA

# *Þúsundir hætta lífi sínu fyrir spennu*

Á hverju ári koma þúsundir manns saman í spænsku borginni Pamplona til þess að taka þátt í nautahlaupinu sem þar fer fram. Þá er mannýgum nautum sleppt í borginni og látin hlaupa eftir fyrirfram girtri leið á meðan mannfjöldi hleypur undan þeim.



**Saga hátíðarinnar**
Nautahlaupið er aðeins einn dagskrárliða San Fermin hátíðarinnar, þó það sé sá langþekktasti og vinsælasti. Uppruna hátíðarinnar má rekja aftur til fimmtándu aldar, en í fyrstu var hún haldin til að fagna afmæli dýrlingsins Fermin. Þá fór hún fram í september og var ekki með nautahlaup á dagskránni, en með árunum sameinaðist hún öðrum hátíðum og varð að hátíðinni sem hún er dag.

**Nautahlaupið**
Í nautahlaupinu, eða „Encierro“ eins og það kallast á frummálinu, er nautum sleppt í borginni og þau látin hlaupa 825 metra langa leið sem hefur verið girt af. Þetta gerist á hverjum morgni hátíðarinnar klukkan átta, en stærsta hlaupið fer fram 7. júlí. Áður en nautunum er sleppt fara hlauparar með eins konar bæn við styttu dýrlingsins Fermin þar sem hann er beðinn um að leiða og blessa þátttakendur. Síðan er flugeldi skotið á loft, merki um að nautunum hafi verið sleppt. Hlaupinu lýkur við hringleikahús þar sem nautaat fer fram seinna um daginn.

**Ekki hættulaust**
Eins og gefur að skilja er nautahlaupið ekki hættulaust, en mannýgt naut getur gert hlaupara mikinn skaða nái það honum. Einnig troðast margir undir í mannþrönginni við að flýja frá nautunum. Frá árinu 1924 hafa fimmtán manns látist í hlaupinu og yfir tvö hundruð slasast alvarlega. Tveir menn liggja illa slasaðir á sjúkrahúsi eftir nautahlaupið í ár, en einn þeirra er lamaður að hluta til eftir að hafa orðið fyrir tarfi á fyrsta degi hlaupsins.

**SPURT OG SVARAÐ**
**SVINDLAÐ Á ERLENDU VINNUAFLI**

## *Svindl algengara en ekki*



ÞORBJÖRN GUÐMUNDSSON

Í nýlegum úrskurði félagsdóms kemur fram að fyrirtækjum sé skylt að tryggja erlendu starfsfólki sínu viðunandi laun. Félagsdómur tók fyrir mál nokkurra Litháa sem höfðu fengið tuttugu þúsund krónur í mánaðarlaun. Samiðn höfðaði málið fyrir þeirra hönd. Þorbjörn Guðmundsson er framkvæmdastjóri Samiðnar.

**Hversu algeng eru brot sem þessi?**
Ég held að þau séu miklu algengari heldur en að borguð séu rétt laun.

**Komast menn í miklum mæli upp með svona brot?**
Það hefur allavega verið í töluverðum mæli á nýbyggingamarkaðnum þótt ég hafi á tilfinningunni að það sé eitthvað að lagast.

**Hvert á fólk sem heldur að brotið sé á sér að leita?**
Fólk á að snúa sér til viðkomandi verkalýðsfélags, Alþýðusambandsins og til dæmis okkar í Samiðn, og menn eiga líka að leita til Vinnumálastofnunar.

# Nýr framhaldsskóli í mótun

**Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra skipaði í janúar síðastliðnum nefnd til að kanna hvernig efla mætti starfsnám til að stuðla að aukinni aðsókn að slíku námi og bæta tengsl starfsnáms á framhaldsskólastigi við grunnskóla- og háskólastig. Tillögur þessarar starfsnámsnefndar, eins og hún var nefnd, liggja nú fyrir og eru metnaðarfullar, jafnvel byltingarkenndar.**

Framhaldsskólinn á Íslandi er skiptur á milli bóknámsskóla og starfsnámsskóla. Þessi skipting kemur fram í lögum um framhaldsskóla og er arfur frá þeim tíma þegar greint var á milli menntaskóla annars vegar og iðnskóla hins vegar. Á fyrri hluta 20. aldar féllu iðnskólar ekki undir verkefnasvið menntamálaráðuneytis, heldur iðnaðarmála- eða atvinnumálaráðuneyta. Í nokkurn tíma hefur starfsnám átt undir högg að sækja gagnvart bóknámi í áfangakerfisskólum.



**NÝTT UPPHAF** Hefðbundnu bóknámi hefur lengi verið gert hátt undir höfði samanborið við iðn- og starfsnám. Fjölbreyttari námsleiðir munu gefa einstaklingnum aukin tækifæri til að leita náms eftir áhugasviði. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

**Einn skóli**
Starfsnámsnefnd leggur til að heildarskipulagi framhaldsskólans verði breytt þannig að um einn skóla sé að ræða hvað varðar skipulag og framkvæmd. Til þess að slíkt sé mögulegt verði hverjum og einum skóla veitt frelsi til að skipuleggja og bjóða nám í takt við þarfir og kröfur nemenda sem varða næsta skólastig. Þannig geti nemandinn búið sig sem best undir það nám sem tekur við. Þetta er eitt megin-markmið tillagnanna að námið sé miðað við það skólastig eða þá atvinnu sem nemandinn ætlar sér að stunda að loknu tilteknu skólastigi (viðtökumiðað nám).

Viðurkennt er að framhaldsskólar eiga í erfiðleikum með að sinna þörfum þess breiða nemendahóps sem þar stundar nám. Nemendur finna ekki nám við hæfi, sinna því af litlum áhuga eða hætta. Með því að jafna stöðu bóknáms og starfsnáms er talið að framhaldsskólinn skili ungmennum betur undirbúnum til framhaldsnáms. Viðtökumiðað nám, og þá um leið einstaklingsmiðað nám, er líklegra til árangurs vegna þess að með fjölbreyttara námsframboði er líklegra að nemendur finni nám við hæfi, ljúki skilgreindu námi og fleiri finni leið til að snúa til baka eftir að hafa hætt í skóla á einhverjum tímapunkti.



**TÓNLISTARNÁM** Ekki mun skipta máli í hverju styrkur nemenda felst. Allt nám verður metið á nýjan hátt sem veitir einstaklingnum tækifæri til að láta ljós sitt skína.

Námið í hinum nýja framhaldsskóla, eins og nefndarmenn kjósa að kalla hann, verður byggt upp af kjarna í íslensku, stærðfræði og ensku en allt nám þar fyrir utan verður metið jafnt til stúdentsprófs. Námið umfram kjarnafögin verður skipulagt í samstarfi framhaldsskóla og háskóla með tilliti til frekara náms eða með samstarfi framhaldsskóla og atvinnulífsins.



**JÓN B. STEFÁNSSON** Formaður nefndarinnar bindur miklar vonir við þær róttæku hugmyndir sem starfsnámsnefndin setur fram. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

**Tengsl skólastiga**
Nokkur hluti þeirra grunnskólanemenda sem hefja nám í framhaldsskóla er vanbúinn til þess og finnur ekki nám við hæfi. Til að bæta það telur nefndin að starfsnám verði eflt í efstu bekkjum grunnskóla til að koma til móts við mismunandi áhugasvið og þarfir nemenda. Einnig að náms- og starfsráðgjöf í grunnskólum verði aukin að mun til að leiðbeina einstaklingum um námsval í framhaldsskóla og starfsval þegar út í atvinnulífið er komið. Náms- og starfsráðgjöf verði einnig stórlega efld á öllum skólastigum.

Lykillinn að velgengni nýs framhaldsskóla er að mati nefndarinnar tengslin við þá sem taka við nemendum sem hann brautskráir. Tekið er til þess að tengslum háskóla og framhaldsskóla sé mjög ábótavant og tengsl við atvinnulífið og framhaldsskóla sé lengra komið með skipulagi starfsgreinaráða. Nýjum framhaldsskóla er ætlað að hafa frelsi og gert er ráð fyrir hraðri þróun viðtökumiðaðs náms. Því er lagt til að háskólar og framhaldsskólar taki upp formlegt samstarf. Hver framhaldsskóli hafi fullt frelsi til að þróa samstarf við þá háskóla sem hann kýs. Háskólar fái einnig tækifæri til að hafa áhrif á samsetningu náms í framhaldsskólunum með sambærilegum hætti og atvinnulífið hefur gert í gegnum starfsgreinaráðin með mótun starfsnáms.

**Fagháskóli**
Starfsnámsnefndin leggur til að framhaldsskólum verði heimilt að setja á stofn eins til þriggja ára nám á fagháskólastigi. Fagháskólastigið á að vera sjálfstætt skólastig í framhaldi af framhaldsskólanum og með áherslu á þarfir atvinnulífsins. Námið verði opið öllum nemendum sem ljúka framhaldsskóla að uppfylltum skilyrðum. Meistaranám iðngreina og annað nám sem nú þegar er á þessu skólastigi verður hluti fagháskólastigsins.

**Vinnustaðanám**
Lögð er mikil áhersla á að vinnustaðanám verði skilvirkara og hagnist nemendum betur en verið hefur til þessa. Hugmyndin er því að fyrirkomulagi slíks náms verði breytt á þann hátt að það sé hluti aðalnámskrár. Ráðnir verða umsjónaraðilar sem geti verið frá atvinnulífinu eða skóla eftir því sem best þykir henta. Viðkomandi skóli er gerður ábyrgur á því að nemendur fái umsjón frá upphafi náms í skóla til loka starfsnáms á vinnustað og valin verði sérstök vinnustaðafyrirtæki sem starfa með skólanum við að gera slíkt nám sem best úr garði. Einnig verði stofnaður sjóður með þátttöku atvinnulífs og stjórnvalda til að jafna kostnað milli þeirra fyrirtækja sem annast vinnustaðanám og þeirra sem kjósa að gera það ekki.

**Kostnaður og framkvæmd**
Tilfærslur milli námsleiða, aukin fjölbreytni og aukin sókn nýrra nemenda í starfsnám auk verulega aukinnar áherslu á starfs- og námsráðgjöf mun hafa aukinn kostnað í för með sér. Einnig mun tíðari endurskoðun námsskráa leiða til kostnaðarauka við námsefnisgerð. Mikil vinna er þó eftir í útfærslu tillagna nefndarinnar og því ekki unnt á þessum tímapunkti að tilgreina hversu mikill kostnaðurinn verður miðað við skólakerfið í núverandi mynd. Það mun þó koma fljótt í ljós ef jafn hratt verður gengið til verka og nefndin leggur til. Skilaboðin eru að gengið verði af krafti í heildarendurskipulagningu framhaldsskólans með viðeigandi lagabreytingum og komið í framkvæmd án tafar svo að hinn nýi framhaldsskóli taki til starfa sem fyrst.



FRÉTTASKÝRING
SVAVAR HÁVARÐSSON
svavar@frettabladid.is



omega CREATIVE BATHROOM-FURNATURE

# BAÐ INNRÉTTINGAR

## SUMAR TILBOÐ!





WLU 141 126x52 sm
Hvítt háglans - Svart háglans - Hnota
Verð stgr. KR. 76.900



WLU 06A 120x49 sm
Hvítt háglans
Verð stgr. KR. 56.900



WLU 151 115x48 sm
Hvítt háglans
Verð stgr. KR. 69.900



WLU 147 86x48 sm
Hvítt háglans - Eik - Hnota
Verð stgr. KR. 49.900



WLU 125 45x30 sm
Hvítt háglans - Eik
Verð stgr. KR. 26.900



WLU 126 50x40 sm
Hvítt háglans - Eik
Verð stgr.
KR. 28.900



KW-150 146x49 sm
Hvítt háglans - Eik
Verð stgr. KR. 72.900

INNRÉTTINGAR & TÆKI
www.i-t.is - fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

# skoðun

SJÓNARMIÐ
ÞORSTEINN PÁLSSON

Róttækar hugmyndir um nýjan framhaldsskóla:

## Jöfnuður og frelsi

Fá viðfangsefni eru mikilvægari nú um stundir en skólinn. Fjárfesting í menntun skilar ekki aðeins góðum arði heldur er hún forsenda framfara í landinu.

Skólamálin munu þannig ráða miklu um samkeppnisstöðu Íslands á komandi árum. Hagsæld þjóðarinnar mun enn fremur ráðast mjög af því á hvern veg menntamálin þróast í bráð og lengd.

Á þessu sviði hefur ýmislegt verið í deiglu. Í henni eru að mótast margir áhugaverðir hlutir. Nýr metnaður í háskólasamfélaginu er gott dæmi þar um. Að vísu er það svo að á sama tíma gætir einnig einhvers konar útvötnunarhugsunarháttar á því sviði.

Hitt skiptir ekki síður máli hvernig framhaldsskólarnir þróast. Þar liggur ekki einasta grundvöllurinn að æðra námi heldur einnig almenn starfsmenntun sem ekki hefur svo lítið að segja.

Nú hafa verið settar fram og birtar býsna róttækar hugmyndir um það sem sérstök nefnd menntamálaráðherra kallar nýjan framhaldsskóla. Gildi nýju hugmyndanna er ekki hvað síst í því fólgið að þar er tekið á hlutum sem lengi hafa verið fastir í viðjum vanans.

Þó að festa sé mikilvæg í skólastarfi mega viðjarnar ekki verða til þess að hefta framþróun. Aukið sjálfstæði framhaldsskólanna er því æskilegt. Það eykur líkurnar á að unnt verði að mæta fjölbreytilegri markmiðum en áður. Það er kall nýrra tíma.

Sú nefnd sem hér á hlut að máli fékk það verkefni í byrjun þessa árs að kanna hvernig auka mætti aðsókn að starfsnámi, einfalda skipulag, tryggja fjölbreytni og sveigjanleika í skólastarfinu. Sannarlega ærið verkefni.

Eftir aðeins hálft ár liggja fyrir tillögur og hugmyndir sem reyndar taka til alls framhaldsskólakerfisins, brjóta upp hluti og opna nýjar leiðir. Í raun og veru eru hér á ferðinni hugmyndir um nýjan framhaldsskóla. Það er réttnefni.

Svo er að sjá sem fersk og frjó hugsun liggi að baki þessari nýju skýrslu. Og framar öðru ber hún vott um röskleg vinnubrögð.

Ein af lykilhugmyndum nefndarinnar er að afnema aðgreiningu milli bóknáms og starfsnáms í framhaldsskólunum. Nýr framhaldsskóli verður þannig ein heild með fjölmörgum mismunandi námsleiðum.

Sameiginlegur kjarni verður nám í íslensku, stærðfræði og ensku. Á þeirri meginstoð verða skólarnir hins vegar æði frjálsir að því að skipuleggja og bjóða nám í samræmi við þarfir og óskir nemenda sem helgast geta af þörfum frekara náms eða kalli atvinnulífsins.

Ekki verður annað ráðið af þessum tillögum en að þær gætu leyst þann hnút sem umræðurnar um styttingu framhaldsskólanámsins hafa verið í. Skólarnir sýnast einfaldlega geta farið ólíkar leiðir í þeim efnum.

Það er góð hugsun að losa skólana með þessum hætti undan stífri miðstýringu. Ákveðin heildaryfirsýn er vitaskuld nauðsynleg varðandi skipulag framhaldsnáms. Eigi að síður er ljóst að skólarnir eiga að vera þekkingarlega og stjórnunarlega nægilega öflugir til þess að móta námið í ríkara mæli en verið hefur upp á eigin spýtur.

Almenn pólitísk umræða um menntastefnu hefur verið af skornum skammti þó að hún sé mikilvægasta viðfangsefni hverrar ríkisstjórnar. Hér er fengið gott efni til umræðna. Mestu máli skiptir þó að þær leiði til rösklegra og skynsamlegra ákvarðana. Það er verk að vinna.


BÖRN ERU LÍKA FÓLK
FORELDRASÍMINN 581 1799
1986-2006
VÍMULAUS ÆSKA
20 ára


## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ekki hætt

Jónína Bjartmarz umhverfisráðherra sækist nú eftir varaformannsembætti Framsóknarflokksins öðru sinni. Á útmánuðum 2001 gaf hún kost á sér í embættið en þá var flokksþing haldið á Hótel Sögu. Tveir aðrir voru í framboði, Guðni Ágústsson og Ólafur Örn Haraldsson. Guðni fór með sigur af hólmi og það með nokkrum yfirburðum, hlaut 63 prósent atkvæða en Jónína fékk um 30 prósent. Ólafur Örn rak lestina með fimm prósent atkvæða. Eftir að niðurstöðurnar lágu ljósar fyrir sagðist Jónína líta á úrslitin sem ákveðna traustsyfirlýsingu og bætti við að hún væri ekki hætt. Eru það orð að sönnu því nú, fimm árum síðar, er Jónína aftur komin í framboð til embættis varaformanns Framsóknarflokksins. Raunar var lengi talið að Jónína hefði hug á að verða formaður flokksins en hún styður Jón Sigurðsson til þess starfa.



### Upphafið?

Eins og gengur birtist löng grein í Morgunblaðinu eftir flokksþing Framsóknar 2001. Greint var frá niðurstöðum kosninga, þeim ályktunum sem samþykktar voru og rætt við Halldór Ásgrímsson formann sem var hinn hróðugasti eftir þingið og sagði það hið glæsilegasta síðan hann tók við formennsku. Björn Ingi Hrafnsson skrifaði greinina en hann var þá blaðamaður á Morgunblaðinu og skrifaði þar einkum um stjórnmál. Tæpu ári síðar var Björn Ingi orðinn starfsmaður Framsóknarflokksins og má vera að dvölin á flokksþinginu hafi haft þau áhrif á hann að hann langaði að slást í hóp framsóknarmanna.

### Aðdáun?

Andrés Magnússon blaðamaður skrifar um skrif Björns Bjarnasonar um skrif Ólafs Ragnars Grímssonar í pistli í Blaðinu í gær. Víkur sögunni að Flugstöðinni á Keflavíkurflugvelli sem Andrés kallar, einhverra hluta vegna, Flugstöð Eiríks Haukssonar. Andrés er kunnur af áhuga á tónlist og þykir hann vita sínu viti þegar kemur að sögu, stíl og stefnum í þeim efnum. Aðdáun hans á Eiríki Haukssyni hefur þó farið heldur lágt en læðist nú upp á yfirborðið.
Það er í það minnsta skýring heimildarmanna á þessari meinlausu og skemmtilegu hugsanavillu Andrésar. Mönnum ber þó ekki saman um hvort Drýsill eða Módel höfði betur til Andrésar.



bjorn@frettabladid.is

## Af náttúruvernd og orkufrekju

Í DAG
STÓRIÐJA



KOLBRÚN HALLDÓRSDÓTTIR ALÞINGISMAÐUR

*Það sem er athyglisvert við umræðuna núna er það hversu annt hörðustu stóriðjupostulum er allt í einu um náttúru Íslands og hversu mikla þörf þeir hafa fyrir að segjast bera hag hennar fyrir brjósti.*

Talsverð umræða hefur farið fram í fjölmiðlum upp á síðkastið um það sem ritstjóri Fréttablaðsins kallar í leiðara 7. júlí sl. „hagsmunaáreksturinn milli orkufreks iðnaðar og náttúruverndar“. Bæði stjórnarformaður Landsvirkjunar og varaformaður hafa verið virkir í þessari umfjöllun, sem og almennir stjórnarmenn úr röðum stjórnarandstöðuflokkanna, þau Álfheiður Ingadóttir og Helgi Hjörvar, að ógleymdum nýjum iðnaðarráðherra, sem nýverið geystist fram á sjónarsviðið með þær yfirlýsingar að stóriðjustefna ríkisstjórnarinnar heyrði sögunni til, henni hafi verið hætt 2003 þegar innleidd var samkeppni í framleiðslu og sölu raforku á Íslandi.

Ég er sammála Þorsteini Pálssyni, sem kemst að þeirri niðurstöðu í fyrrgreindum leiðara, að átökin milli náttúruverndar og stóriðjustefnu verði ekki leyst með „afturvirkri breytingu á hugtakanotkun“ og tel útspil hins nýja iðnaðarráðherra aumkunarvert. Á hinn bóginn tel ég langt í land með að átökunum milli þessara ólíku hagsmuna ljúki.

### Breytt viðhorf

Það sem er athyglisvert við umræðuna núna er það hversu annt hörðustu stóriðjupostulum er allt í einu um náttúru Íslands og hversu mikla þörf þeir hafa fyrir að segjast bera hag hennar fyrir brjósti. Fjöldi stjórnmálamanna, úr þeim flokkum sem við, Vinstri-græn, höfum kallað „stóriðjuflokkana“, kveður sér nú hljóðs til að lýsa yfir stuðningi við að friðlandið í Þjórsárverum verði stækkað, jafnvel að hætt verði við Skaftárveitu svo vernda megi svæðið umhverfis Langasjó. Í mínum huga eru þessi breyttu viðhorf fagnaðarefni og til marks um það að áralöng barátta náttúruverndarsinna sé nú loksins að skila einhverjum árangri. Þar tel ég baráttu okkar Vinstri-grænna vega mjög þungt og er stolt af því að hafa staðið í fararbroddi þeirrar baráttu sem háð hefur verið á Alþingi Íslendinga fyrir sjónarmiðum náttúruverndar.

### Tillöguflutningur VG

Í því sambandi má rifja upp málflutning okkar þingmanna VG, meðal annars tillögur um stækkun friðlandsins í Þjórsárverum, friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum, þjóðaratkvæðagreiðslu um Kárahnjúkavirkjun, þjóðaratkvæðagreiðslu um áframhaldandi uppbyggingu stóriðju og raunar stöðvun slíkrar uppbyggingar fram til 2012, forræði rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma verði fengið umhverfisráðherra, að ógleymdum tillögum um tafarlausa uppbyggingu Náttúruminjasafns Íslands. Raunar má bæta hér við efnismiklum tillögum um sjálfbæra atvinnustefnu, sjálfbæra orkustefnu og aðgerðir til að endurheimta efnahagslegan stöðugleika sem hefur verið ógnað með stóriðjuframkvæmdum, eins og alþjóð þekkir. Eftir að hafa talað fyrir daufum eyrum á Alþingi Íslendinga, verðum við nú vitni að því að kjósendur gera í auknum mæli kröfu á hina stjórnmálaflokkana að vakna til vitundar um umhverfismálin. Það er ánægjulegt að skynja breytt viðhorf forystumanna flokkanna, en um leið verður að gera kröfu um að þau séu trúverðug og risti nægilega djúpt til að vænta megi alvöru stefnubreytinga.

### Hver er hin raunverulega stefna?

Eða eru forystumenn ríkisstjórnarinnar uggandi vegna hinnar gríðarlegu ásóknar orkufyrirtækjanna í að fá að bora rannsóknarholur á öllum helstu háhitasvæðum landsins, hvort sem þau eru friðlýst eða ekki? Ekki hef ég merkt það, einungis áhyggjur af því með hvaða hætti skuli velja milli fyrirtækjanna þegar fleiri en einn umsækjandi eru um hvert svæði. Eða er Framsóknar-forystan eitthvað að linast í afstöðu sinni til Kýótó-bókunarinnar? Ekki hef ég heyrt á nýjum umhverfisráðherra að hún ætli að hverfa frá núverandi stefnu um frekari undanþágur frá losun gróðurhúsalofttegunda vegna stóriðju.

Og hvað eru stjórnarmenn Landsvirkjunar, sem þar sitja í skjóli ríkisstjórnarflokkanna, að hugsa? Ætla þeir að lýsa því formlega yfir að hætt verði við Norðlingaölduveitu? Eða að leynd verði létt af orkusölusamningum til stóriðju svo almenningur eigi aðgang að öllum upplýsingum um þetta fyrirtæki sem er í almannaeigu? Eða er stefnan sú að hlutafélagavæða Landsvirkjun og önnur opinber orkufyrirtæki, svo auðvelda megi sölu þeirra í nánustu framtíð? Já, stefnan í stóriðjumálunum helst nefnilega þétt í hendur við einkavæðingarstefnuna, sem ég hef ekki heyrt nýjan iðnaðarráðherra afneita, hvað sem síðar verður.

### Stóriðja og náttúruvernd fara ekki saman

Í mínum huga er það lykilatriði að snúið verði af braut stóriðjustefnunnar. Það verður einungis gert með uppbyggingu sjálfbærrar orku- og atvinnustefnu sem viðurkennir vægi umhverfis og náttúru í allri ákvarðanatöku. Samspil manns og náttúru er vandmeðfarið og það verður einungis tryggt með því að maðurinn láti af yfirgangi sínum gagnvart náttúrunni. Maðurinn er ekki herra jarðarinnar heldur þjónn hennar. Einungis með auknum skilningi á mikilvægi hinna ólíku vistkerfa jarðar og virðingu fyrir þeim náum við sannfærandi niðurstöðu í átökin milli náttúruverndar og orkufrekju. Um leið og merkja má skilning af þessu tagi hjá þeim sem samþykkt hafa stóriðjustefnuna hingað til, má vænta stefnubreytingar. Sá tími er því miður ekki kominn.


MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA
Sögurnar, tölurnar, fólkið.



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Björgvin Guðmundsson RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni.


Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.


issn 1670-3871

## ALLT HITT

**[ FERÐIR BÍLAR ]**

**Bryggjuhátíðin** á Stokkseyri verður haldin um helgina. Hátíðin hefst annað kvöld með tónleikum á Draugabarnum og alla helgina verður nóg um að vera fyrir þá sem leggja leið sína í bæinn.

**Ferðamenn** í Eyjafirði ættu að finna margt við sitt hæfi þessa dagana. Í gamla bænum í Laufási er til að mynda nóg um að vera og á fimmtudagskvöld verður kvöldvaka þar fyrir gesti og gangandi. Á sunnudaginn verða líka heyannir í Laufási en þá geta gestir fylgst með gömlum heyskaparháttum.



**Páfinn** í Róm fékk nýjan bíl á dögunum. Það var Volvo XC90 sem varð fyrir valinu. Forstjóri Volvo á Ítalíu afhenti páfanum lykla að nýja bílnum eftir messu á Péturstorginu í síðustu viku. Talsmenn Volvo sögðu það mikinn heiður að páfinn skyldi velja Volvo sem sinn einkabíl.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er miðvikudagurinn 12. júlí, 193. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 3.31 | 13.33 | 23.33 |
| Akureyri | 2.42 | 13.18 | 23.50 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Smáauglýsingasími
**550 5000**
Auglýsingasími Allt
**550 5880**
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is




Hrönn hefur ferðast um Asíu þvera og endilanga og meðal annars farið til Taílands, Víetnams, Indónesíu, Nepals, Kína, Myamar, Laos og Kambódíu.FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Froskakjöt er lostæti

***Hrönn Sturlaugsdóttir fer árlega til Taílands en heimsótti það fyrst fyrir átján árum í bakpokaferðalagi ásamt eiginmanni sínum og fimm ára dóttur.***

„Fólk skildi ekki fyrst hvað við værum að gera til Taílands, enda margir með fordóma gagnvart landinu," segir Hrönn sem fór síðast til Bangkok í mars á þessu ári með eiginmanninum, Jasoni Steinþórssyni, og þaðan til Myanmar.

Hrönn finnst sorglega lítið fjallað um menningu Taílands á Vesturlöndum. „Við förum talsvert í leikhús í Bangkok. Þótt leiksýningar fari fram á taílensku, kemst innihaldið til skila þar sem tjáningin er svo leikræn. Það auðveldar líka skilning að vera búinn að kynna sér um hvað leikritið fjallar."

Hrönn segir þau hjónin heimsækja listasöfn í Bangkok og finnst taílensk list nú undir meiri vestrænum áhrifum en áður. „Ég er líka á kafi í taílenskum og austrænum bókmenntum, enda mikill lestrahestur og með BA-próf í bókmenntafræði. Bókabúðir eru líf mitt og yndi og ég reyni alltaf að grafa eitthvað upp til að fara með til Íslands, enda finnst mér næstum því jafn gaman að lesa um framandi lönd og að ferðast til þeirra."

Að sögn Hrannar er taílensk matargerð síðan kafli út af fyrir sig. „Tom Jan súpan er þjóðarréttur Taílendinga. Henni mætti lýsa sem soði uppfullu af rækjum, en froskakjöt kemur líka til greina. Hún getur verið tær eða rjómakennd, eftir því hvort kókosmjólk er bætt út í. Phathai núðlur með fiskisósu, hnetum og vorlauk eru líka vinsælar."

Hrönn finnst maturinn, menningin og mannlífið gera Bangkok einstaka og hlakkar hún til að komast þangað aftur á næsta ári. Hún segir ferðalög innanlands verða að duga þangað til.

*roald@frettabladid.is*


MJÓLKURVÖRUR Í SÉRFLOKKI



***MS drykkjarvörur í ferðalagið***

*MS mjólkurdrykkirnir eru prótein- og kalkríkir og stútfullir af næringarefnum. Veldu þér ískaldan mjólkurdrykk í handhægum umbúðum í næstu verslun.*

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

**HAFÐU BÁÐAR HENDUR Á STÝRI**

**www.rs.is**



***Nú getur þú hringt og svarað símtölum með GPS tækinu!***

**Garmin nüvi 360**

Það er vit í Garmin nüvi sem ferðafélaga. Garmin nüvi er GPS leiðsögutæki með korti af allri Evrópu og stórum skjá, en fer vel í vasa. Tækið inniheldur m.a. MP3 spilara, ljósmyndarýni, reiknivél, gengisreikni, heimsklukku, orðabók, ferðahandbók og einingabreyti. Tækið er einnig með Bluetooth þannig að það nýtist sem handfrjáls búnaður við GSM í bílnum.

GARMIN Bluetooth VÉLASALAN radiomidun

R. SIGMUNDSSON

**Umboðsmenn** **Akureyri:** Haftækni · **Blönduós:** Krákur · **Egilsstaðir:** Bílanaust · **Grundarfjörður:** Mareind · **Ísafjörður:** Bensínstöðin **Reyðarfjörður:** Veiðiflugan **Selfoss:** Hársnyrtistofa Leifs **Vestmannaeyjar:** Geisli · **Reykjavík:** Arctic Trucks, Bílanaust, Elko, Everest, Gísli Jónsson, Hlað, Intersport, Stormur, Toyota aukahlutir, Útilíf, Vesturröst, Yamaha · **Fríhöfnin**

ÁNANAUSTUM 1 | 101 REYKJAVÍK | SÍMI 520 0000 | www.garmin.is


**Bílar geta heillað alla aldurshópa** Takið leikbílinn með í göngutúrinn og leyfið barninu að fá smá útrás.

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

Full búð af aukahlutum á bílinn þinn
lexusljós, angeleyes, neonljós, græjur, spoilerar, lækkunargormar, kraftsíur, racekútar, o.fl.
AG Mótorsport - Klettháls 9
110 Reykjavík - s. 587 5547
Verslun á netinu : www.agmotorsport.is

allt matur
Alla föstudaga

# Sárvantar sérmerkta slóða og svæði

***Þeim sem stunda motocross og enduro hefur fjölgað gríðarlega á síðustu árum. Mikið er að gerast í íþróttinni hér á landi en því miður er lítið um sérmerkt svæði og slóða til að stunda sportið.***

„Vélhjólaíþróttaklúbburinn er hagsmunasamtök fyrir þá sem keppa og ferðast á torfæruvélhjólum. Það er helst hægt að kalla þetta íþróttafélag en félagsmönnum hefur fjölgað gífurlega á síðustu árum. Í dag eru um sjö hundruð félagar á öllum aldri,“ segir Hrafnkell Sigtryggsson, formaður klúbbsins.

„Það hefur fjölgað mikið í þessari íþrótt og síðustu fimm árin höfum við tekið inn hátt í fjögur þúsund hjól. Það er mikill áhugi og nú erum við komin með gott svæði hjá Litlu kaffistofunni þannig að það hvetur mann af stað,“ segir Hrafnkell en hingað til hafa þeir sem hafa gaman af að þeysast um á motocross og enduro hjólum hafa ekki átt um marga staði að velja. „Það er stóra vandamálið. Flestir af okkar félagsmönnum eru í Reykjavík og við erum með tvö svæði á höfuðborgarsvæðinu. Annað er upp við Litlu kaffistofu sem er reyndar í landi Ölfuss. Það er nokkuð gott. Okkur var úthlutað því í fyrra en svæðið var eiginlega ekki opnað fyrr en í sumar og það er enn verið að byggja það upp. Inni á heimasíðunni okkar er hægt að finna mjög ítarlegt kort af svæðinu og við predikum fyrir mönnum að nota þetta svæði í staðinn fyrir að láta grípa sig utan slóða. Hitt svæðið er mjög erfitt en það er uppi í Ásnesi fyrir ofan Mosfellsbæ. Það er í raun og veru fúamýri og hefur nánast verið ófært í allt sumar vegna rigningar. Það þjónar tiltölulega litlum hluta af íþróttinni, helst keppnishlutanum.“


Hrafnkell keppir í enduro og hefur ekið um á mótorhjólum síðan hann var sextán ára.
FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

„Annars vegar verða að vera svæði á stöðum þar sem flestir eru og hins vegar skilgreiningar á ákveðnum slóðum á hálendinu þar sem hjólin mega vera. Þetta er ekki til en við hjá klúbbnum erum byrjuð að hafa samband við Umhverfisstofnun og umhverfisráðuneytið til að reyna að útfæra hugmyndir sem ganga út á svipaða hluti eins og hugmyndir reiðveganefndar hjá hestamönnum. Við viljum merkja og búa til slóða sem þessi hjól geta notað,“ segir Hrafnkell sem er alls ekki nógu sáttur við skort á svæðum. „Okkur finnst þetta rosalega einfalt – þetta snýst bara um skipulag. Ef menn eru að hjóla utan vega þá hlýtur það að vera út af því að þeir eiga ekki í önnur hús að venda. Ef svæðið í Ásnesi hefði ekki opnað þá værum við í raun og veru ekki með eitt einasta svæði í sumar.“

„Klúbburinn var stofnaður árið 1978 og höfum við fengið hátt í tuttugu svæðum úthlutað til skamms tíma á þessum tæplega þrjátíu árum. Þá höfum við farið af stað með jarðýtur og byggt braut og vonast til að halda svæðinu en þá kemur eitthvað upp á og við verðum að færa okkur,“ segir Hrafnkell en félagið fær lítinn styrk frá hinu opinbera. „Gjöldin af hjólunum og göllum sem fara í þjóðarbúið eru gríðarleg og nema um tveim til þremur milljörðum á síðustu fimm árum. Við höfum hins vegar fengið styrki upp á 2,2 milljónir á þessum tíma. Við höfum sem sagt þurft að borga hverja einustu krónu til að halda íþróttinni gangandi, svæði, jarðýtuvinnu og starfsmannalaun í fullu starfi. Þetta allt þurfa félagsmenn að borga.“

**Motocross er kappakstur þar sem ekin er stutt hringlaga keppnisbraut með manngerðum stökkpöllum og beygjum.**
**Enduro er eins konar þolaksturskeppni þar sem ekið er á mun stærra svæði í náttúrulegu landslagi, á vegum og á slóðum.**

Þrátt fyrir svæðisskort er nóg að gerast í motocrossi og enduro og er næsta keppni í Ásnesi á laugardaginn og hefst hún klukkan 10. „Það eru keppnir nánast á tveggja vikna fresti yfir sumarið. Það mæta um hundrað manns í hverja keppni en stærsta keppnin fer fram á Kirkjubæjarklaustri í maí. Þangað mæta um fjögur hundruð manns þannig að þetta er ein stærsta einstaklingskeppni sem haldin er á landinu.“

Hrafnkell keppir ekki mikið í motocrossi en er liðtækur í enduro-keppnum. „Ég hef verið á mótorhjólum síðan ég var sextán ára, en ég er fertugur í dag. Sonur minn er líka á kafi í þessu. Núna eru þessir gömlu komnir með krakkana á bólakaf í þetta líka,“ segir Hrafnkell og fer mikið af frítíma hans í íþróttina.

Hægt er að nálgast frekari upplýsingar um Vélhjólaíþróttaklúbbinn, VÍK, á heimasíðu þeirra, motorcross.is.

HLÍFÐU BÍLNUM

Eigum ávallt til á lager ljósahlífar, húddhlífar og gluggavindhlífar á eftirtaldar gerðir bíla:
Ford · Honda · Hyundai · Isuzu · Jeep · Kia · Land Rover
Mazda · Mitsubishi · Nissan · Peugeot · SsangYong · Subaru
Suzuki · Toyota · Volkswagen
ARCTIC TRUCKS
Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | Sími 540 4900 | arctictrucks.is
06-010 KC

## HVAÐ ER ... GPS?

# Hnattrænt staðsetningarkerfi

Allir sem hafa ferðast um fjöll og hálendi Íslands hafa heyrt talað um GPS-tæki og flestir hafa einhverja reynslu af notkun þeirra. Ef fréttir berast af óhöppum til fjalla spyrja leikmenn oft hvort slíkt tæki hafi þá ekki verið með í för. Þrátt fyrir að GPS-tæknin sé sniðug og gagnleg má ekki treysta blint á hana, því hún gefur ekki nema takmarkaðar upplýsingar.

GPS stendur fyrir Global Positioning System, eða hnattrænt staðsetningarkerfi. Í sem fæstum orðum má segja að kerfið geri þér kleift að staðsetja þig, með örfárra metra skekkjumörkum, á hnettinum. Allir aukamöguleikar kerfisins nota þær upplýsingar sem grunn. Kerfið samanstendur af 24 gervihnöttum sem eru á sporbaug um jörðu í 19.300 km hæð. Á hverri stundu ættu 6-7 hnettir að vera sýnilegir hvaðan sem er af jörðinni. Það ætti að vera yfirdrifið þar sem aðeins þarf þrjá til að fá nokkuð góða hugmynd um staðsetningu. GPS-tæki tekur við skilaboðum frá gervihnöttunum, reiknar út fjarlægð til þeirra og veit þannig hvar tækið er statt. Í raun svipar þessu til hnitakerfis, og eftir því sem tunglunum fjölgar, því nákvæmari verður mælingin. Niðurstöðunum er skilað í hnitum, til dæmis N 6333.221 W 01915.191. Dæmi um svipað kerfi eru reitir á taflborði sem heita til dæmis E7 eða D3. Með smá æfingu er fljótlegt að fletta staðsetningu upp á korti út frá hnitum.





GPS-tæki gefa upplýsingar um staðsetningu. Út frá þeim upplýsingum er hægt að skipuleggja næstu skref. Myndin er af handtæki en einnig eru til stærri tæki.

En það er ekki alltaf nóg að vita hvar maður er. Maður vill líka vita hvert maður ætlar að fara. Með því að festa staðsetningar í minni tækisins er hægt að búa til röð af punktum sem hægt er að fylgja, nánast blindandi. Einnig er hægt að mata tækið með þekktum hnitum og taka stefnuna beint á þann punkt. Þetta er ekki alveg hættulaust, því engar upplýsingar eða viðvaranir koma fram um gil, skurði, kletta, jökulsprungur eða aðrar hættur á leiðinni.

Til að auka öryggi og þægindi eru flest GPS-tæki í dag með innbyggðum kortagrunni. Það gildir þó það sama, engar viðvaranir eru gefnar um hættur, en ef notandinn kann að lesa á kort á hann að geta valið hentugri leiðir í mörgum tilvikum. Í dag eru kortagrunnarnir svo ríkulega hlaðnir upplýsingum að hægt er að fletta áfangastað upp í nafnalista og keyra svo eftir leiðbeiningum sem tækið reiknar út eftir vegakerfi á staðinn.

Í grunninn má því segja að GPS-tæki með kortagrunni sé bara landakort sem sýnir þér hvar þú ert hverju sinni. Fyrir ferðalanga þýðir þetta algjöra vissu um staðsetningu og öryggi þegar kemur að leiðarvali. Aldrei má þó gleyma að horfa fram á veginn. Hversu vel sem GPS-tæki eru búin, þá vita þau ekki hvaða hættur leynast bak við næstu beygju, undir snjó eða handan hóls.



Betri og breiðari hringveg frekar en nýja hálendisvegi, segir meirihluti þjóðarinnar.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Vilja betri hringveg

***Þrír fjórðu landsmanna vilja frekar endurbætur á hringveginum en nýjan Kjalveg.***

Í skoðanakönnun sem Gallup vann fyrir Leið ehf. dagana 27. apríl til 31. maí síðastliðinn kom fram að þrír af hverjum fjórum eða 75,9 prósent vilja fremur að fjármunum verði varið til endurbóta og breikkunar hringvegarins milli Eyjafjarðar- og höfuðborgarsvæðisins en gerð vegar um Kjöl.

Þá vildu tveir þriðju aðspurðra fremur að leiðin milli Eyjafjarðar- og höfuðborgarsvæðisins yrði stytt um þrettán km með nýjum vegi um það bil sjö km sunnan við Blönduós en að vegurinn liggi um Blönduós eins og nú er.

Loks sagði samtals 61 prósent aðspurðra myndu oft eða stundum nýta sér slíkan veg sunnan Blönduóss þótt greiða þyrfti 300 kr. í veggjald fyrir hverja ferð.

Úrtak könnunarinnar var 6.000 manns og þar af svöruðu 3.516.

*(www.fib.is)*

www.velaborg.is S: 414 8600

CASE CX 130 BELTAGRAFA







Eigum á lager Case CX 130 beltagröfu með eftirtöldum búnaði:

- Liðbóma (articulated)
- Heildarþyngd 13 tonn
- Eitt vökvahraðtengi
- 1200mm skófla, 800 lítra
- 600mm gúmmíbelti
- Isuzu turbo mótor, 69kw (94hö)
- 3.10m dipper
- Tvívirk fleyglögn
- Fallventlar á bómu
- 3.6 metra ýtublað
- Sjálfvirkt smurkerfi á legur og liði í bómu

Hafið samband við sölumenn okkar og fáið nánari upplýsingar

Vélaborg ehf.

Reykjavík • Krókhálsi 5F • 110 Reykjavík • Sími: 414 8600 • Fax: 414 8601 Akureyri • Njarðarnesi 2 • 603 Akureyri • Sími: 464 8600 • Fax: 464 8601

CITROËN

Berlingo Van 1,4 75 hö. 5 gíra*
Tilboð dagsins án vsk. 1.168.700 kr.
Fjármögnunarleiga: 20% útborgun, 60 mán.
Mánaðargreiðsla án vsk. 17.834 kr.
Rekstrarleiga 39 mán og 75.000 km. akstur.
Mánaðargreiðsla án vsk. 22.289 kr.



# Betri kjör á fjármögnun

Við erum sjálfselsk hjá Citroën. Þær tilfinningar sem fylgja því að hafa tekist að gera enn betur í dag en í gær gefur okkur þann drifkraft fyrirtækjaþjónusta Citroën stendur fyrir. Í það minnsta finnst okkur það.

**Enn meira fyrir enn minna**

Hagstæðari samningar við framleiðanda; enn betri kjör, enn betri þjónusta og sérútbúnir atvinnubílar fyrir íslensk fyrirtæki styrkir okkur í því að samvinna við aðra og stöðug hugmyndaleit borgar sig alltaf. Komdu í dag.

Samvinna við SP-Fjármögnun borgar sig. Nú getum við boðið betri kjör í þeirra nafni. Komdu endilega til okkar í Brimborg, Bíldshöfða 8 og skoðaðu hvað við getum boðið þér. Kynntu þér kosti og hagkvæmni samvinnu við okkur.

Citroën Berlingo

**Dæmi um tilboð sem við gátum ekki boðið í gær**

- Betri kjör á fjármögnun frá SP-Fjármögnun
- Hundrað þúsund krónur í beinan afslátt
- Fimmtán þúsund fleiri kílómetrar veljir þú rekstrarleigu
- Mun betri kjör á fjármögnunarleigu
- Mun betri kjör á rekstrarleigu
- Aðeins tuttugu prósent útborgun veljir þú fjármögnunarleigu
- Betri þjónustu í dag en í gær

SP-FJÁRMÖGNUN HF.

*SP-Fjármögnun býður í enn betri fjármögnun á Citroën Berlingo*

**Dæmi um staðalbúnað í Citroën:**

- Meiri burðargeta: 800 kg
- Hliðarhurðir beggja vegna með lokunarvörn
- 180 gráðu opnun á afturhurðum
- Topplúga fyrir lengri hluti
- Hiti í sætum
- Geislaspilari með útvarpi og fjarstýringu við stýri
- Rafdrifnar rúður
- Fjarstýrð samlæsing
- Fellanlegt framsæti farþega með borði og geymsluhólfi

Berlingo Van 2,0 HDi 90 hö. 5 gíra*
Tilboð dagsins án vsk.1.317.300 kr.
Fjármögnunarleiga: 20% útborgun, 60 mán.
Mánaðargreiðsla án vsk. 20.163 kr.
Rekstrarleiga 39 mán og 75.000 km. akstur.
Mánaðargreiðsla án vsk. 24.997 kr.



**Þetta tilboð gildir meðan birgðir endast.**

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.citroen.is

# Enn meira fyrir enn minna



Sífellt fleiri Íslendingar velja Citroën. Sérstök hönnun, framúrskarandi tækni og mikil eftirspurn á endursölumarkaði tryggja gæði og hagkvæmni Citroën. Skoðaðu súlumyndina hér til hægri og þú sérð að fleiri og fleiri Íslendingar velja Citroën.





brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.citroen.is

* Öll verð í auglýsingunni eru án virðisaukaskatts. Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er fjármögnunarleiga með 20% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 60 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 75.000 km akstur á tímabilinu. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL


**Prófið** að vera túristar í eigin landi. Heimsækið söfn sem þið hafið aldrei gefið ykkur tíma til að skoða og prófið eitthvert skemmtilegt kaffihús.

## Byggja brú til brottfluttra

BRYGGJUHÁTÍÐ Á STOKKSEYRI ER MEÐAL STÓRVIÐBURÐA NÆSTU HELGAR.


Björn Ingi Bjarnason stjórnar dagskrá og Árni Johnsen bíður með gítarinn tilbúinn.

Mikið verður um dýrðir á Bryggjuhátíðinni á Stokkseyri sem líka hefur undirtitilinn Brú til brottfluttra. Það er raunar lýsandi fyrir allar bæjarhátíðir landsins. Þær laða til sín þá sem eitt sinn bjuggu á staðnum og mynda því brýr milli vina. Bryggjuhátíðin á Stokkseyri á sér þriggja ára sögu. Hún hefst annað kvöld með hljómsveitatónleikum á Draugabarnum og svo heldur fjörið áfram á föstudagskvöld með fjölskylduhátíð á Stokkseyrarbryggju þar sem bryggjusöngur Árna Johnsen er fastur liður. Þar opnar hann líka nýtt tónlistarsvið. Margháttuð skemmtiatriði taka síðan við. Til dæmis flytur Bítlavinafélag Suðurlands úrval Bítlalaga úr söngleiknum Let it be og Björn Thoroddsen sýnir listflug hlaðið reyk. Síðan leikur hljómsveitin Karma á Draugabarnum. Ódýrt er í sund og opið á söfnum og hjá listamönnum á laugardeginum auk þess sem Töfragarðurinn er með ýmislegt í boði. Meðal dagskráratriða þann dag er líka kappróður, listsýningar og sandkastalakeppni. Hera syngur á Draugabarnum klukkan tíu um kvöldið og trúbadorinn Ingvar í tjaldinu Við fjöruborðið. Á sunnudag verður meðal annars hópreið hestamanna um Stokkseyri og hestasýning á eftir við gervigrasvöllinn. Auk margra menningarviðburða á Stokkseyri verður kaffihlaðborð opnað kl. 14 á laugardag.








# Mílanó er margslungin

***Mílanó hefur upp á allt að bjóða fyrir ferðamenn. Hún er áhugaverð heim að sækja, þar er góður matur og skemmtilegt að versla.***

Mílanó er höfuðborg Langbarðalands sem er strjálbýlasta hérað Ítalíu en jafnframt það hérað sem er lengst þróað fjárhagslega. Íbúar Mílanó eru 1,3 milljónir en þá eru ekki taldir með allir þeir sem á síðustu árum hafa flust í úthverfi borgarinnar og sækja vinnu og þjónustu til Mílanó.


Duomo og dómkirkjutorgið er iðandi af mannlífi. Út frá torginu liggja helstu verslunargötur Mílanó.

**Staðsetningin**

Staðsetning Mílanó í norðurhluta landsins leiðir til þess að hún verður miðstöð og tengiborg fyrir Ítalíu, hvort sem er í viðskiptalegu tilliti eða þegar litið er til ferðamannastraums. Frá Mílanó liggja leiðir í allar áttir. Stutt er að fara upp til Alpine-vatnasvæðanna; til Maggiore og Como og örlítið lengra er að fara upp að Garda-vatninu. En fyrir þá sem vilja ferðast suður á bóginn, til Flórens og Toscana, jafnvel enn lengar suður, allt til Rómar eða niður á Amalfi-ströndina þá er einfalt að finna réttu lestina og leggja af stað. Sem dæmi má nefna að ferð frá Mílanó til Rómar með Eurostar-hraðlestinni tekur fjóra og hálfan tíma.

**Yfirbragðið**

Þótt Mílanó sé stórborg er hún samt sem áður tiltölulega lítil miðað við aðrar slíkar. Borgin er byggð í hring og skiptist upp í hverfi eins og klukkan þar sem hin einstaka dómkirkja, Duomo, er miðjan á skífunni. Það er hins vegar gömul klisja að Mílanó sé óspennandi iðnaðarborg og jafnist ekki á við aðrar borgir á Ítalíu. Staðreyndin er sú að hún á sér mikla og merkilega sögu og ríkulega menningu.

Þrátt fyrir að gamla borgin beri ekki með sér jafn sterk einkenni í arkitektúr og yfirbragði og t.d. Flórens og Róm, þá er hún sennilega fjölbreyttari í útliti en aðrar borgir. Söfn og gallerí eru með þeim fínustu á landinu og margir af leiðandi aðilum á sviði lista, hönnunar, viðskipta og stjórnmála tengjast borginni á einn eða annan hátt.

Meginástæða þess hve yfirbragð Mílanó er ólíkt öðrum borgum er að í seinni heimsstyrjöldinni varð borgin fyrir miklum sprengjuárásum sem hjuggu stór skörð í borgina. Auð svæði mynduðust sem síðar var fyllt upp í með byggingum í nútímalegum stíl.

**Frægu staðirnir**

Fyrir utan ótal merkilega og áhugaverða staði í Mílanó sem væri hægt að telja upp þá er heimsókn í Duomo sennilega efst á blaði. Ganga síðan um miðborgina, að Scala-leikhúsinu, niður að Sforzesco-kastalanum, setjast þar á bekk í risastórum kastalagarðinum og virða fyrir sér mannlífið. Þá væri ekki vitlaust að hafa pantað sér tíma til að heimsækja Santa Maria delle Grazie og virða fyrir sér hið einstaka verk Leonardos da Vinci, Síðasta kvöldmáltíðin, svo eitthvað sé nefnt.

**Maturinn**

Fyrir utan þetta er hægt að gera vel við sig í mat og drykk í Mílanó eins og annars staðar á Ítalíu. Mörgum stöðum væri hægt að mæla með en hér má nefna Joia á Via P. Castaldi 18. Um er að ræða Michelin-stað þar sem grænmeti er í fyrirrúmi, gæðin ofar öllu og gætt að fagurfræðinni. Íslensk stúlka vinnur sem kokkur á Joia. Þeim sem vilja skyndibita niðri í miðbæ er bent á Luini Panzerotti á Via S. Radegonda, lítilli hliðargötu út frá Duomo. Fyllt brauð og heitt, Bæjarins bestu þeirra Mílanóbúa. Emporio Armani Café er fallegur staður þar sem léttur og lífrænn matur er borinn fram og heimalögðu crostini-in þeirra eru þau bestu þótt víðar væri leitað. Þeir sem leita að skemmtilegum bar til að setjast inn á ættu að kíkja á barinn á Nobu-veitingastaðnum. Hann er á Via Manzoni.

**Verslanirnar**

Fáar borgir eru jafn miklar tískuborgir og Mílanó. Þar má fá flest það sem hugurinn girnist. Öll hugsanleg merki; frá Gucci og Prada til HM og Zöru. Það er gaman að versla í Mílanó. Helstu verslunargötur og staðir liggja út frá Duomo fyrir utan Corso Buenos Aires sem er aðeins lengra frá, en hún er ein af aðalgötum og tengileiðum borgarinnar. Frægustu göturnar, með öllum helstu búðunum, eru Galleria Vittorio Emanuele II sem jafnframt er einn af fallegri verslunarstöðum í heiminum, og Corso Vittorio Emanuele II. Einnig verður ekki hjá því komist að nefna Via Monte Napoleone og Via Della Spiga, þar sem allir frægustu hönnuðurnir eru með verslanir.

**Næturlífið**

Kvöld- og næturstemning er mikil við Naviglio Grande en þar er iðandi mannlíf og veitingastaðir og barir opnir langt fram eftir meðfram sýkjunum í anda Amsterdam. Hér má nefna stað sem býður góðan mat, Luca Andrea Café-Bar á Alzaia Naviglio Grande 34.

**Markaðir**

Á sama stað, Naviglio Grande, er síðasta sunnudag í hverjum mánuði haldinn risastór úti antíkmarkaður sem dregur að sér fólk alls staðar að.

**Fegurðin**

Fegurð borgarinnar leynist víða og ferðamenn komast ekki hjá því að horfa á stórfenglegar og íburðarmiklar byggingar. Hins vegar má ekki gleyma því að í fáum borgum er sennilega jafn fallegt og skemmtilegt að horfa niður fyrir sig og í Mílanó þar sem gólf og gangstéttar eru iðulega fallega skreyttar.

*Halla Bára Gestsdóttirr*






Eyðibyggðin að Skálum á Langanesi verður heimsótt á sunnudag.

## Eitthvað fyrir alla, konur, krakka og karla

KÁTIR DAGAR VERÐA Á ÞÓRSHÖFN Á LANGANESI UM HELGINA.

Fjölmargt verður til skemmtunar á Kátum dögum á Þórshöfn á Langanesi. Ef litið er yfir dagskrána síðdegis á föstudag kemur í ljós kassabílarallí, kvöldvaka fyrir börn og skemmtikvöld hagyrðinga, ásamt dansleik með hljómsveitinni Legó. Á laugardag verður meðal margs annars Íslandsmót í fótbolta, dorgveiðikeppni, fjölskylduratleikur, atriðið úr Ávaxtakörfunni og stórhljómsveitin Papar á dansleik um kvöldið. Á sunnudag verður haldið út að Skálum á Langanesi og síðan verður aflraunakeppni bæði kvenna og karla.

# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Miðvikudagur 12. júlí 2006 – 26. tölublað – 2. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 Vísir



MAXWELL HOUSE

Gott til síðasta dropa


**AEM í Lundúnum**
Sogar til sín gullgrafara



6



**Leigubílar**
Höftunum hleypt af markaðnum

8-9

**Kínverskt rannsóknarfar**
Sendir tónlist úr geimnum



14



**JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON, FORSTJÓRI BAUGS** Baugur hyggur á auknar fjárfestingar í Bandaríkjunum.

## Auka umsvif vestanhafs

Baugur hyggst auka umsvif sín á Bandaríkjamarkaði eftir því sem fram kemur í viðtali við Jón Ásgeir Jóhannesson í Wall Street Journal í gær. Baugur hefur, samkvæmt heimildum Markaðarins, þegar keypt hluti í bandaríska lággjaldaflugfélaginu JetBlue.

Í greininni er tæpt á Baugsmálinu og haft eftir Jóni Ásgeiri að það sé fyrst og fremst af pólitískum toga og stafi af langvarandi erjum milli forsvarsmanna Baugs og Davíðs Oddssonar, seðlabankastjóra og fyrrum forsætisráðherra. Blaðið hefur eftir Davíð Oddssyni að hann beri ekki kala til Baugsmanna, þótt honum þyki einstaka kaupsýslumenn, og þar á meðal Jón Ásgeir, hafa of mikil völd á Íslandi. **- hhs**

## Milljarðatap í Straumi

Frá kaupum FL Group á 24,2 prósenta hlut í Straumi-Burðarási hefur markaðsvirði Straums fallið um þrjátíu milljarða króna. FL Group borgaði fyrir þennan fjórðungshlut Kristins Björnssonar og Magnúsar Kristinssonar á genginu 18,9 en um hádegisbil í gær kostaði hluturinn 16,1 krónu.

Gengisþróun Straums á þessum tímum er eflaust ekki sú sem kaupendur eða aðrir hluthafar bjuggust við að yrði. Hlutur FL Group hefur rýrnað að minnsta kosti um sjö milljarða.

Samkvæmt upplýsingum Markaðarins vildi Lífeyrissjóður verzlunarmanna (LV) fá 19,1 í fimm prósenta hlut sinn í Straumi sem var auglýstur opinberlega til sölu. Ef LV selur bréfin í dag fær sjóðurinn 1,6 milljörðum minna fyrir sinn snúð. **- eþa**

### FRÉTTIR VIKUNNAR

**Í leikfangaútrás** | Hamleys-leikfangakeðjan, sem er í eigu Baugs, Pálma Haraldssonar í Fons og stjórnenda, hyggst opna sérleyfisverslanir í Mið-Austurlöndum á næstu árum.

**Ráðleggja sölu** | Glitnir hefur gefið út nýtt verðmat á HB Granda sem er langt undir síðasta markaðsgengi og metur bankinn hlutinn í HB Granda á 7,4 krónur.

**Starfa saman** | Icelandic Group og Alfesca eru á lokastigi viðræðna um kaup þess síðarnefnda á frystiverskmiðju dótturfélags Alfesca, Delpierre, í Frakklandi.



**Október sennilegur** | Líklegt er að SPH og SPV sameinist seint í október fallist Fjármálaeftirlitið og stofnfjáreigendur á samrunaáætlun stjórna.

**Auka hlutafé** | Á aðalfundi Eddu útgáfu var tekin ákvörðun um að auka hlutafé um 555 milljónir króna. Páll Bragi Kristjónsson hættir sem forstjóri útgáfunnar.

**Hugleiða sölu** | Króatíska ríkisstjórnin er sögð tilbúin að ræða sölu á hlut sínum í samheitalyfjafyrirtækinu Pliva svo fremi sem kaupandinn mæti ákveðnum kröfum.

**Stýrivextir hækkaðir** | Seðlabanki Íslands brást við versnandi verðbólguhorfum með því að hækka stýrivexti um 0,75 prósentustig og standa þeir nú í þrettán prósentum.

**Vantar fé** | Björgólfur Thor Björgólfsson sagði í ræðu í boði til heiðurs forseta Grikklands helsta veikleika íslenskra fyrirtækja að þau skorti erlent fjármagn.

# Hægir á í útlánum banka

## Vísbendingar eru um að útlán bankanna séu að dragast svo saman að Seðlabankanum sé það hugnanlegt. Öllum til hagsbóta, segir Davíð Oddsson seðlabankastjóri.

**Óli Kristján Ármannsson**
skrifar

Í rétta átt stefnir í útlánum bankanna, að sögn Davíðs Oddssonar, formanns bankastjórnar Seðlabankans. Í lok maí voru útlán bankanna rétt rúmum 40 prósentum meiri en ári fyrr, samanborið við rúm 44 prósent mánuði fyrr og rúm 46 prósent í mars.

Á vaxtaákvörðunardögum Seðlabankans bæði í mars og í lok maí áréttaði Davíð að ekki sæust þess enn merki að dregið hefði nægilega úr útlánum í bankakerfinu. Hámark útlána virðist hafa verið í september í fyrra, en þá voru þau rúmum 60 prósentum meiri en ári fyrr.

„Við teljum að bankarnir séu að taka sig á í þessum efnum og að vísbendingar séu um það þótt tiltölulega skammur tími sýni það," sagði Davíð á blaðamannafundi sem haldinn var í tilefni af stýrivaxtaákvörðun og útgáfu Peningamála fyrir helgi. „Með sama hætti sjáum við að bankarnir bregðast hraðar við með vaxtabreytingum en áður, þannig að þeir fylgja vel eftir samtölum sínum við Seðlabankann og því sem við höfum verið að beina til þeirra. Enda er það svo að ekki er síst mikilvægt fyrir þá að vel takist til, ekki síður en fyrir alla aðra í landinu."

**BREYTING ÚTLÁNA BANKA**

Þróun útlána án gengis- og verðuppfærslu:

| 2005 | Aukning í % |
|---|---|
| september | 60,45 |
| október | 53,88 |
| nóvember | 56,22 |
| desember | 51,00 |
| **2006** | |
| janúar | 49,62 |
| febrúar | 47,43 |
| mars | 46,37 |
| apríl | 44,38 |
| maí | 40,38 |

*Heimild: Hagdeild Seðlabanka Ísl. Tölurnar sýna 12 mánaða hlutfallsbreytingu á lokatölum útlána hjá bönkunum.*

Sérfræðingar hafa vísað til þess að minni útlán bankanna skýrist að nokkru af því að endurfjármögnun íbúðalána sé að stórum hluta lokið, auk þess sem í útlánsstefnu fjármálafyrirtækja sé nú aukið aðhald, en hámarkslán hafa verið lækkuð og skilyrði fyrir útlánum hert.

Seðlabankinn upplýsti á fimmtudag um ákvörðun sína um hærri stýrivexti og hefur því hækkað þá um 215 punkta á rúmum þremur mánuðum. Á mánudag tók gildi síðasta hækkun upp á 75 punkta þannig að stýrivextir eru nú 13 prósent. Aukavaxtaákvörðunardagur verður svo 16. ágúst og telja sérfræðingar auknar líkur á að vextir verði einnig hækkaðir þá. Með hækkun stýrivaxta bregst bankinn við versnandi verðbólguhorfum, en samkvæmt spá hans gæti verðbólga farið í ellefu prósent og haldist þannig fram á næsta ár.

# Samdráttur milli fjórðunga

## Hagnaður sautján félaga lækkar um 43 milljarða á milli ársfjórðunga.

Heildarhagnaður sautján félaga í Kauphöll Íslands dregst verulega saman á milli fyrsta og annars ársfjórðungs. Þetta er aðallega rakið til bankanna.

Á fyrsta ársfjórðungi, sem var algjört metttímabil, högnuðust félögin alls um tæpa 69,8 milljarða króna en miðað við spár greiningardeilda Glitnis banka og Landsbankans má búast við að heildarhagnaður verði rúmir 26,5 milljarðar á öðrum ársfjórðungi. Er þetta meira en 43 milljarða viðsnúningur eða 62 prósenta samdráttur.

Heildarhagnaður bankanna fjögurra, Glitnis, KB banka, Landsbankans og Straums, lækkar úr 61 milljörðum króna í rúmlega átján milljarða milli fjórðunga. Samanlagður hagnaður fyrirtækjanna sautján nemur því 96 milljörðum króna á fyrri hluta árs.

Þrátt fyrir samdrátt er bönkunum spáð mestum hagnaði á nýliðnum ársfjórðungi. Gert er ráð fyrir að KB banki hagnist um tíu milljarða króna, Glitnir um sjö milljarða og Landsbankinn um 2,9 milljarða. Nú bregður hins vegar svo við að FL Group og Straumi er spáð tapi á fjórðungnum, FL Group 1,4 milljörðum en Straumi um 1,8 milljörðum. Einnig er gert ráð fyrir að HB Grandi og TM hafi tapað yfir einum milljarði króna.

Avion Group, Actavis og Bakkavör skila góðum hagnaði gangi spárnar eftir. **- eþa** / Sjá bls. 12


120 1886 2006

Örugg ávöxtun í þeirri mynt sem þér hentar

Peningabréf Landsbankans

Markmið Peningabréfa er að ná hærri ávöxtun en millibankamarkaður og gjaldeyrisreikningar. Enginn munur er á kaup- og sölugengi.

EUR 3,5%*

GBP 5,2%*

USD 5,1%*

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is

Peningabréf ISK/EUR/USD/GBP eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru reknir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluaðili sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögunum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, vísast til útboðslýsingar og útdráttar úr útboðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

* Nafnávöxtun á ársgrundvelli frá 1. apríl - 1. júlí 2006.

GOTT FÓLK McCANN

### GENGISÞRÓUN

| | Vika | Frá áramótum |
|---|---|---|
| Actavis | 0% | 27% |
| Alfesca | 0% | -2% |
| Atlantic Petroleum | 3% | 31% |
| Atorka Group | 0% | -4% |
| Avion Group | -1% | -30% |
| Bakkavör | -2% | -14% |
| Dagsbrún | -1% | -7% |
| FL Group | 1% | -12% |
| Glitnir | -4% | -3% |
| KB banki | -1% | -2% |
| Landsbankinn | -1% | -22% |
| Marel | -1% | 8% |
| Mosaic Fashions | -4% | -19% |
| Straumur | -4% | 3% |
| Össur | -2% | -6% |

*Miðað við gengi í Kauphöll á mánudaginn*

# Seðlabankinn græðir á falli krónu

Áætlaður hagnaður Seðlabankans á fyrri hluta árs fyrir framlag til ríkissjóðs nam samanlagt tæpum 14,4 milljörðum króna, þar af hagnaðist bankinn um 3,4 milljarða í júní. Hagnaðurinn er að langstærstum hluta borinn uppi af gengishagnaði.

Ingimundur Friðriksson seðlabankastjóri segir að breytingar á gengi krónunnar hafi mikil áhrif á afkomu bankans en tekur fram að skammtímabreytingar, til dæmis til eins mánaðar, segi harla lítið. Gengi krónunnar lækkaði um 5,1 prósent í júní. „Áhrif þeirra breytinga á gjaldeyrisforðann leiðir til þess í reikningnum er kallað gengishagnaður eða gengistap."

Allt árið í fyrra tapaði Seðlabankinn 2,8 milljörðum króna. Eignir Seðlabankans samanstanda einkum af gjaldeyrisforðanum og viðskiptum bankans við innlendar lánastofnanir og ríkissjóð. „Markmið bankans er að sýna traustan efnahag og afkomu þegar til lengri tíma er litið," segir Ingimundur þegar hann er spurður um hver fjárhagsleg markmið bankans séu. Gjaldeyrisforði bankans hefur styrkst um meira en 9,5 milljarða frá áramótum, þar af um 6,4 milljarða í júní vegna reglubundinna kaupa Seðlabankans á gjaldeyri á innlendum millibankamarkaði og gengishagnaðar. - eþa

**VÆGI MYNTA Í GJALDEYRISJÖFNUÐI SEÐLABANKANS Í ÁRSLOK 2005**

| | |
|---|---|
| Bandaríkjadalur | 40% |
| Evra | 40% |
| Sterlingspund | 15% |
| Japanskt jen | 5% |



**BANKASTJÓRAR OG HAGFRÆÐINGUR** Hagnaður Seðlabankans nam 14,4 milljörðum króna á fyrri hluta árs.

# Heildarfiskaflinn minnkar milli ára

Aflaverðmæti íslenska fiskiskipaflotans á síðasta ári nam 68 milljörðum króna en það er svipað og árið á undan. Afli skipanna var tæp 1.669 þúsund tonn sem er 59 þúsund tonnum minna en árið 2004 og nemur samdrátturinn 3,4 prósentum.

Þá var mestu af fiski landað á Austurlandi í fyrra og var fiskaflinn unninn þar. Verðmætasti aflinn fór hins vegar til vinnslu á höfuðborgarsvæðinu en virði hans nam 12,8 milljörðum króna, að því er fram kemur í hagtíðindum Hagstofu Íslands. - jab



**BAKKABRÆÐUR, ÁGÚST OG LÝÐUR** KB banki mælir með kaupum í Bakkavör.

# Bakkavör á 40% inni miðað við mat

Greiningardeild KB banka mælir með kaupum á hlutabréfum í Bakkavör og hækkar verðmat sitt úr 58,8 krónum á hlut í 62,5 krónur samkvæmt sjóðstreymislíkani. Telur bankinn að gott tækifæri hafi myndast til kaupa í Bakkavör en gengi Bakkavarar á mánudaginn stóð í 44 krónum á hlut. Er svigrúm til 42 prósenta hækkunar.

Veiking krónunnar á öðrum ársfjórðungi hefur jákvæð áhrif á virði Bakkavarar þar sem eignir og tekjur eru í pundum.

KB banki spáir Bakkavör 149 milljóna punda rekstrarhagnaði fyrir afskriftir (EBITDA) í ár, sem samsvarar rúmum tuttugu milljörðum króna. Samkvæmt þessu meta fjárfestar Bakkavör á aðeins tæpa fimmfalda EBITDA, sem þykir lágt miðað við sömu tölur frá innlendum félögum sem gengið hafa kaupum og sölum á árinu. - eþa

# Fá 25 aura fyrir krónu nafnverðs

Arion verðbréfavarsla hf. mun á næstunni senda fyrstu greiðslur til hluthafa Stoke Holding vegna sölu á 67 prósenta hlut í enska fótboltafélaginu Stoke City.

Þegar greiðslur vegna skulda hafa verið inntar af hendi fá hluthafar 25 aura til baka fyrir hverja krónu að nafnverði sem þeir lögðu inn í félagið á sínum tíma.

Hugsanlega fá fjárfestar meira. „Menn skulu ekki búast við meira en þrjátíu prósentum af nafnvirði hlutafjár. Restin er vonarpeningur," sagði Gunnar Þór Gíslason, fyrrum stjórnarformaður Stoke Holding, á hluthafafundi á dögunum. Gangi þetta eftir fá þeir sem keyptu í almennu hlutafjárútboði á genginu 1,3 um 23 prósent af fjárfestingunni til baka en fagfjárfestar, sem keyptu á einum, fá þrjátíu prósent. - eþa



**STOKE HOLDING GREIÐIR ÚT** Greiðslan nemur fjórðungi af nafnverði.

# FL syndir gegn straumnum

## FL Group hefur verið allsráðandi á heimamarkaði síðustu vikurnar. Fjárfest fyrir 54 milljarða, einkum í Glitni og Straumi.

**Eggert Þór Aðalsteinsson**
skrifar

Mikil ókyrrð á fjármálamörkuðum hefur ekki bælt FL Group frá innlendum hlutabréfamarkaði undanfarnar vikur. Á meðan aðrir fjárfestar hafa selt eða beðið við hliðarlínuna hefur FL Group synt gegn straumnum og verið eini stuðboltinn í líflausu eftirpartíi.

Síðustu fjárfestingar FL Group í Glitni banka og Straumi-Burðarási nema nú rúmum 54 milljörðum króna. Hæst ber auðvitað að telja kaup félagsins á 24 prósenta hlut Kristins Björnssonar og Magnúsar Kristinssonar í Straumi-Burðarási í lok júní en alls nam kaupverðið 47 milljörðum króna; þar af voru tólf milljarðar greiddir með hlutabréfum í KB banka. FL Group fer nú með 26 prósent í Straumi. Félagið hefur aukið hlut sinn í Glitni úr sextán prósentum, frá því félagið kynnti afkomu síðasta árs í mars, í tæpan fjórðung hlutafjár bankans. Ætla má að kaupin í Glitni hafi kostað 23 milljarða króna. Þá eru ótalin kaup á eigin hlutabréfum, í Dagsbrún og önnur hlutabréfakaup í Straumi.

Þessi kaup koma á margan hátt á óvart, ekki síst fyrir þær sakir að það hefur verið yfirlýst markmið stjórnenda FL Group að draga úr vægi innlendra eigna á kostnað erlendra. Í mars voru 55 prósent skráðra hlutabréfa í innlendum hlutabréfum á móti 45 prósentum í erlendum bréfum. Þegar félagið birti þriggja mánaða uppgjör um miðjan maí var hlutfall innlendra eigna komið í 69 prósent en erlendar eignir niður í 31 prósent. Hafði það sitt að segja að FL Group seldi sautján prósenta hlut í easyJet en á móti hefur félagið aukið verulega hlut sinn í óskráðum erlendum eignum, til að mynda með kaupum á 49 prósenta hlut í hollenska drykkjarframleiðandanum Refresco, þar sem félagið lagði inn fimm milljarða króna, og stofnun fjárfestingarfélagsins Unity sem fjárfestir í breskum verslanakeðjum, en hlutur FL Group er um 37,5 prósent.



**STJÓRNENDUR FL GROUP HORFA TIL HEIMAHAGANNA** Á síðustu vikum hefur félagið fjárfest fyrir meira en fimmtíu milljarða króna á innanlandsmarkaði. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

# Halldór og Davíð til Excel Airways

Steven Tomlinson, rekstrarstjóri, og Paul Roberts, fjármálastjóri breska leiguflugfélagsins Excel Airways Group, dótturfélags Avion Group, sögðu báðir upp störfum í gær í kjölfar þess að innri rannsókn félagsins leiddi í ljós að góðum reikningsskilavenjum var ekki fylgt við meðhöndlun afsláttar meðal annars á mat og drykkjum, sem veittur var gegn langtímasamningi Excel og Alpha Airports.

Halldór Sigurðsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Avia Technical Services í Manston á Englandi, tekur við starfi fjármálastjóra en Davíð Örn Halldórsson hefur störf sem yfirmaður nýstofnaðrar upplýsingatæknideildar félagsins.

Í tilkynningu frá Avion Group til Kauphallar Íslands kemur fram að þeir Halldór og Davíð eru báðir 32 ára. Halldór hefur víðtæka reynslu úr flugrekstri. Hann starfaði meðal annars við endurskoðun hjá Deloitte áður en hann gekk til liðs við Air Atlanta Icelandic fyrir sex árum. Þá hefur Davíð fjölbreytta reynslu af verkefnastjórnun á upplýsingatæknisviði, bæði hjá Eimskip og Símanum en hann starfaði áður við fjárstýringu hjá Carlsberg-verksmiðjunum í Danmörku. - jab



**VÉLAR EXCEL AIRWAYS** Rekstrarstjóri og fjármálastjóri breska leiguflugfélagsins Excel Airways hafa báðir sagt upp störfum.

15,2%*
Peningamarkaðssjóður ÍV
*Nafnávöxtun í júní 2006 á ársgrundvelli
ÍSLENSK VERÐBRÉF
EIGNASTÝRING ER OKKAR FAG!
460 4700 • www.iv.is
Peningamarkaðssjóður ÍV er fjárfestingarsjóður í skilningi laga nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögum en verðbréfasjóðir og geta því verið áhættusamari. Frekari upplýsingar um sjóðinn, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfa-sjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðsins er að finna í útboðslýsingu og útdrætti úr útboðslýsingu sem nálgast má hjá Íslenskum verðbréfum hf. auk upplýsinga á heimasíðu www.iv.is. Peningamarkaðssjóður ÍV er rekinn af Rekstrarfélagi verðbréfasjóða ÍV.
GEIMSTOFAN

# HÁGÆÐA BÍLTÆKI

Mobile
Human Music Interface
Media

Clarion



**Clarion DB168R** **14.995**
Bíltæki með geislaspilara. FM/MB og LB RDS útvarp með 18 stöðva minni. 4 X 45 watta magnari. Tengi fyrir aukakraftmagnara.



**Clarion DB268R** **19.995**
MP-3 bíltæki með geislaspilara. FM/MB og LB RDS útvarp með 18 stöðva minni. 4 X 45 watta magnari. Spilar MP-3/CD-R/RW Tengi fyrir aukakraftmagnara.



**Clarion DXZ368RMP** **22.995**
Bíltæki með geislaspilara. FM/MB og LB RDS útvarp með 18 stöðva minni. 4 X 50 watta MOS-FET magnari. Spilar MP-3/WMA CD-R/RW. Smart Control stjórnborð. Flip Down framhlið Tengi fyrir farsíma. Bluetooth. Tengi fyrir kraftmagnara



**Clarion DB568RUSB** **24.995**
Bíltæki með geislaspilara. FM/MB og LB RDS útvarp með 18 stöðva minni. 4 X 50 watta MOS-FET magnari. USB tengi að framan. Spilar MP-3/WMA/CD-R/RW. AUX inngangur. Tengi fyrir farsíma. Fjarstýring. Tengi fyrir kraftmagnara



**Clarion DXZ758RMC** Kynningarverð **39.995**
Bíltæki með geislaspilara. FM/MB og LB RDS útvarp með 18 stöðva minni. 4 X 53 watta MOS-FET magnari. Spilar MP-3/WMA/CR-R/RW. MUSIC CATCHER hægt er að taka upp 6 klst af tónlist í minni í tækinu. 728 lita skjár. Fjarstýring. Tengi fyrir kraftmagnara. AUX inngangur. Rétt verð 64.995



**Clarion DXZ668RMP** **45.995**
Bíltæki með geislaspilara. FM/MB og LB RDS útvarp með 18 stöðva minni. 4 X 53 watta MOS-FET magnari. SDVC hljómkerfi Spilar MP-3/WMA/CD-R/RW. 728 lita skjár. Auto dimmer á skjá Tengi fyrir 2 kraftmagnara. AUX inngangur. Tengi fyrir farsíma Fjarstýring



**Clarion VZX758R** Kynningarverð **59.995**
Bíltæki með DVD/Geislaspilara. FM/MB og LB RDS útvarp með 18 stöðva minni. 4 X 52 watta MOS-FET magnari. 5,1 DTS Dolby Digital hljóðkerfi. Spilar CD/DVD/VCD/MP-3/WMA/CD-R/CD-RW. 6 rása útgangur. AUX inngangur. Fjarstýring
Rétt verð 79.995



**Clarion DXZ868RMP** **69.995**
Bíltæki með geislaspilara. FM/MB og LB RDS útvarp með 24 stöðva minni. 4 X 53 watta MOS-FET magnari
4,2" LCD snertiskjár. SDVC hljómkerfi. Spilar MP-3/WMA/CD-R CD-RW. Auto dimmer á skjá. Skerpustilling á skjá. Hægt er að setja wallpaper og screensaver á skjá. 6 rása útgangur. AUX inngangur. Tengi fyrir farsíma. Fjarstýring



**Clarion XMD3** **44.995**
Bátatæki með geislaspilara. FM/MB RDS útvarp með 18 stöðva minni. 4 X 52 watta magnari. Tengi fyrir aukakraftmagnara. AUX inngangur. Vatnsheld framhlið. Magna Bass EX hljómkerfi.

Clarion

## HÁTALARAR Í MIKLU ÚRVALI



4.995

8.995

9.995

13.995



6.995

9.995

www.radio.is

**RADÍÓBÆR**

ÁRMÚLA 38 • SÍMI 553 1133

# Vöruskiptin jákvæð í Kína

Vöruskipti í Kína í júní voru hagstæð um 14,5 milljarða bandaríkjadala, jafnvirði tæplega 1.100 milljarða íslenskra króna.

Þetta er 113 milljarða króna aukning frá mánuðinum á undan. Útflutningurinn jókst um 23,3 prósentur frá sama tíma fyrir ári en innflutningur jókst um 18,9 prósent á milli ára.

Niðurstaðan er langt umfram væntingar fjármálasérfræðinga, sem telja blikur á lofti að gengi júansins, gjaldmiðils Kína, sé haldið lágu með handafli til að gefa jákvæðari niðurstöðu af vöruskiptajöfnuðinum.



**ÚR KAUPHÖLLINNI Í KÍNA** Fjármálasérfræðingar telja að gengi gjaldmiðils Kínverja sé haldið lágu til að auka virði vöruskipta í landinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Hagfræðingur við kauphöll Kína segist búast við hagstæðum vöruskiptajöfnuði út árið. - jab

# Methagnaður hjá álrisanum Alcoa

Bandaríski álrisinn Alcoa skilaði metafkomu á öðrum ársfjórðungi. Hagnaður nam 744 milljónum Bandaríkjadala, jafnvirði rúmra 56 milljarða íslenskra króna, sem er 62 prósentum meira en á sama tíma fyrir ári. Afkoma Alcoa hefur aldrei verið meiri í 115 ára sögu fyrirtækisins.

Þá námu tekjur Alcoa tæpum átta milljörðum dala á tímabilinu, sem er nítján prósenta aukning á milli ára.

Mikil eftirspurn eftir áli og hátt álverð skýrir þessa góðu afkomu Alcoa en búist er við að eftirspurnin muni tvöfaldast á næstu fjórtán árum, að sögn Alains Belda, forstjóra Alcoa.



**ÁLVER ALCOA Í REYÐARFIRÐI** Alcoa skilaði methagnaði á öðrum ársfjórðungi og býst við að eftirspurn eftir áli tvöfaldist á næstu fjórtán árum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þá námu útgjöld fyrirtækisins 729 milljónum dala, jafnvirði tæpra 55 milljarða íslenskra króna á öðrum fjórðungi ársins. 64 prósent af útgjöldum álrisans fóru meðal annars til nýrra verkefna á borð við byggingu álvers í Reyðarfirði, rafskautaverksmiðju í Mosjoen í Norður-Noregi og endurbóta á súrálverksmiðju fyrirtækisins í Ástralíu. Verksmiðjan í Noregi á að verða tilbúin á næsta ári en henni er ætlað að framleiða bæði fyrir álver Alcoa í Reyðarfirði og Mosjoen.

Jafnframt segir í afkomufrétt Alcoa að á meðal útgjalda fyrirtækisins sé tuttugu milljóna króna styrkur, sem veittur hafi verið til uppbyggingar þjóðgarðanna í Jökulsárgljúfrum og í Skaftafelli. - jab



**INDVERSKUR VERÐBRÉFASALI** Gengi hlutabréfa lækkaði nokkuð í síðustu viku vegna ákvörðunar stjórnvalda um að fresta einkavæðingu ríkisfyrirtækja. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Gengið lækkaði í Indlandi

Gengi hlutabréfa flestra fyrirtækja í Indlandi lækkaði nokkuð í síðustu viku í kjölfar þess að stjórnvöld ákváðu að fresta einkavæðingu ríkisfyrirtækja. Sensex-hlutabréfavísitalan lækkaði um 2,4 prósent á föstudag og er vart á bætandi því vísitalan hefur lækkað talsvert undanfarnar vikur.

Ríkisstjórnin hafði í hyggju að selja fyrst í stað bréf í tveimur ríkisfyrirtækjum fyrir jafnvirði rúmra 37 milljarða íslenskra króna. Um var að ræða hluti í raforkufyrirtækinu Neyveli Lignite og álfyrirtækinu National Aluminium Company Limited (NALCO). Ekki náðist samstaða um söluna í ríkisstjórn landsins og var því ákveðið að slá einkavæðingunni á frest. - jab

# Seðlabankar kaupa pund

Seðlabankar um allan heim hafa stóraukið kaup á sterlingspundinu, sem olli því að styrking pundsins á fyrri hluta ársins var sú mesta gagnvart Bandaríkjadal í sextán ár.



Styrking pundsins er rakin til árangurs yfirvalda í Bretlandi í baráttu gegn verðbólgu og aukins hagvaxtar, sem er yfir meðaltali þeirra tólf ríkja sem nota evru. Raunvextir eru einnig hærri í Bretlandi en evrulöndum og hvetur það til frekari spurnar eftir pundum.

Gjaldeyrisforði seðlabanka í pundum nam í lok mars 8.600 milljörðum króna, sem nemur fjórum prósentum af heildarforða. Þetta er hæsta hlutfall pundsins síðan Alþjóða gjaldeyrissjóðurinn hóf að taka saman þessar tölur fyrir átta árum. Hlutfall dals er 66,3 prósent, evru 24,8 prósent og pundið hefur stolið þriðja sætinu af jeninu.

Í viðtali við Bloomberg segir Ingimundur Friðriksson aðstoðarseðlabankastjóri að pundið sé um fimmtán prósent af gjaldeyrisforða Seðlabankans og hafi hlutfallið haldist óbreytt um hríð. Seðlabankinn á þrisvar sinnum meira af pundum en jenum. - eþa

# Samruni kauphalla

## ESB segir sameinaðar kauphallir í Bandaríkjunum og í Bretlandi verða að lúta reglum sambandsins.

**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson**
skrifar

Ef sameining samevrópska hlutabréfamarkaðarins Euronext og kauphallarinnar í New York Bandaríkjunum (NYSE) verður að veruleika verður markaðurinn að lúta evrópskum reglum um fjármálamarkaði.

Þetta segir Charlie McCreevy, framkvæmdastjóri innanmarkaðsmála Evrópusambandsins (ESB). Hann hefur sömuleiðis lýst yfir fullum vilja til að vinna með bandarískum yfirvöldum að því að leysa úr öllum ágreiningsmálum sem búist er við að muni koma upp við sameiningu markaðanna.

Yfirtökutilboð NYSE upp á tíu milljarða Bandaríkjadala, jafnvirði 753 milljarða íslenskra króna, í Euronext er enn til skoðunar þrátt fyrir að lýst hafi verið yfir sameiningu markaðanna fyrir nokkru. Það er ástæða þess að stjórnendur Þýsku kauphallarinnar, Deutsche Börse, sem átti hærra tilboð í evrópska markaðinn, hafa enn ekki gefið sameiningu sína við Euronext upp á bátinn. Stjórnendur Deutsche Börse eru einnig sagðir horfa til sameiningar við ítölsku kauphöllina en þeir hafa neitað slíkum áformum.



**EURONEXT** Með kaupum NYSE á Euronext verður til fyrsta kauphöllin með starfsemi beggja vegna Atlantsála. MYND/AP

John Thain, forstjóri NYSE, sagði í síðustu viku að hluthafar muni kjósa um sameininguna síðar á þessu ári og sé horft til þess að ljúka sameiningarferlinu í janúar á næsta ári.

# Bylting í dönskum verslunarháttum

Matvöruverslunin Easy24 opnaði verslun í danska bænum Gentofte í vor sem opin er allan sólarhringinn. Þetta þykir mikil nýlunda í Danaveldi enda hafa flestar verslanir lokað dyrum sínum klukkan 18.

Verslanakeðjan er sögð íhuga að opna um 200 svipaðar verslanir víðs vegar um Danmörku og munu aðrar keðjur vera í sömu hugleiðingum.

Danska dagblaðið Jyllands-Posten hefur eftir Bruno Christensen, sérfræðingi í smásöluverslun í Danmörku, að breytt fyrirkomulag á afgreiðslutíma verslana sé tilkomið vegna breytinga á vinnuhögum Dana.

Til samanburðar má geta þess að verslanir 10-11 hér á landi hafa verið opnar til miðnættis um árabil og sumar hverjar allan sólarhringinn.

En fleiri breytingar hafa orðið á verslun í Danmörku frá í vor því netverslun með matvöru var opnuð á svipuðum tíma. Netverjar geta farið á vef verslunarinnar á hvaða tíma sólarhringsins sem er, pantað vörur og fengið þær sendar heim að dyrum fyrir klukkan sjö að morgni.

Peter Bagge-Nielsen, einn eigenda netverslunarinnar, segir líkur á að margir nýti sér netverslunina enda séu áttatíu prósent landsmanna nettengd. - jab



**FRÁ STRIKINU Í KAUPMANNAHÖFN** Fyrsta matvöruverslunin sem opin er allan sólarhringinn var opnuð í Gentofte í vor og er búist við opnun fjölda slíkra verslana á næstunni, meðal annars í Kaupmannahöfn. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR


Hvað ætlar þú að gera þegar þú verður stór?

Með viðbótarlífeyrissparnaði getur þú lagt 2–4% af launum þínum í sparnað og fengið 2% mótframlag frá launagreiðanda. Þannig leggur þú grunn að lífsgæðum síðar á ævinni.

SPRON Verðbréf bjóða upp á ýmsar fjárfestingarleiðir og persónulega og faglega ráðgjöf til að finna þá leið sem hentar hverjum og einum.



spron VERÐBRÉF

Ármúla 13a – 108 Reykjavík – 550 1310 – verdbref@spron.is – www.spron.is

Himinn og haf / SÍA







Bókanir á www.gbferdir.is og í síma 534-5000

WWW.ICELANDAIR.IS

Samstarfsaðili GB ferða

GB FERÐIR
www.gbferdir.is




**ELÍSABET ÖNNUR BRETADROTTNING YFIRGEFUR HÖFUÐSTÖÐVAR KAUPHALLARINNAR Í LUNDÚNUM Í JÚLÍ FYRIR TVEIMUR ÁRUM** Með sama framhaldi verða í árslok fleiri félög skráð á AIM-hlutabréfamarkaðnum, sem er í eigu Kauphallarinnar í Lundúnum, en á móðurmarkaðnum. Sveigjanleiki fyrir útgefendur hlutabréfa og lítill kostnaður eru meginástæður mikilla vinsælda AIM.

AFP/IMAGE FORUM

# Sogar til sín gullgrafara

Breski vaxtarmarkaðurinn AIM hefur slegið í gegn meðal fjárfesta og fyrirtækjaeigenda og tekið við því hlutverki sem Nasdaq hafði í netbólunni. Sveigjanleiki markaðarins hefur heillað útgefendur og verið helsta tromp Kauphallarinnar í Lundúnum. Margir telja þó að of litlar kröfur séu gerðar til útgefenda á AIM og grafi það undan trausti markaðarins. *Eggert Þór Aðalsteinsson* kynnti sér hlutabréfamarkað gullgrafaranna.

Kauphöll Íslands hleypti af stokkunum nýjum hlutabréfamarkaði, iSEC, í byrjun júlí sem sækir fyrirmynd sína til Alternative Investment Market (AIM), hlutabréfamarkaðarins í Lundúnum. Markaðir þessir eru sniðnir að þörfum lítilla og meðalstórra fyrirtækja er oftast hafa í hyggju að vaxa með skráningu. Þótt byrjunin hafi verið brösugleg á iSEC eftir að bandaríska líftæknifyrirtækið Cyntellect hætti við skráningu sama dag og markaðurinn hóf göngu sína er hvergi eins mikill vöxtur í kauphöllum og á mörkuðum sem þessum.

### SKYGGIR Á STÓRA MARKAÐINN

AIM er dótturmarkaður Kauphallarinnar í Lundúnum (LSE), stofnaður árið 1995, og hefur verið helsta tromp hennar í síharðnandi baráttu kauphalla um hylli fyrirtækja sem hyggja á skráningu. Á sama tíma og markaðsaðstæður á alþjóðlegum hlutabréfamörkuðum hafa verið erfiðar á undanförnum vikum, sem eru frekar til þess fallnar að bitna á ungum markaði sem AIM, er samt sem áður full ástæða fyrir stjórnendur AIM að vera bjartsýnir.

Alls hafa 2.200 fyrirtæki verið skráð á AIM frá upphafi. Sum hafa stækkað og fært sig yfir á aðalmarkaðinn, önnur verið tekin yfir eða dáið drottni sínum. Miklu fleiri hlutafélög hafa þó kosið að færa sig af aðalmarkaðnum yfir á minni markaðinn, enda margt sem togar í. Munurinn á AIM og LSE er meðal annars sá að minni kröfur eru gerðar til rekstrarsögu og eignarhalds hjá útgefanda hlutabréfa sem sækir um skráningu á vaxtarmarkaðinn. Sveigjanleikinn felst meðal annars í því að engin skilyrði eru gerð til markaðsvirðis félags, fjölda hluthafa og hámarkseignarhald. Allt stefnir í það að fyrir árslok verði litli markaðurinn farinn að skyggja á LSE. Í lok maí voru 1.528 félög skráð á AIM en 1.651 fyrirtæki á aðalmarkaðinn, líklegt þykir að í árslok verði þau orðin fleiri AIM en LSE.

### GENGISFELLD SKRÁNING

Allir vegir lágu til Lundúna á fyrstu mánuðum ársins en félög á AIM höfðu safnað 7,3 milljörðum punda sem er þrefalt meira á sama tíma í fyrra. Einkum hefur tekist vel að draga inn fyrirtæki í heitustu geirunum, eins og olíufyrirtæki og hrávöruframleiðendur sem hafa nýtt sér mikla hækkun á olíu- og hrávöruverði á síðustu tólf mánuðum. Hálfgert gullæði hefur ríkt í þessum geirum og hlutabréfaverð rokið upp úr öllu valdi.

Sumir hafa þó áhyggjur af því að AIM verði eigin velgengni að bráð því með vaxandi ásókn fyrirtækja fari svörtu sauðunum fjölgandi. Nokkur vandræðamál hafa komið upp, meðal annars hafa fyrirtæki orðið gjaldþrota stuttu eftir skráningu á AIM. Stjórnendur AIM verða að halda í orðsporið, sem hefur beðið hnekki, því hertar reglugerðir munu einfaldlega koma niður á þeim sveigjanleika sem er aðal markaðarins. Miklar nýskráningar erlendra félaga, sem eru þrisvar sinnum fleiri nú en þau voru fyrir ári síðan, virkar í huga margra að AIM sé ekkert annað en ódýr og skjót leið til að næla sér í skráningu og komast í digra sjóði fjárfestingarsjóða; eins konar gengisfelld skráning. Margir hafa gagnrýnt markaðinn fyrir að gera of litlar kröfur til forvinnu útgefenda og umsjónaraðila útboða og skráninga. Þegar félög fara á markað útnefnir LSE nafnlausan umsjónarmann sem ber að fylgjast með að útgefandi fari eftir settum reglugerðum en aukin umsvif gera þessum aðilum erfiðara fyrir að fylgjast með að allir fylgi reglum.

Hvað sem öðru líður er víst að AIM-markaðurinn hefur samkeppnisforskot á helstu keppinauta sína. Uppgangur AIM hefur einkum bitnað á Nasdaq, næststærstu kauphöll Bandaríkjanna, sem sogaði hátæknifyrirtækin til sín um aldamótin, en augljóst er á síðustu uppgangstímum á alþjóðlegum hlutabréfamörkuðum tala fjárfestar, stjórnendur fjárfestingasjóða og eigendur fyrirtækja bara um AIM. „Hvar sem við eigum fundi í Bandaríkjunum eða Kanada með mögulegum viðskiptavinum, fjárfestum eða fjárfestingasjóðum er AIM það eina sem um er rætt,“ segir Mark Maybank, aðstoðarforstjóri verðbréfafyrirtækisins Canaccord, í viðtali við Daily Telegraph.

### FORSKOT Á NASDAQ

Kostnaður við skráningu er orðinn töluvert meiri á Nasdaq en AIM eftir lagasetningu Sarbanes-Oxley árið 2003, sem átti að efla stjórnarhætti í skráðum fyrirtækjum meðal annars er lúta að bókhaldi og endurskoðun í kjölfar hneysklismála í Enron og WorldCom. Löggjöfin hefur stóraukið kostnað við að skrá félög á bandaríska hlutabréfamarkaði, sem kemur verst niður á smærri fyrirtækjum er hyggja á skráningu.

Jafnframt vinnur það með AIM að meðalfyrirtækið er 100 milljónir dala að verðmæti, eða 7,5 milljarðar króna, en meðalfyrirtækið á Nasdaq er tíu sinnum verðmætara. Þetta gefur AIM augljóst forskot, miklu fleiri fyrirtæki eiga þess kost að skrá sig án þess að hverfa hreinlega sjónum vísitölusjóða og sérfræðinga eins og gerist títt með þau félög sem er undir ákveðinni stærð á Nasdaq. „Allt sem er undir hálfum milljarði dala að verðmæti týnist á Nasdaq. Það á í erfiðleikum að ná athygli greiningaraðila og fjárfesta og verður munaðarleysingi,“ segir Tracey Pearce, yfirmaður hjá LSE.

Þetta er talið vera ein helsta ástæða þess að Nasdaq, þriðja stærsta kauphöll heims, vill komast yfir Kauphöllina í Lundúnum og þar með yfir AIM. Stjórnendum Nasdaq svíður það sárt að sjá að tólf prósent af heildarmarkaðsverðmæti skráðra fyrirtækja á AIM eru bandarísk félög og fer þetta hlutfall vaxandi. Nasdaq hefur eignast fjórðungshlut í LSE og lagði fram yfirtökutilboð í mars sem hljóðaði upp á 950 pens á hlut. Því tilboði var hafnað og hélt gengi LSE áfram að hækka. Nasdaq getur lagt fram nýtt tilboð í fyrsta lagi í september, hálfu ári eftir fyrsta tilboð var lagt fram, en núverandi markaðsaðstæður gætu bjargað stjórnendum LSE frá því að verða undirsátar Nasdaq. Hlutabréf í Nasdaq hafa hrunið um 35 prósent frá því þau fóru í hæsta gildi á árinu í mars, sem dregur mjög úr getu kauphallarinnar að skuldsetja sig fyrir jafnstórri yfirtöku sem þessari.

### ATORKA ÁBERANDI Á AIM

Aukin ásókn fjárfesta og fyrirtækja á AIM hefur leitt til þess að ávöxtun vísitölu allra AIM-félaga hefur verið hærri en ávöxtun flestra vísitalna á síðustu tólf mánuðum. Vísitala allra félaga á markaðnum hækkaði um sautján prósent milli maímánaða 2005 og 2006. Hins vegar kemur AIM illa út þegar borin er saman ávöxtun frá árinu 1995, þegar markaðurinn var settur á fót. Vísitalan sýnir rúmlega tólf prósenta hækkun, FTSE-100 hefur risið um 55 prósent, FTSE Small Cap, sem mælir verðbreytingar lítilla félaga á aðallistanum, um 75 prósent og Russell 2000 um 130 prósent.

Íslendingar hafa verið duglegir að fjárfesta í Bretlandi á undanförnum misserum og kemur AIM-markaðurinn mikið við sögu. Eitt félag hefur þó sérstaklega beint sjónum sínum að félögum sem eru skráð á AIM og það er Atorka Group. Félagið hefur fjárfest í bresku iðnaðarfyrirtækjunum Amiad Filtration, Interbulk, NWF Group og Romaq Holding og enn fremur Low&Bonar sem nú er farið úr bókum Atorku.

Eitt færeyskt félag, Faroe Petroleum, er skrásett á AIM og nú velta því margir fyrir sér að Atlantic Petroleum, færeyska olíuleitarfélagið, sem er á ICEX, velji sömu leið en stjórnendur félagins hafa tilkynnt að félagið verði skráð í aðra kauphöll auk þeirrar íslensku.



# Ertu í húsgagnaleit?

Nýjar sendingar af vönduðum sófasettum á frábæru verði o.m.fl.



## Slökunarsófar

Vandaður og afar þægilegur slökunarsófi með leðri á slitflötum og skemlum

Tilboðsverð aðeins kr.
**139.000.-**

## Slökunarstólar
í miklu úrvali

Vandaður og afar þægilegur slökunarstóll með leðri á slitflötum og skemli

Tilboðsverð aðeins kr.
**54.000.-**



Vandaður lúxus-hægindasófi með stillanlegu baki og skemli ásamt borði.



**Sófar m/tungu**
Verð kr. 163.000.-

Vandaður “tungusófi” m/slitsterku áklæði - Litir: Ljóst, brúnt



**Garðhúsgögn**

Vönduðu sænsku KWA garðhúsgögnin eru komin!



**Sófar m/tungu**
Tilboðsverð kr. 79.000.-

Vandaður “tungusófi” m/áklæði - Einnig til 3ja sæta m/”tungu” kr. 89.000.-



**Sófasett**
Verð kr. 290.000.-

Afar vandað leðursófasett 3+1+1 - Litir: Ljóst, rautt - Einnig til m/ákl. kr. 216.000.-

## Slökunarstólar
í miklu úrvali

Tilboðsverð aðeins kr.
**58.500.-**

Vandaður slökunarstóll með leðuráklæði og skemli

Litir: Beige, brúnt, svart, rauðbrúnt





**Sófar m/tungu**
Tilboðsverð kr. 119.000.-

Vandaður “tungusófi” m/leðri - Einnig til 2ja sæta m/”tungu” kr. 99.000.-

**www.valhusgogn.is**

Röltu um verslunina okkar í rólegheitum á netinu
með nýja 360° sýningarkerfinu okkar
Þetta verður þú að prófa!

**Kíktu í dag...**

**Val húsgögn**
Ármúla 8 - 108 Reykjavík

**Opið kl. 10-18 Laugard. 11-16 Sími 581-2275 ■ 568-5375**

KORTER.IS

**FRELSI EÐA OKUR?**
Skiptar skoðanir eru um hvort ákvörðun Samkeppnisstofnunar um að afnema hámarksökutaxta leigubifreiða verði til góðs fyrir neytendur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




**Benda þeir sem eru því mótfallnir meðal annars til Svíþjóðar þar sem reynslan af því að afnema höft á leigubílamarkaði er fremur döpur. Það verður þó að líta til þess að þar var markaðurinn að fullu gefinn frjáls, bæði hvað varðar takmörkun á fjölda atvinnuleyfa og hámarkstaxta. Þetta leiddi til glundroða á markaðnum. Til að mynda voru niðurboð svo algeng í fyrstu að fjölmargir lögðu upp laupana.**

# Höftum hleypt af leigubíl

Hinn 1. júlí áttu grundvallarbreytingar sér stað á leigubílamarkaði þegar Samkeppni taxta leigubifreiða. Skiptar skoðanir eru um ágæti breytinganna. Telja sumir að kraf ekki notið með gamla skipulaginu. Aðrir segja breytingarnar mistök sem komi sér ill skiptavini þeirra. *Hólmfríður Helga Sigurðardóttir* skoðaði við hverju er að búast af

Í upphafi þessa árs tók Samkeppniseftirlitið þá ákvörðun að afnema hámarkstaxta leigubifreiða en um langa hríð hafa leigubílstjórar tekið gjald fyrir akstur í samræmi við slíka taxta. Taldi það ekki lengur við hæfi að samkeppnisyfirvöld kæmu að verðlagningu á markaðnum en hingað til hefur hámarksökutaxtinn verið gefinn út af Bandalagi íslenskra bifreiðastjóra (BÍLS) að undangengnu samþykki Samkeppniseftirlitsins. Eftir gildistöku ákvörðunarinnar þann 1. júlí var fyrirtækjum sem reka leigubifreiðar óheimilt að hafa hvers konar samstarf eða samskipti um ökutaxta og önnur verðlagsmál eða annað sem stríðir gegn viðkomandi lögum. Samkvæmt úrskurðinum var það hvers og eins bílstjóra að ákveða sína taxta þar sem leigubílstjórar eru sjálfstæðir rekstraraðilar sem selja stöðvunum þjónustu sína.

**ÓLÍKAR SKOÐANIR Á ÁGÆTI BREYTINGANNA**
Íslenski leigubílamarkaðurinn virðist því vera að þokast í áttina að frjálsræði. Það hugnast ekki öllum sem að honum koma jafn vel. Benda þeir sem því eru mótfallnir meðal annars til Svíþjóðar þar sem reynslan af því að afnema höft á leigubílamarkaði er fremur döpur. Það verður þó að líta til þess að þar var markaðurinn að fullu gefinn frjáls, bæði hvað varðar takmörkun á fjölda atvinnuleyfa og hámarkstaxta. Þetta leiddi til glundroða á markaðnum. Til að mynda voru niðurboð svo algeng í fyrstu að fjölmargir lögðu upp laupana. Í kjölfarið á því fylgdi okur sem enn er til staðar, ekki síst á grandlausum ferðamönnum sem þekkja ekki rétt sinn. Hinum sem hugnast breytingin vel telja að frjáls samkeppni eigi að geta þrifist á þessum markaði sem á öðrum. Hún sé jafnan það fyrirkomulag sem hefur verið valið til þess að bæta kjör neytenda og samkvæmt því ættu aðstæður þeirra að batna með breytingunum.

**UNDANÞÁGUR FRÁ REGLUNUM**
Hreyfill-Bæjarleiðir var fyrst leigubílastöðva til að sækja um að fá að halda

## *Skapar jarðveg fyrir samkeppni*

„Markmiðið með því að afnema hámarksökutaxta er að nýta samkeppnislögin neytendum til hagsbóta. Það er arfur frá gamalli tíð að samkeppnisyfirvöld komi að verðlagningu á þessum markaði, sem við teljum ekki eðlilegan lengur,“ segir Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins. Hann segir það liggja í hlutarins eðli að kraftar samkeppninnar fái sín ekki notið þegar hámarksverð er ákveðið fyrir heila grein í heild með aðkomu hins opinbera. Með því að hverfa frá því skipulagi og heimila leigubílastöðvunum að vera hver með sinn hámarkstaxta sé verið að skapa jarðveg fyrir samkeppni milli leigubílastöðva.

Páll segir Samkeppniseftirlitið hafa tekið mið af neytendasjónarmiðum þegar ákvarðanir um undanþágur voru teknar. „Við höfðum heyrt áhyggjuraddir um að frjálsræði á markaðnum gæti orðið til þess að einhverjir bílstjórar kynnu að freistast til að hlunnfara viðskiptavini við tilteknar aðstæður, til dæmis að nóttu til í vondu veðri þegar barist er um bílana. Þessu mætum við með því setja sem eitt af skilyrðunum fyrir því að vera með hámarkstaxta innan hverrar stöðvar, að fram komi á skilti í hverjum bíl hver hámarkstaxtinn er. Þannig getur neytandinn sjálfur haft eftirlit með þeim taxta sem honum er boðinn og gegnsæi er tryggt í verðlagningu.“

Undanþágurnar frá bannákvæðunum voru veittar tímabundið til eins árs og hyggst Samkeppniseftirlitið taka málin til endurskoðunar að ári til að sjá hvernig til hefur tekist. Páll segir að vert sé að endurskoða það regluverk sem til staðar er til að efla samkeppni. Vel geti hugsast að ganga þurfi lengra til að skapa frjósaman jarðveg fyrir samkeppni á leigubílamarkaðnum. Hann nefnir sem dæmi að hugsanlega mætti breyta reglum um fjöldatakmarkanir atvinnuleyfa, þar sem takmarkanir á þeim hafi að sjálfsögðu áhrif á samkeppni. „Ýmissa leiða má leita til að glæða samkeppni á þessu sviði. Hún á að geta þrifist á þessum markaði sem öðrum þar sem samkeppni hefur reynst vera neytendum til hagsbóta.“



**PÁLL GUNNAR PÁLSSON, FORSTJÓRI SAMKEPPNISSTOFNUNAR**
Samkeppnisstofnun tók neytendasjónarmið með í reikninginn þegar ákvörðun um undanþágu frá bannákvæðum samkeppnislaga var tekin.



# amarkaði

eftirlitið afnam hámarksöku-
ar frjálsrar samkeppni fái sín
fyrir bílstjóra jafnt sem við-
lenskum leigubílamarkaði.

einum taxta fyrir sína félagsmenn. Veitti Samkeppniseftirlitið þeim undanþágu til eins árs, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Þurfa taxtarnir að vera sýnilegir í bílunum og hagsmunafélag bílstjóra stofnað, þar sem bílstjórarnir eru viðskiptahópur Hreyfils og verða að hafa sitt að segja um taxtann. Á markaðssvæði Hreyfils, sem nær yfir höfuðborgarsvæðið og út á Reykjanes, starfa fimm leigubílastöðvar og á svæðinu er hámarksfjöldi atvinnuleyfa 560. Hreyfill hefur um 60 til 65 prósenta markaðshlutdeild, BSR um 20 til 25 prósenta markaðshlutdeild og hinar sem starfa á svæðinu og deila með sér afgangnum af markaðnum eru Borgarbílastöðin, Bifreiðastöð Hafnarfjarðar og Aðalstöðin í Keflavík. BSR fylgdi í kjölfarið á Hreyfli og flest eða öll hinna munu hafa sótt um undanþágu undanfarna daga.

**FYRSTA SKREFIÐ Í ÁTT AÐ FRJÁLSRÆÐI**
Þótt nú hafi verið opnað fyrir verðsamkeppni milli leigubílastöðva munu neytendur sennilega finna lítið fyrir breytingunum fyrst um sinn. Þegar leigubílamarkaðurinn er skoðaður er líka nauðsynlegt að líta til þess að fjöldatakmarkanir eru á ökuleyfum og að öllum leigubílum er gert skylt að hafa afgreiðslu á leigubílastöð sem hefur fengið starfsleyfi Vegagerðarinnar. Það er því viðbúið að fullkomin samkeppni muni seint ríkja á markaðnum þrátt fyrir að hámarkstaxtinn hafi verið afnuminn. Fyrsta skrefið að frjálsari markaði hefur þó verið stigið. Tíminn mun svo leiða í ljós hvort það verði gæfuspor fyrir íslenska neytendur.

**„Samkeppni er það fyrirkomulag sem almennt hefur verið verið valið til þess að bæta nýtingu framleiðsluþátta og kjör neytenda og samkvæmt því ættu aðstæður neytenda að batna með breytingunum. Eg vona að það gerist og fylgist spenntur með.“**

# Hættan mest á uppboðsstemningu



**TALSMAÐUR NEYTENDA, GÍSLI TRYGGVASON** Gísli Tryggvason mæltist til þess við samgönguráðherra að hann setti inn í reglugerð skyldu um að kynna betur viðurlögin við brotum á reglum.

Eftir niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins um undanþágu Hreyfils frá nýjum bannákvæðum samkeppnislaga taldi Gísli Tryggvason, talsmaður neytenda, að leggja þyrfti mat á hvort þörf væri á frekari mótvægisaðgerðum vegna hagsmuna og réttinda neytenda eða aðgerða til að auka neytendavernd. Gísli segist sammála því að það samrýmist ekki starfsemi samkeppnisyfirvalda að ákveða verð á markaði. Hann hafi þó fyrst og fremst skoðað hvort eitthvað þyrfti að gera til að hindra að breytingin yrði bagaleg fyrir neytendur.

Gísli leit einkum á tvennt: Í fyrsta lagi á hugsanlega hættu á ónógum verðupplýsingum við upphaf leigubifreiðarferðar. Þar sem reglur laga og skilyrði eru skýr um að verðskrár þurfi að vera sýnilegar, og Samkeppniseftirlitið setti það sem sérstakt skilyrði fyrir undanþágunni, telur hann ekki ástæðu til að óttast að verðupplýsingar verði óljósar, svo fremi sem eftirlitið verði virkt.

Í öðru lagi skoðaði Gísli hugsanlega hættu á uppboðsstemningu við sérstakar aðstæður, þegar leigubílastjórarnir geta í skjóli stöðu sinnar sett fram hvaða taxta sem er. Taldi hann meiri ógn stafa af því. „Eftir að hafa ráðfært mig við ýmsa hagsmunaaðila mæltist ég til þess við samgönguráðherra að hann setti inn í reglugerð skyldu um að kynna betur viðurlögin við brotum á reglum. Bílstjórum er skylt að hafa gjaldmæli og gjaldskrá, þannig að þeim er ekki heimilt að víkja frá henni eftir geðþótta, hvort sem hún er frá bifreiðastöð eða bílnum sjálfum.“

Gísli lagði ekki mat á réttmæti þess að afnema hámarkstaxtann og tók því ekki tillit til þess hvort breytingin hefði í för með sér verðhækkun eða -lækkun fyrir neytendur þótt vissulega hefði hann sínar skoðanir á því. „Undanþága Samkeppniseftirlitsins var bara veitt til eins árs að sinni. Ég benti á það í tilmælunum að bæði samkeppnisyfirvöld og neytendasamtökin hafa gagnrýnt þetta lokaða kerfi leigubílaleyfa. Ef samkeppnin heldur ekki verðinu niðri, eða kemur í veg fyrir hækkun, get ég ímyndað mér að það komi til þess að kerfið verði endurskoðuð að ári. Samkeppni er það fyrirkomulag sem almennt hefur verið valið til þess að bæta nýtingu framleiðsluþátta og kjör neytenda og samkvæmt því ættu aðstæður neytenda að batna með breytingunum. Ég vona að það gerist og fylgist spenntur með.“

**„Það hafa verið hámarkstaxtar en engir lágmarkstaxtar svo samkeppnin var öll niður á við. Nú er líka búið að gefa hana frjálsa upp á við.“**

# Ósannfærður um ágæti breytinganna



**ÞRÖSTUR HJÁLMARSSON, DEILDARSTJÓRI HJÁ HREYFLI** Þröstur segir það á misskilningi byggt að engin samkeppni hafi verið á leigubílamarkaði hingað til og efast um ágæti þess að afnema hámarkstaxta.

Þröstur Hjálmarsson, deildarstjóri hjá Hreyfli-Bæjarleiðum, er ekki sannfærður um ágæti ákvörðunar samkeppnisyfirvalda um að afnema hámarksökutaxta. Segir hann jafnframt þær raddir er lýsa sömu skoðun háværari en hinar, meðal bílstjóra Hreyfils. „Flestum finnst að verið sé að rugga bátnum og fara aftur til þess skipulags sem var áður en nokkrar reglur voru settar um akstur leigubíla. Þeir bílstjórar sem hafa fylgst með umræðunni í gegnum tíðina eru ekki spenntir, enda er hættan sú að við þessar breytingar byggist upp vantraust milli bílstjóra og farþega þeirra.“

Þröstur segir það á misskilningi byggt að engin samkeppni hafi verið hingað til á leigubílamarkaði. „Það hafa verið hámarkstaxtar en engir lágmarkstaxtar svo samkeppnin var öll niður á við. Nú er líka búið að gefa hana frjálsa upp á við.“ Hann hefur ekki mikla trú á að breytingin komi til með að skila sér í vasa neytenda. „Svíar prófuðu að gefa allt frjálst, afnámu bæði kvótakerfið með fjölda atvinnuleyfa og hámarkstaxta. Kerfið þar er í ólestri og til dæmis eru svokallaðir svart-taxar mikið vandamál. Í Noregi eru reglurnar þannig að ef aðeins er ein leigubílastöð í bænum ákvarða samkeppnisyfirvöld taxtann, annars er taxtinn frjáls. Þegar þessar breytingar gengu í gegn hækkaði verð um tuttugu og fimm til þrjátíu prósent um allt landið. Frávikið milli þeirra, þar sem verð ákvarðast af Samkeppnisyfirvöldum annars vegar og með frjálsri samkeppni hins vegar, er nú allt að sautján prósent.“

Formaður bifreiðastjórafélagsins Frama, Ástgeir Þorsteinsson, hefur svipaðar skoðanir og Þröstur og álítur að mistök hafi verið gerð þegar samþykkt var að gefa taxtana frjálsa. Telur hann dæmin að utan sanna að við slíkar aðstæður hafi taxtar almennt hækkað umtalsvert. Það sé því vart með hag neytenda í brjósti sem hámarkstaxtinn hafi verið afnuminn. Hefur Ásgeir sagt að eigi ekki að fara illa verði yfirvöld áfram að ákveða leigubílataxtann.

MARKAÐURINN
Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Frjálsræði og opinn markaður leiða yfirleitt til lægra verðs og betri þjónustu.

# *Hætta af útafakstri leigubíla*

**Hafliði Helgason**

Í viðskiptum er frjáls markaður grundvallarregla og varlega ber að fara að setja hömlur á viðskiptalífið. Rökin fyrir því eru einfaldlega sú að markaðurinn og samkeppnin tryggja að atvinnutækin og fjármunirnir nýtist best í samfélaginu. Með öðrum orðum stuðlar opinn og frjáls markaður að bættum lífskjörum landsmanna.

Undanfarin misseri hefur verið markviss viðleitni í að hverfa frá höftum og opna hagkerfið. Vígin hafa fallið eitt af öðru og leitt af sér betri rekstur sem meðal annars birtist í kaupmáttar- og eignaaukningu landsmanna. Fjölmörg svæði í samfélaginu eru enn óplægður akur þegar frjáls samkeppni er annars vegar. Landbúnaðarkerfið er enn bundið í viðjar og í heilbrigðis- og menntakerfi mætti ganga lengra, án þess að það ætti á nokkurn hátt að skerða aðgengi alls almennings að slíkum grundvallarþáttum.

Leigubílaakstur hefur verið bundinn í viðjar leyfisveitinga og miðstýrðra verðlagsákvarðana um árabil. Ljóst er að mörg og mikilvæg rök liggja til grundvallar því að auka frjálsræði og auka samkeppni í þessari grein.

**Það er tvímælalaust jákvætt að auka frjálsræði í leigubílaakstri, en slík skref þarf að stíga með góðri og ítarlegri sýn á heildarmyndina. Það væri afar óheppilegt að missa slíkan rekstur í sjóræningjaástand.**

Hins vegar er að mörgu að hyggja. Leigubílaakstur er stoðþjónusta í samfélaginu og leigubílstjórar á stundum einu fulltrúar almennings þegar erlenda gesti ber að garði. Þeir sem ferðast hafa um heiminn vita að ástand mála hvað varðar slíkan akstur er afar misjafnt á milli landa. Sums staðar þarf að vera sérlega vakandi til þess að vera ekki svikinn illilega af leigubílstjórum viðkomandi lands sem hika ekki við að nýta sér heimóttarskap til að hafa af fólki fé. Eftir slíku er svo heiðarleiki og viðskiptasiðferði heilu þjóðanna dæmt.

Frjáls markaður þarf að uppfylla ýmiss konar skilyrði. Hlið framboðs og eftirspurnar þurfa að vera opin ef hann á að virka vel og jafnræði með kaupanda og seljanda.

Það er tvímælalaust jákvætt að auka frjálsræði í leigubílaakstri, en slík skref þarf að stíga með góðri og ítarlegri sýn á heildarmyndina. Það væri afar óheppilegt að missa slíkan rekstur í sjóræningjaástand. Samkeppnina má auka, án þess að upp komi sú staða að okrað sé á fólki í þvingaðri stöðu, hvort sem um er að ræða drukkið fólk sem af kulda og dómgreindarleysi ölvunar er tilbúið að greiða næstum hvað sem er fyrir far heim í hlýju eða ferðamenn sem í sakleysi sínu treysta að þeir séu á meðal siðaðra þjóða.

Best er að vitundin um langtímahagsmuni í leigubílarekstri komi frá bílstjórum sjálum. Almennt á ekki að ganga út frá því að fólk sé óheiðarlegt og nýti hvern möguleika til að svína á náunga sínum. Sjálfsvirðing stéttarinnar ætti að vera meiri en svo. Hitt er svo annað að misjafn sauður er í mörgu fé og leiðir þurfa að vera færar til að taka á þeim sem misnota opinn markað til að svína á meðbræðrum sínum. Þegar horft er til þess að víða þar sem frjálsræði er mikið í viðskiptum almennt hafa menn séð ástæðu til að hafa nokkuð afmarkaða ramma um leigubílaakstur, þá er líklega ástæða til að staldra við og stíga varlega til jarðar.

eggert@markadurinn.is | haflidi@markadurinn.is | holmfridur@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | jsk@markaðurinn.is | olikr@markadurinn.is

# Hve uppstökk er krónan?

ORÐ Í BELG



**Ásgeir Jónsson**
hagfræðingur

Þegar litið er til framvindu efnahagslífs og markaða á næstu misserum ríkir einna helst óvissa um gengisþróun krónunnar. Sumir virðist álíta að hún eigi eftir að falla verulega en aðrir að hún haldi nokkurn veginn dampi út næsta vetur en muni síðan styrkjast aftur árið 2007. Gjaldmiðlar landa eru hvoru tveggja í senn þjóðhags og fjármálastærð og þessar ólíku skoðanir um framvindu krónunnar má líklega rekja til þess hvaða sjónarhorn er valið. Samkvæmt þjóðhagslegum viðmiðum gæti krónan lækkað enn frekar til þess að ná fram nauðsynlegri aðlögun í efnahagslífinu, lækka kaupmátt almennings og eyða viðskiptahallanum. En séð frá bæjardyrum fjármálaviðmiða má gengið ekki falla frekar vegna aukinnar verðbólgu og Seðlabankinn mun af þeim sökum halda uppi verulegum vaxtamun við útlönd sem styður við gengið. Þetta sést best af því að 12 mánaða framvirkt gengi krónunnar er nú 142 stig miðað við gengisvísitölu krónunnar og núverandi 9% vaxtamun. Það eykur síðan enn á óvissuna að ýmsar vangaveltur eru uppi um þátttöku útlendra fjárfesta á markaðnum, s.s. hvað varðar krónubréfaútgáfu. Hins vegar þegar allt er tekið saman virðast horfur á gjaldeyrismörkuðum hafi verið málaðar of dökkum litum á síðustu mánuðum. Flest bendir raunar til þess að þessi niðursveifla muni eiga sér stað við mun hærri vexti og styrkara gengi krónunnar en var árunum 2001-2002 ef engin ófyrirséð áföll bera til.

### HVE HRATT GENGUR AÐLÖGUNIN EFTIR?

Því er oft haldið fram að á gjaldeyrismörkuðum gildi þjóðhagsleg viðmið til langs tíma, fjármálaleg viðmið til meðallangs tíma en skammtíminn stjórnist af einstaka fréttum og hjarðhegðun á markaði. Þetta má án efa til sanns vegar færa. Á næstu 2-3 ársfjórðungum mun það ráðast hvort núverandi gengi ásamt háum stýrivöxtum Seðlabankans sé nægjanlegt að knýja fram lækkun þjóðarútgjalda. Ef aðlögunin gengur eftir á þessum tíma ætti vaxtamunurinn að duga til þess að halda genginu genginu styrku. Þetta gæti raunar vel gengið eftir miðað við yfirlýsingar Seðlabankans um vaxtaaðhald og þær vísbendingar sem liggja fyrir um þróun einkaneyslu og fasteignaverðs. Þá hlýtur 30% gengislækkun á rúmum tveimur mánuðum að teljast töluvert högg fyrir innlenda eftirspurn, jafnvel þó fallið hæfist frá mun hærra en gildi árið 2001 og raungengi krónunnar sé enn nokkru hærra en var þá. Þá er einnig vert að hafa í huga að gengi krónunnar gagnvart evru er mun lægra en það var árið 2001 en evran er án efa sá gjaldmiðill sem mestu skiptir fyrir íslenska hagkerfið. Það er m.a. af þessum ástæðum sem Seðlabankinn og íslenskir greiningaraðilar gera ráð fyrir því að viðskiptahallinn muni ganga niður á 1-2 árum. Við þetta bætist einnig mögulegar stóriðjuframkvæmdir sem gætu hafist þegar á næsta ári. Þannig ef vel tekst til mun gengið ekki veikjast að miklum mun og styrking á næsta ári gæti verið ómetanleg til þess að ná verðbólgu aftur niður.

### HVAÐ GERA ÚTLENDINGARNIR?

Töluverð óvissa ríkir nú um stöðutöku útlendinga á gjaldeyrismarkaði eftir óstöðugleikann nú í vor. Ný krónubréfaútgáfa hefur minnkað stórlega og ef litið er til gjalddaga krónubréfanna má sjá að um 60 milljarðar falla á gjalddaga á þessu ári, frá ágúst til áramóta. Á næsta ári koma 120 milljarðar til gjalda og kemur því samtals 83% af heildarútgáfunni til gjalda á þessu ári og því næsta. Þessir yfirvofandi gjalddagar hafa án efa átt mestan þátt í því að viðhalda svartsýni á gjaldeyrismarkaði. Það er efalaust að heildarstaða útistandandi krónubréfa mun án efa dragast saman á næstu tveimur árum en áhrifin verða án efa ekki eins sterk eins og margir virðast hafa gert ráð fyrir. Það má meðal annars sjá af því að krónan styrktist aðeins um 5,5% á tímabilinu ágúst 2005 til janúar 2006 þrátt fyrir að krónubréf að andvirði 170 milljarða hefðu verið gefin út á aðeins 5 mánuðum. Ástæðan er þríþætt: Í fyrsta lagi hefur útgáfan ekki nema að takmörkuðu leyti falið í sér raunverulegt flæði á gjaldeyri þar sem vextirnir á henni hafa alltaf verið tryggðir með framvirkum samningum við innlenda aðila. Í öðru lagi er líklegt að einhver hluti af krónubréfaútgáfunni hafi verið gengisvarinn þegar gengisóstöðugleikinn hófst í febrúar og t.a.m. var eftir af líftíma bréfsins. Gera má ráð fyrir að slíkt eigi einkum við þá stofnanafjárfesta sem festu kaup á krónubréfum. Í þriðja lagi bendir til þess núverandi gengisstig og vextir séu nægjanleg hvatning fyrir áframhaldandi útgáfu.

### MÖGULEG GÖNUHLAUP?

Gjaldeyrismarkaðir eru þekktir fyrir það að vera uppstökkir og krónan hefur verið mjög viðkvæm fyrir fréttum nú síðustu mánuði. Þannig gæti gengið hæglega tekið einhver gönuhlaup vegna einstakra slæmra atburða, álits lánshæfisfyrirtækja og svo framvegis. Slíkt hlýtur þó aðeins að halda í skamman tíma að gefnum vaxtamun við útlönd. Erlendir fjárfestar eru komnir til að vera á íslenskum gjaldeyrismarkaði og ef þjóðhagsleg aðlögun verður jafn hröð eins og flestir innlendir aðilar virðast gera ráð fyrir mun erlend stöðutaka væntanlega hefjast af einhverjum krafti árið 2007 og stuðla að endurnýjuðum styrk krónunnar. Á hinn bóginn, ef gengið fer að lækka verulega mun það sjálfkrafa skapa hvata til aukinnar útgáfu. Niðurstaðan er því sú að ef íslenskt fjármálakerfi getur staðið af sér þetta sterka vaxtaaðhald samfara niðursveiflu í efnahagslífinu án erfiðleika er ekkert sem bendir til kollsteypu á íslenskum gjaldeyrismarkaði.

**Gjaldeyrismarkaðir eru þekktir fyrir það að vera uppstökkir og krónan hefur verið mjög viðkvæm fyrir fréttum nú síðustu mánuði. Þannig gæti gengið hæglega tekið einhver gönuhlaup vegna einstakra slæmra atburða, álits lánshæfisfyrirtækja og svo framvegis. Slíkt hlýtur þó aðeins að halda í skamman tíma að gefnum vaxtamun við útlönd.**

STARFSMANNAMÁL

# Starfslýsingar

Með því að skilgreina hverju fyrirtæki leitar eftir með nákvæmum starfslýsingum aukast líkurnar á að finna góða umsækjendur á styttri tíma. Illa ígrundaðar eða engar starfslýsingar leiða til þess að ráðningarferlið tekur lengri tíma en ella. Rannsóknir hafa sýnt að margir starfsmenn vita ekki hverjar skyldur þeirra eru í starfi og gera sér ekki almennilega grein fyrir til hvers er ætlast af þeim. Í starfslýsingu felst nákvæm greining á starfinu, titli þess, vinnuaðstöðu, stöðu starfsins innan fyrirtækis, verkþáttum, tilgangi, ábyrgðarsviðum og afköstum. Einnig eiga starfslýsingar að greina frá þeim líkamlegu eða andlegu einkennum sem starfið krefst ásamt þeim tækjum og tólum sem að starfinu snúa. Nauðsynlegt er að gera starfslýsingar reglulega þar sem störf breytast í takt við aðrar breytingar í fyrirtækjum, meðal annars vegna aukinnar menntunar starfsmanna, námskeiða og tækninýjunga.

Ef starfslýsingar eru ekki til staðar er ráðlegt að nýta starfsmennina sjálfa til þess að aðstoða við að lýsa því sem þeir gera. Þannig næst ígrundaðri lýsing en þegar einungis yfirmenn greina störfin. Með því að endurnýja starfslýsingar reglulega er auðveldara að ráða í starfið þegar fram líða stundir, þar sem allar upplýsingar eru skráðar. Þá er líka hægt að ákveða hvort starfið krefst starfsmanns í fullt starf, hálft starf eða hvort nauðsyn er að ráða í starfið tímabundið eða með aðstoð verktaka. Starfslýsingar eru ekki gerðar til þess að lýsa því sem starfsmaður gerir heldur til þess að greina það sem fyrirtækið vill ná fram. Starfslýsingar geta einnig átt þátt í að undirstrika stefnu, menningu og þarfir fyrirtækja og ekki síst markmið þeirra. Þær eru undirstaða fyrir viðeigandi þjálfun starfsmanna og þær gagnast vel sem grundvöllur til að gera starfsmenn ábyrga fyrir starfi sínu. Þá eru starfslýsingar gagnlegar við mat á árangri og nauðsynlegar við launaákvarðanir.



**Sif Sigfúsdóttir**
**M.A. í mannauðsstjórnun**

Betri leið til að vinna á tímaskorti

"...hvergi áður náð jafn hárri ávöxtun á tímasparnað ..."
Fylkir Sævarsson, 39 ára Iðnfræðingur.

"Í þessu er fólginn mikill tímasparnaður."
Ester Ýr Jónsdóttir, kennari

"Hreinn tímaþjófur að láta það fram hjá sér fara."
Rut Skúladóttir, 20 ára nemi.

Meiri tími - Aukið forskot – Sterkari sérstaða
Hvað segja nemendur okkar um námskeiðið:
Frábært, markvisst, hnitmiðað, krefjandi, mikil aðstoð, árangursríkt, góð þjónusta.

...næsta 6 vikna námskeið hefst 9. ágúst
...næsta 3 vikna hraðnámskeið 14. ágúst

Náðu árangri með okkur í sumar og skráðu þig á sumarnámskeið Hraðlestrarskólans.
Skráning hafin á www.h.is og í síma 586-9400
Gerum föst verðtilboð í fyrirtækjanámskeið

HRAÐLESTRARSKÓLINN

VR og fleiri stéttarfélög styrkja þátttöku félagsmanna sinna á námskeiðinu.

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Hafliði Helgason RITSTJÓRN: Eggert Þór Aðalsteinsson, Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, Jón Skaftason, Óli Kristján Ármannsson AUGLÝSINGASTJÓRI: Anna Elinborg Gunnarsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@markadurinn.is** og **auglysingar@markadurinn.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

# Eðlilegt skref Seðlabankans

ÞJÓÐARBÚSKAPURINN

Mikil viðbrögð hafa verið við stýrivaxtahækkun Seðlabankans og ljóst að hagfræðinga greinir því meir á um ákvarðanir bankans eftir því sem einstigið verður þrengra. Greiningardeild Landsbankans telur talsverða stýrivaxtahækkun framundan: „Seðlabankinn telur nær engar líkur á að verðbólgumarkmið bankans náist á næstu tveimur árum. Í því ljósi er ákvörðun bankastjórnar um 0,75 prósenta vaxtahækkun eðlilegt skref. Sú ákvörðun að boða auka vaxtaákvörðunarfund í ágúst gefur ákvörðun bankans aukið vægi. Við teljum borðleggjandi að vextir verði hækkaðir bæði í ágúst og september.

Það er gömul saga og ný að miklar væntingar um verðbólgu eru verðbólguvaldur í sjálfu sér. Verðbólguvæntingar almennings, fjárfesta og atvinnurekenda eru í dag langt yfir verðbólgumarkmiði Seðlabankans. Það á að vera forgangsverkefni Seðlabankans að koma í veg fyrir að svo háar verðbólguvæntingar festist í sessi.

Aðstæður eru í grundvallaratriðum ólíkar því sem var þegar síðasti verðbólgukúfur gekk yfir á árunum 2001-2002. Aðlögun efnahagslífsins er mun skemur á veg komin; viðskiptahalli í sögulegum hæðum, vinnumarkaður á suðupunkti og undirliggjandi þrýstingur á krónu og verðbólgu mun meiri. Vinsamleg tilmæli til almennings og atvinnulífs um að hófs sé gætt í neyslu og fjárfestingum, duga skammt við slíkar aðstæður. Sama má segja um óljósar yfirlýsingar um frestun opinberra framkvæmda.

Kólnun á fasteignamarkaði er forsenda þess að ná tökum á útlánavexti, einkaneyslu og viðskiptahalla. Ákvörðun stjórnvalda um að draga úr útlánum Íbúðalánasjóðs kom mjög seint, en er afar mikilvægt framlag í baráttunni gegn verðbólgu. Við teljum að verulega dragi úr lánsfjármagnaði einkaneyslu strax á seinni hluta ársins og að umsvif í byggingariðnaði dragist saman.

Við teljum einsýnt að Seðlabankinn muni fylgja orðum sínum eftir með frekari hækkun stýrivaxta. Við höfum því hækkað stýrivaxtaspá okkar og gerum nú ráð fyrir að vextir fari hæst í 14,25 prósent í stað 13,25% áður. Við væntum þess að bankinn hækki vexti um 0,5%-0,75% í ágúst og 0,5 í september. Við eigum ekki von á að vextir fari í 18,5%, eins og bankinn segir mögulegt í stöðunni," segir Greiningardeild Landsbankans.

AURASÁLIN

## Bankamenn í klandri

**Aurasálin skemmti sér** konunglega um helgina. Á laugardaginn fór hún í bíltúr um Hafnarfjörð og Kópavog til þess að horfa á fasteignaverðið falla. Þetta var mikil skemmtun, sérstaklega þegar hún hugsaði til þess að eflaust væru margir monthanarnir úr banka- og verðbréfageiranum komnir í bullandi greiðsluerfiðleika. Þetta verðbréfalið, sem aldrei hefur dýpt hendinni í saltan sjó eða migið í kalt vatn, hefur gott af því að þurfa aðeins að hafa fyrir lífinu.

**Réttast væri** auðvitað að senda greiningardeildir bankanna í Smuguna og leyfa þessum krökkum að kynnast því hvernig verðmæti verða til í samfélaginu. Það væri líka fróðlegt fyrir þetta lið að sjá að hversu miklu gagni það kemur fyrir bankaliðið að kunna að núvirða framtíðartekjustreymi þegar það þarf að eiga í höggi við náttúruöflin á úthafinu.

**Og ætli liðið í bankanum** átti sig á því að þegar illa fiskast, eða gefur á bátinn og veður eru válynd – þá dugir lítið að breyta ávöxtunarkröfunni til að fegra raunveruleikann. Nei – ó nei. Venjulegt fólk hefur ekki þann kost í lífinu að minnka áhættuálagið niður í núll til þess að lappa upp á stöðu mála. Og það dugir lítið fyrir skipstjóra að koma í land og ætlast til þess að fá borgað fyrir vænta veiði í framtíðinni. Nei – það eru bara útgerðarmenn og kaupahéðnar sem geta leyft sér slíkt. Hinir þurfa fyrst að veiða – svo að selja. Fyrst að afla – svo að eyða.

**Verðbréfaliðið** – pappírstígrarnir – á erfitt uppdráttar um þessar mundir. Og ekki er framtíðin björt í gerviheimi bankanna. Þar er allt á leiðinni í kaldakol sökum þenslu og verðbólgu. Og það er sama hvað vinir Aurasálarinnar í Seðlabankanum gera – þenslan mun sigra að lokum.

**Og talandi um Seðlabankann**. Aurasálin fór í bíltúr niður í bæ á sunnudaginn og keyrði framhjá Seðlabankanum. Þar er verið að rífa upp götur og vegi til þess að rýma til fyrir hinum gríðarlegu framkvæmdum sem fyrirhugaðar eru á hafnarsvæðinu. Er ekki óþarfi að vera að glenna þensluna framan í Seðlabankastjórann beint fyrir utan gluggann hans?

**Hvers kyns mannvonska er það?** Er ekki nógu slæmt er fyrir bankastjórann að þurfa að horfa á kaupskipin sigla inn höfnina og inn í Sundahöfn alla daga – drekkhlaðin af viðskiptahalla?




# Gengistap af hlutabréfum dregur úr hagnaði banka

## Eggert Þór Aðalsteinsson gerir stuttlega grein fyrir helstu niðurstöðum í afkomuspám Glitnis og Landsbankans.

Greiningardeildir Glitnis og Landsbankans gáfu í síðustu viku út afkomuspár fyrir annan ársfjórðung. Markaðurinn hefur tekið þær saman í eitt og fundið út meðaltalshagnað félaganna á tímabilinu. KB banki hefur ekki gefið út heildarafkomuspá enn sem komið er, aðeins spár fyrir einstök félög, og er utan samantektar.

**HLUTABRÉFIN LÆKKA HAGNAÐ**

Gangi spárnar eftir hagnast sautján stærstu félögin í Kauphöll Íslands um 26.555 milljónir króna á öðrum ársfjórðungi samanborið við metupphæð upp á 69.765 milljónir á fyrsta ársfjórðungi. Þetta er 43 milljarða króna samdráttur. Mestu munar um að bankarnir fjórir og FL Group hagnast mun minnna nú en á fyrstu þremur mánuðunum. Þannig dregst heildarhagnaður Glitnis, KB banka, Landsbankans og Straums-Burðaráss saman úr 61,2 milljörðum króna niður í 18,1 milljarð, eða um 43 milljarða króna.

Það er ekki einungis þannig að hagnaður minnki á milli fjórðunga heldur stefnir í samdrátt á milli ára. Greiningardeild Landsbankans reiknar með að hagnaður á öðrum ársfjórðungi dragist saman um 31 prósent á milli ára vegna taps hjá FL Group, Straumi-Burðarási og TM, en tvö fyrstnefndu félögin skiluðu myndarlegri afkomu á fyrsta ársfjórðungi. Þessi félög munu verða fyrir gengistapi af hlutabréfaeign, rétt eins og viðskiptabankarnir þrír, þar sem Úrvalsvísitalan lækkaði um sjö prósent á öðrum árshluta. Þá var þróun á alþjóðlegum hlutabréfamörkuðum einnig neikvæð, sem hefur áhrif á afkomu íslensku félaganna.

Hvað viðskiptabankana snertir er útlit fyrir að grunnafkoma þeirra verði áfram mjög góð. Há verðbólga og lækkun á gengi krónunnar á öðrum ársfjórðungi eykur vaxtatekjur. Landsbankinn spáir til dæmis því að Glitnir og KB banki hagnist hvor um sig um þrjá milljarða á verðbólgunni.

**VIÐSNÚNINGUR AVION GROUP**

Stóru framleiðslufyrirtækjunum Actavis og Bakkavör er spáð góðum hagnaði. Bakkavör eykur hagnað verulega á milli fjórðunga en Actavis stendur eiginlega í stað. Hins vegar eykst hagnaður



**HAGNAÐUR DREGST SAMAN Í KAUPHÖLL MILLI FYRSTA OG ANNARS ÁRSFJÓRÐUNGS** Sautján stærstu félögin högnuðust um 69,8 milljarða á fyrsta ársfjórðungi en miðað við spár Glitnis og LÍ skila félögin 43 milljarða minni hagnaði á öðrum árshluta. MARKAÐURINN/STEFÁN

félaganna mikið samanborið við annan ársfjórðung í fyrra, enda hafa bæði félög vaxið með fyrirtækjakaupum og ágætum innri vexti.

Icelandic Group og Marel, auk smásölufyrirtækisins Mosaic Fashions, bæta afkomu sína stórlega á milli fyrsta og annars árshluta og hagnast á veikingu krónunnar. Hagnaður Mosaic eykst um 680 prósent milli fjórðunga og bæði IG og Marel fjórfalda hagnað sinn.

Aðeins Landsbankinn spáir fyrir afkomu nýjasta Kauphallarfélagsins, Avion Group, og býst við um 5,5 milljarða hagnaði á síðasta ársfjórðungi samanborið við 4,7 milljarða tap á fjórðnungnum á undan. Viðsnúningurinn skýrist af árstíðabundnum rekstri en allur hagnaður Avion myndast á sumar- og haustmánuðum. Í hagnaðartölunni reiknar bankinn með miklum hagnaði vegna sölu á eignarhlut í Avion Aircraft Trading.

**AFKOMUSPÁR Á ÖÐRUM ÁRSFJÓRÐUNGI SAMANBORIÐ VIÐ HAGNAÐ Á FYRSTA ÁRSFJÓRÐUNGI**

(upphæðir í milljónum króna)

| | 1. ársfj. | 2. ársfj. * |
|---|---|---|
| Actavis | 3.048 | 2.813 |
| Alfesca | 40 | -145 |
| Atorka Group | 4.016 | 399 |
| Avion Group | -4.749 | 5.578 |
| Bakkavör | 715 | 1.786 |
| Dagsbrún | -195 | -81 |
| FL Group | 5.839 | -1.403 |
| HB Grandi | -1.337 | -1.243 |
| Icelandic Group | 87 | 429 |
| Glitnir | 9.098 | 7.010 |
| KB banki | 18.798 | 10.006 |
| Landsbanki | 14.276 | 2.934 |
| Marel | 43 | 226 |
| Mosaic Fashions | 112 | 882 |
| Straumur | 19.080 | -1.816 |
| Tryggingamiðstöðin | 626 | -1.045 |
| Össur | 268 | 225 |
| **Alls** | **69.765** | **26.555** |

** Hagnaðarspá byggt á afkomuspám Glitnis og Landsbankans.*

**SEX SKILA TAPI**

Af þessum sautján félögum er áætlað að sex þeirra skili tapi á fjórðungnum en það eru Alfesca, Dagsbrún, FL Group, HB Grandi, Straumur og TM. Eins og áður sagði er taprekstur hjá fjármálafyrirtækjunum rakinn til gengistaps af hlutabréfaeign. Ástæður fyrir tapi Dagsbrúnar og HB Granda er gengistap af erlendum skuldum en þær hækka við lækkun á gengi krónunnar. Rekstur Alfesca er mjög árstíðabundinn og myndast nær allur hagnaður í jólasölunni.




VOLVO S40 VOLVO V50 VOLVO S60 VOLVO V70 VOLVO S80 VOLVO XC70 AWD VOLVO XC90 AWD

# LIFÐU Í ÖRYGGI. VELDU VOLVO XC90.

Áratugum saman hafa hönnuðir Volvo leitað sannleikans líkt og Albert Einstein, rannsakað bíla við ólíkar aðstæður, reiknað út og safnað þekkingu. Hér er eitt dæmið. Volvo XC90, tækni sem hrífur alla sem henni kynnast. Slík afburðatækni hefur ekki áður sést í jeppum enda flókin stærðfræði. Skoðaðu eiginleika Volvo XC90 af nákvæmni.

**Lifðu heilbrigðu lífi**

Skoðaðu lífið. Sérstök tækni vaktar gæði andrúmsloftsins umhverfis Volvo XC90 og breytir 75 prósent af slæmu ósóni (sem liggur við jörðu) í hreint súrefni. Hugsaðu um börnin.

Fjórhjóladrifið er sjálfvirkt og eitt hið fullkomnasta sem til er.

Hönnuðir Volvo fundu snilldarleið til að lækka þyngdarpunktinn í Volvo XC90 en of hár þyngdarpunktur hefur verið vandamál við hönnun jeppa þar sem hann dregur úr öryggi og akstureiginleikum. Veldu Volvo.

Þar sem öryggi farþega er Volvo efst í huga létu hönnuðirnir ekki þar við sitja því að auki bættu þeir við tveimur nýjum tækniuppfinningum: nýja stöðugleikastýrikerfinu DSTC og RSC veltivörninni. DSTC leiðréttir mistök í akstri en RSC síreiknar líkur á veltu og bregst við ef þurfa þykir. Rúsínan í pylsuendanum er sérstyrkt Boronstálið í burðarvirki yfirbyggingarinnar sem er 5 sinnum sterkara en venjulegt stál. Útkoman úr dæminu er hámarksöryggi í Volvo XC90, sem veitir honum algera sérstöðu í samkeppni um öryggi bíla. Gefðu þér tíma og skoðaðu yfirburðatækni Volvo XC90.

Þetta er Volvo XC90. Öryggi fyrir allt að sjö manns og aðra vegfarendur einnig. Þú prófar hann og færð faglega ráðgjöf í afburðartækni sem einkennir Volvo XC90. Öryggi er lúxus – lifðu í lúxus. Komdu í Brimborg og spurðu sérfræðinga Volvo á Íslandi um lúxus sportjeppann Volvo XC90.



*Sérvalið tau- eða leðurefni eru í stýri, lyklum og öðrum snertiflötum og eru laus við ofnæmisvaka samkvæmt alþjóðastaðli Öko-Tex. Spurðu um skynvæddu miðstöðina sem hindrar að mengun berist inn í farþegarýmið.*

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.volvo.is






* Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

SÖGUHORNIÐ

# Nútíma ljósmyndun verður til



**TVEIR FRUMKVÖÐLAR** George Eastman og Thomas Edison prófa að taka kvikmynd upp á litfilmu í fyrsta sinn við heimili þess fyrrnefnda árið 1928.

Í dag eru liðin 152 ár frá fæðingu George Eastman, sem stofnaði fyrirtækið Eastman Kodak og gerði heimsbyggðinni fært að festa minningar sínar á filmu.

Eastman fæddist í bænum Waterville í New York-ríki í Bandaríkjunum á þessum degi árið 1854 og var yngstur þriggja barna. Faðir hans rak um tíma vöggustofu en seldi reksturinn og setti viðskiptaskóla á laggirnar. Þegar fjölskyldufaðirinn lést óvænt missti skólinn fótanna og Eastman-fjölskyldan, sem hafði lagt allt sitt í reksturinn, rambaði á barmi gjaldþrots.

George litli varð að sjá fjölskyldu sinni farborða, hætti í skóla 14 ára gamall og fékk sendlastarf hjá tryggingafyrirtæki. Launin voru einungis þrír dalir á viku. Vonir hans glæddust ári síðar er hann fékk umfangsmeira og betur launað starf hjá öðru tryggingafélagi í borginni. Þrátt fyrir þetta náðu endar ekki saman hjá Eastman-fjölskyldunni. George hóf því að læra bókhald og endurskoðun þegar heim var komið að loknum vinnudegi í von um að auka líkurnar á því að fá betur launað starf.

Draumar hans rættust fimm árum síðar þegar honum bauðst starf í banka. Hann var þá 24 ára gamall, með þrisvar sinnum hærri laun en hjá tryggingafélaginu og sá fram á að geta loks farið í frí. Samstarfsmaður hans varpaði fram þeirri hugmynd að hann skrásetti fríið með einhverjum hætti og keypti George myndavél til að taka með í fríið.

Myndavélar á þessum tíma voru langt í frá þau handhægu tæki sem þau eru í dag. Búkurinn, sem var á stærð við örbylgjuofn, stóð á þungum þrífæti úr tré auk þess sem ýmis aukabúnaður fylgdi með.

Til að gera langa sögu stutta varð ekkert úr hinu langþráða fríi George árið 1877. Hann varð engu að síður heillaður af ljósmyndun en setti sér það takmark að minnka umfang ljósmyndabúnaðarins til að gera lífið einfaldara hjá þeim sem vildu geyma minningarnar.

George Eastman las allt sem hann festi hönd á um ljósmyndabúnað og gerði tilraunir í eldhúsi móður sinnar að loknum vinnudegi. Þrotlausar tilraunir skiluðu árangri þremur árum síðar. Niðurstaðan var tiltölulega handhæg ljósmyndavél sem kostaði 25 dali ásamt filmu sem hægt var að taka á 100 myndir.






# Gúgglað í orðbók

Sögnin „að gúggla“ í merkingunni „að leita“ á netinu rataði í hina víðfrægu ensku samheitaorðabók Merriam-Webster í síðustu viku.

Samkvæmt skilgreiningu orðabókarinnar merkir sögnin „að nota leitarvél Google til að finna upplýsingar um einstaklinga eða annað efni á netinu“.

„Gúgglið“ var ekki eina orðið sem rataði á síður samheitaorðabókarinnar því þangað komust sömuleiðis orð á borð við „njósnahugbúnaður“, „hringitónn“ og „kartöflumús“ en síðasttalda orðið er viðhaft um þann sem situr löngum stundum við tölvu.

Samheitaorðabók Merriam-Webster er önnur orðabókin til að taka sögnina að gúggla upp á sína arma en hin víðfræða orðabók Oxford English Dictionary skráði leitarháttinn í netútgáfu sína í síðasta mánuði. - jab



**LEITAÐ Á NETINU** Tvær enskar samheitaorðabækur hafa fært sögnina „að gúggla“ inn á síður sínar. Mynd/AFP

# Lítil hætta á árekstri smástirna

Smástirni fór nálægt jörðinni í síðustu viku en olli engum skaða, að sögn rússneskra vísindamanna sem fylgst hafa með ferð þess um geiminn síðastliðin tvö ár.

Smástirnið, sem kallast 2004 XP14, skaust hjá í 269.000 kílómetra fjarlægð frá jörðu. Það er of mikil fjarlægð til að hafa áhrif á jörðu niðri auk þess sem það var of langt í burtu til að valda tjóni á gervihnöttum sem sveima umhverfis plánetuna. Þeir gervihnettir sem fjærst eru jörðu eru í 36.000 kílómetra fjarlægð en Alþjóðlega geimstöðin er „einungis“ í 350 kílómetra fjarlægð frá jörðu.

Vísindamenn í Bandaríkjunum og Úkraínu fylgdust spenntir með þegar smástirnið skaust hjá en þeir notuðu tækifærið til að gera ýmsar rannsóknir á því. Vonast er til að niðurstöðurnar gefi vísbendingar um áhrif annarra smástirna sem fara framhjá jörðinni í nánustu framtíð en vitað er um 700 slík.

Jarðarbúar þurfa ekki að hafa áhyggjur af því að smástirni rekist á heimkynni þeirra því vísindamennirnir segja fátt benda til að það gerist næstu áratugina. - jab


**SMÁSTIRNIÐ** Bandarískur áhugamaður um stjörnufræði tók þessa mynd af smástirninu þegar það fór hjá jörðinni. Ef rýnt er í myndina sést dauf hvít lína sem smástirnið myndaði. MYND/AP

Markmál
Þýðingar og skjalagerð
Aðsetur í ReykjavíkurAkademíunni - Hringbraut 121
www.markmal.is - markmal@markmal.is - S: 660 5003

# Leita lífs á fjarlægum plánetum

## Bandarískir vísindamenn vonast til að hægt verði að bæta skilyrði til að leita að lífi á öðrum hnöttum.

**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson**
skrifar

Leit að lífi á öðrum hnöttum gæti tekið stakkaskiptum, verði hugmyndir vísindamanna við Colorado-háskóla í Bandaríkjunum að veruleika.

Hugmynd vísindamannanna gengur út á að senda skerm úr plasti, sem er fimmtíu metrar í þvermál, út í geim. Hann mun skyggja á stjörnur og sólir í himingeiminum og koma í veg fyrir að þær varpi birtu á hinar ýmsu plánetur sem eru í allt að 1,6 milljóna kílómetra fjarlægð frá jörðu. Þegar birtustigið dofnar á plánetunum vonast vísindamennirnir til þess að geta greint þær betur.

Þá gera vísindamennirnir ráð fyrir því að ásamt skerminum verði öflugur sjónauki í geiminum, sem megi nota til að greina líf á plánetunum. Komi í ljós að þar sé ekkert líf að finna verður engu að síður hægt að nota sjónaukann til að greina ský, vatn og kanna hvort súrefni sé að finna á einhverjum þeirra pláneta sem verða gaumgæfðar.

Geimvísindastofnun Bandaríkjanna, NASA, hefur sýnt verkefninu áhuga og veitti vísindamönnunum jafnvirði þrjátíu milljóna króna til að þróa skerminn.

Ef allt gengur að óskum er áætlað að skjóta skerminum út í geim á næstu tíu árum, á sama tíma og James Webb-sjónaukinn verður sendur á flakk út í geim. Áætlað er að sjónaukinn fari af stað árið 2013 og mun hann taka við af Hubble-sjónaukanum.


**HUBBLE-SJÓNAUKINN** Nýjum sjónauka verður skotið út í geim árið 2013 og mun hann taka við af Hubble-sjónaukanum.


Jakki
Stærðir 48-64
5.330.-
Vesti
Stærðir M-XXL
4.600.-
Buxur
Stærðir 48-64
Frá 4.160.-
Góður vinnufélagi
ARCTIC WEAR
Sími: 534-2900
Vinnuföt - Hlífðarföt Vesturvör 7 • 200 Kópavogi • Sími: 534-2900 • Fax: 534-2901
Prentsnilld ehf

# Kínverjar senda tónlist úr geimnum

Stjórnvöld í Kína áætla að senda rannsóknarfar til tunglsins á næsta ári en þetta verður fyrsta sjálfstæða geimskot Kínverja. Geimfarið mun taka þrívíðar myndir af yfirborði tunglsins og gera ýmsar rannsóknir á efnasamsetningu þess.

Þetta er þó ekki eini tilgangur geimflaugarinnar því hún mun líka útvarpa þrjátíu kínverskum lögum aftur til jarðarinnar.

Kínverskri alþýðu gefst nú tækifæri á að velja lögin sem vistuð verða í flauginni en um er að ræða 150 þjóðlög, popplög frá Taívan og Hong Kong og óperur af ýmsum toga. - jab


**KÍNVERSK GEIMFLAUG** Kínverjar skutu gervihnetti á braut um jörðu í samvinnu við Geimvísindastofnun Evrópu í desember árið 2003. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Skrifstofuhúsgögn



Hirzlan
Smiðsbúð 6 Garðabæ Sími 564 5040

# Sigraði í verðbréfaleik

Birgir Örn Birgisson bar sigur úr býtum í verðbréfaleik Landsbankans og Virðis, félags viðskiptafræðinga úr Bifröst. Verðlaunin voru eitt þúsund Bandaríkjadala innlögn á E*TRADE reikning Birgis í Landsbankanum.

Að sögn Birgis ákvað hann að taka töluverða áhættu í leiknum og hafði þann hátt á að kaupa í félögum sem lækkað höfðu hratt og veðja á að lækkunin gengi til baka. Þetta bar ríkulegan ávöxt enda varð Birgir hlutskarpastur af um fjörutíu keppendum.

Sigurjón Þ. Árnason, bankastjóri Landsbankans, og Örvar D. Magnússon, sérfræðingur á verðbréfasviði, afhentu Birgi verðlaunin.


**ÞÚSUND DALIR** Landsbankinn og Félag viðskiptafræðinga frá Bifröst stóðu að verðbréfaleik þar sem keppendur áttu að ávaxta fé með verðbréfakaupum á E*Trade vef bankans. Birgir Örn Birgisson var hlutskarpastur með trú á fyrirtæki sem aðrir höfðu misst trú á. Sigurjón Þ. Árnason, bankastjóri afhenti honum þúsund dollara fyrir sigurinn


Markaðsvaktin - Veist þú hvað er að gerast á markaðnum í dag?
ÓKEYPIS
REYNSLUTÍMI
á www.mentis.is
Microsoft CERTIFIED Partner
Sigtúni 42 105 Reykjavík Sími 570 7600 info@mentis.is
mentis HUGBÚNAÐUR


1928
VERSLUN • VÖRUHÚS
www.1928.is
Kynningarverð fyrir heimilið og sveitasetrið
LÁGT VERÐ
Vínrekki 65x35x85
Verð áður 17.800
Verð nú 14.200
Bekkur 116x46x80
Verð áður 29.800
Verð nú 23.800
Consola 120x40x80
Verð áður 28.000
Verð nú 23.000
Borð 135x90x80
Verð áður 36.000
Verð nú 28.800
Veggskápur 50x21x69
Verð áður 13.900
Verð nú 11.000
Diskarekki 62x24x76
Verð áður 9.900
Verð nú 7.900
Hilluhengi 70x20x40
Verð áður 5.800
Verð nú 4.600
Kertastjakar frá 1000.- kr
Náttskápur 46x36x71
Verð áður 15.800
Verð nú 12.650
Kommóða 85x40x96
Verð áður 39.000
Verð nú 31.000
Kommóða 85x40x96
Verð áður 39.000
Verð nú 31.000
Speglar
3 stærðir
verð frá 2.960.- kr
Tvöfaldur glerskápur
107x40x184
Verð áður 68.000
Verð nú 54.500
Glerskápur 49x39x180
Verð áður 39.000
Verð nú 31.000
Skápur á borð eða vegg
71x22x52
Verð áður 9.900
Verð nú 7.900
Bókahillur tvær stærðir
64x33x181 og
90x38x185
Verð frá 28.000
Náttborð 41x33x64
Verð áður 9.900
Verð nú 7.900
Hornskápur 67x40x180
Verð áður 33.800
Verð nú 27.000
Glerskápur 60x36x182
Verð áður 44.000
Verð nú 35.000
Skatthol 80x48x102
Verð áður 23.000
Verð nú 18.400
Hár skenkur 86x40x190
Verð áður 68.000
Verð nú 54.400
Skenkur 130x43x87
Verð áður 49.900
Verð nú 39.900
CD standur 26x20x107
Verð áður 13.000
Verð nú 10.400
Söluaðilar: Versluninni Þórðarhöfða Sauðárkrók, Draumland Keflavík, Blómaborg Hveragerði og Hólmar húsgagnaverslun á Reyðarfirði
Laugavegi 20b • Sími 552 2515 • Auðbrekku 1 • Sími 544 4480
Opnunartími: mán - föst 10-18 og lau 11-16

**SÍMANÚMER MARKAÐARINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@markadurinn.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@markadurinn.is **Veffang:** visir.is

**16** milljarða samanlagt markaðsvirði SPH og SPV sem sameinast líklega seint í október.

**555** milljóna hlutafjáraukning Eddu útgáfu.

**0,75** prósentustiga hækkun stýrivaxta sem nú standa í 13 prósentum.

## BANKAHÓLFIÐ



### Stjórn dauðans

Boðað hefur verið til hluthafafundar í Straumi-Burðarási í næstu viku þar sem ný stjórn verður kjörin. Áhugafélag um bætta stjórnarhætti í fyrirtækjum hefur sett saman eftirfarandi stjórn: Björgólfur Thor Björgólfsson og Eggert Magnússon, fulltrúar Samsonar og tengdra aðila, Magnús Kristinsson og Þórður Már Jóhannesson, fulltrúar FL Group, og Víglundur Þorsteinsson, fulltrúi lífeyrissjóðanna og litlu fjárfestanna.

### Windows XP úreldist

Bandaríski tölvurisinn Microsoft hefur hvatt alla notendur stýrikerfisins Windows 98 til að skipta því út fyrir nýrra kerfi, svo sem Windows XP. Ástæðan fyrir því er sú að fyrirtækið ætla að hætta að búa til ýmsar viðbætur við stýrikerfið. Talið er að um 70 milljónir manna noti stýrikerfið og má gera ráð fyrir því að tölvur milljóna manna verði viðkvæmar gagnvart vísurskeytum vegna þessa. Vírusbanar á borð við finnska fyrirtækið F-Secure hafa því ákveðið að búa áfram til vírusvarnir fyrir þetta gamla stýrikerfi. Upphaflega átti að hætta að gera viðbætur við Windows 98 fyrir þremur árum en íbúar í fátækari löndum heims, sem höfðu ekki efni á nýju kerfi, fengu stjórnendur fyrirtækisins ofan af fyrirætlunum sínum. Ekki liggur fyrir hvort þeir eru komnir með nýtt stýrikerfi frá Microsoft.

### Skammvinn HM-gleði

Eins og flestir vita lauk HM í knattspyrnu á sunnudag og vöknuðu Þjóðverjar í gráum raunveruleikanum á mánudag eftir stanslausa sparkgleði í mánuð. Þýska dagblaðið Die Welt bætti enn á grámann er það hafði eftir Axel Weber, seðlabankastjóri Þýskalands, í gær, að áhrif keppninnar á efnahagslíf landsins yrðu skammvinn en það er þvert á vonir manna í stærsta aðildarlandi myntbandalags ESB. „Frábær heimsmeistarakeppni getur ekki blásið lífi í heilt hagkerfi,“ sagði seðlabankastjórinn og benti á að spáð væri hægari hagvexti í Þýskalandi á næsta ári en á þessu ári.






## Sumarbústaðir




Garðhúsgögn, Heitir pottar og Kamínur. Auðbrekka 6, 200 Kóp, NORM - X S. 565 8899 www.normx.is

## Atvinnuhúsnæði

Til Leigu v/smiðjuveg jarðh. 562m 2 verslunar/iðnaðar húsn. Góðir gluggar innkeirsludyr, sér bílast., lofth. 3,3m, Leiguverð per m. 2kr1100 uppl. 893 0420 & 587 1590.

## Geymsluhúsnæði




Þinn eigin geymslubílskúr. 7, 10 og 17 m2. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymsla1.is

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 19 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

## Gisting

25 fm hús í miðbæ Hfj m. húsgögnum leigist í nokkra daga eða viku í senn. Upp. í s. 699 7287.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Veitingahús**
Starfsfólk óskast. Aldur 30+ æskilegast.
**Uppl. í s. 894 0292.**

Pizza Hut

**Hlutastörf og fullt starf á Pizza Hut**
Pizza Hut leitar að duglegu og stundvísu starfsfólki í veitingasal og í eldhús. Um er að ræða hlutastarf og fullt starf . Lágmarksaldur er 18 ára. Hafið samband við Ómar á Sprengisandi 869-6683, Birgir á Nordica 533 2002 eða Áslaugu í Smáralind 863 1132.

PÍTAN

**Pítan**
Frábær vinnustaður, skemmtilegt fólk og rótgróinn rekstur. Langar þig að vinna á Pítunni? Erum með laus störf í vaktavinnu í kvöld- og helgarvinnu bæði í sal og í eldhúsi. Einnig með lausuar stöður í full störf.
**Umsóknareyðiblöð á Pítunni og á pitan.is. Umsækjendur þurfa að geta haft störf sem fyrst.**

**Skalli Vesturlandsvegi**
Skalli Vesturlandsvegi óskar eftir starfsfólki í fullt starf. Uppl. á staðnum í dag milli 16-20.

TEITUR Hópferðabílar

**Bifreiðastjórar óskast til starfa**
Vegna aukinna umsvifa óskum við eftir að ráða bifreiðarstjóra til framtíðarstarfa. Einnig óskum við eftir að ráða bifreiðarstjóra til aksturs á kvöldin og um helgar, um hlutastörf er að ræða. Störfin henta jafnt konum sem körlum.
**Upplýsingar í síma 515 2700 frá 9-17 Jónas eða Ágúst.**

**Cafe Bleu**
Óskum eftir að ráða vana þjóna í sal. Einungis gott fólk kemur til greina, góð laun í boði.
**Upplýsingar gefur Jón á staðnum. Café Bleu Kringlunni. S. 588 0300 & 690 1074**

**Veitingahúsið Vegamót**
Óskar eftir barþjónum í helgarvinnu og fólki í glasatínslu.
**Upplýsingar á staðnum.**

aktu taktu

**Afgreiðsla og Vaktstjórn Viltu vinna með skemmtilegu fólki?**
Ertu dugleg/ur og mætir á réttum tíma í vinnu? Góð laun fyrir líflegt og skemmtilegt starf í afgreiðslu. Hentar best fólki 18-40 ára en allir umsækjendur velkomnir! Hvort sem þú vilt vera í fullu starfi eða kvöldvinnu þá höfum við eitthvað fyrir þig. Aktu Taktu er á fjórum stöðum á höfuðborgarsvæðinu.
**Umsóknir á aktutaktu.is og á stöðunum.**

**Atvinna í boði!**
Iðnaðarmenn og byggingaverkamenn óskast til starfa nú þegar.
**Upplýsingar gefur Sigurður í síma 896 1075.**

**Óskum eftir starfsmanni**
Keiluhöllin Öskjuhlíð óskar eftir starfsfólki í skyndibita eldhús. Vinnutími frá 11 til 17 virka daga og aðra hvora helgi.
**Upplýsingar í síma 864 6112 eða 663 4403 eða á www.keiluhollin.is**

**Cafe Victor**
Cafe Victor óskar eftir starfsfólki í sal í vaktavinnu.
**Uppl. veitir Baldur í s. 692 0735 eða á email baldur@victor.is**

**Galileó**
Pizzamakers - assitance in kitchen an chef's wanted. Day and night shifts. Good salary for the right people.
**Information Helgi í s. 820 4381.**

**Gröfumaður**
Loftorka Reykjavík ehf óskar eftir að ráða mann á nýlega hjólagröfu. Fæði og heimkeyrsla.
**Loftorka Reykjavík ehf, Miðhraun 10 Garðabæ 565 0877 & 892 0525.**

**Glaumbar auglýsir**
Glaumbar auglýsir eftir barþjónum, aðstoð í sal. Góð laun í boði fyrir duglega einstaklinga.
**Allar nánari upplýsingar í síma 896 8596 eða á staðnum eftir kl. 19.**

**Vélamaður óskast**
Vélamaður óskast í fullt starf á nýja og vel útbúna 18 tonna hjólagröfu. Mikil vinna.
Uppl. í s. 840 7744.

**Vantar þig vinnu**
IMG-Gallup óskar eftir fólki í kvöld- og helgarvinnu. Umsækjendur þurfa að búa yfir góðri íslenskukunnáttu og hafa framúrskarandi þjónustulund. Lágmarksaldur umsækjenda 18 ár. Boðið er upp á gott starfsumhverfi.
**Nánari upplýsingar gefur Hjördís í síma 540 7180.**

**Bakaríið hjá Jóa Fel**
Bakaríið og sælkeraverslun Jóa Fel Kleppsvegi og Smáralind, óskar eftir hressu og duglegu fólki í afgreiðslu.
**Uppl. fást hjá Lindu í síma 863 7579 eða á staðnum. Bakaríið Hjá Jóa Fel, Kleppsvegi 152 og Smáralind.**

Óskum eftir meiraprófsbílstjóra um er að ræða sumarafleysingar á sendibíl sem er á stöð, nauðsynlegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Uppl. í síma 896 4002.

**Café Konditori**
Okkur vantar starfsmann í afgreiðslu í 100% starf. Uppl. í s. 664 7411, Maríanna.

Íscafé Suðurlandsbraut óskar eftir starfsfólki í afgreiðslustörf, vaktar og helgarvinna. Upplýsingar í síma 699 5112.

Veitingahúsið Tveir Fiskar við Reykjavíkurhöfn óskar eftir starfsfólki í sal og eldhús, vinsamlega hringið í síma 691 0339 fyrir kl. 19:00 alla daga. ( Árni )

**Flísalagningamaður.**
Óskum eftir múrara, flísalagningamanni eða mönnum vönum múrverki. Mikil vinna og góðir tekjumöguleikar. Uppl. í síma 699 1434.

Krydd & Kavíar veitingaþjónusta óskar eftir tveimur sjálfstæðum manneskjum til að starfa í mötuneytum sem Krydd & Kavíar annast. Vinnutími er frá 10 - 14 alla virka daga. Við gerum kröfu um að starfsfólk sé snyrtilegt, jákvætt og hafi áhuga á matargerð. Upplýsingar gefur Garðar í síma 824 7731 milli 9 - 17 eða senda umsókn á kryddogkaviar@kryddogkaviar.is.

**JC Mokstur**
Óskum eftir vönum gröfumönnum. Næg vinna og góð laun í boði. Uppl. í s. 693 2607.

Iðnaðarmenn ehf óskar eftir smíðanema og smið. Uppl. í s. 661 5050.

Óska eftir mönnum í húsviðgerðir. Reynsla æskileg, mikil vinna framundan og góð laun í boði fyrir rétta menn. Uppl. í s. 869 1578 Þórður.

## Atvinna óskast

Íspólska ráðningarþjónustan, útvegar pólskt starfsfólk. Upplýsingar í s. 894 7799 eða ispolska@simnet.is

Ég er öryrki og get tekið að mér ýmis konar viðvik. Uppl. í s. 553 1760 & 892 2001.

Tvítug stúlka óskar eftir framtíðarstarfi. Get hafið störf í Ágúst. Hef lokið stúdentsprófi og er með góða ensku og tölvukunnáttu. Margt kemur til greina. Uppl. í s. 867 1137.

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

## Ýmislegt

**Engar skuldir - Hærri tekjur**
Skoðaðu Magnad.com og lærðu að skapa þér þær tekjur sem þú vilt - heima hjá þér!

## Einkamál

Símaspjall 908 2020. Halló yndislegastur ég er Sigrún mig langar til að vera vinkona þín langar þig í hressandi símaspjall við mig? Látið drauma ykkar rætast. Opið allan sólahringin, engin bið.

Til Sölu Polo '96 1400, ek. 135 þ. D.Grænn Verð 280.000 Uppl. 694 7846.

Vill kynnast mönnum milli 40-60 með vináttu í huga. Sími 690 6189.

Ert þú karlmaður? Viltu láta dekra við þig? Hafðu samband í síma 869 6914.

Hæ stúlkur. Ég er 40 ára karlmaður og langar til að kynnast ykkur á aldrinum 30-50 ára sem lífsförunaut eða með tilbreytingu í huga. Svör sendist á Fréttablaðið merkt "búkolla".
















## FASTEIGNIR

# Álfkonuhvarf 39 Kópavogur

**Opið hús í dag á milli kl. 18 og 18:30**

**Verð: 24,9 millj.**
Stærð eignar: 111,5 fm
Fjöldi herb.: 3
Byggingarár: 2005
Brunab.mat: 18 millj.



Stór, rúmgóð og skemmtileg jarðhæð með fallegum eikarinnréttingum. Gott fataherb.innaf hjónaherb. Mikið skápapláss í íbúð. Eldhús með fallegri innréttingu, keramikhelluborði og uppþottavél. Útgengi á góða verönd frá stofu. Þvottaherb.innaf baði.






Svana Ingvaldsdóttir, sölufulltrúi
GSM: 866 9512
www.svana.is



RE/MAX BÚI
Sigurður Guðmundsson hdl. lögg. fasteignasali

# FASTEIGNAKAUP

**Ármúli 15 - Sími: 515 0500 - www.fasteignakaup.is**

Frum




Glæsileg, ný ca. 75 fm sumarhús í byggingu við Skálalækjarás í landi Indriðastaða í Skorradalshreppi. Sumarhúsin eru hæð og ris samkvæmt samþykktum íslenskum teikningum og stöðlum, með verönd. Húsið skilast fullfrágengin með innréttingum, tækjum og gólfefnum. Verönd skilast fullfrágengin með grindverki. Húsin liggja í kjarri vöxnu landi Indriðastaða. (einnig er möguleiki á að fá húsin styttra á veg komin). ***Verð 18,9 millj.***

*Erna Valsdóttir lögg. fasteigna-, skipa- fyrirtækjasali*

# EIGNAMIÐLUN

Síðumúla 21 eignamidlun@eignamidlun.is Fax 588 9095
www.eignamidlun.is Mánud. - fimmtud. 9-18 Föstud. 9-17

Sími 588 90 90

Sverrir Kristinsson löggiltur fasteignasali

## SELTJARNARNES

- ÍBÚÐ ÓSKAST TIL LEIGU -

Höfum verið beðin að útvega traustum aðila 2-4 herb. íbúð á Seltjarnarnesi til leigu. Nánari upplýsingar veitir Jason fasteignasali í síma 588-9090 (eða 899-3700)



# EIGNAMIÐLUN

Síðumúla 21 eignamidlun@eignamidlun.is Fax 588 9095
www.eignamidlun.is Mánud. - fimmtud. 9-18 Föstud. 9-17

Sími 588 90 90

Sverrir Kristinsson löggiltur fasteignasali

## OTRATEIGUR

2-BÝLI - SÉRINNGANGUR




Eignamiðlunin kynnir rúmgóða þriggja herbergja íbúð í kjallara. Íbúðin skiptist í tvö svefnherbergi, baðherbergi, eldhús, geymslur og sameiginlegt þvottaherbergi. Eignin er með sérinngangi og er mjög vel staðsett.
**Verð 15,9 millj.**


TILKYNNINGAR

## *Bjóst þú á stúdentagörðunum Solbakken í Kaupmannahöfn?*

*Þann 26. ágúst fagnar Solbakken 50 ára afmæli sínu, þar sem allir núverandi og fyrrverandi íbúar eru velkomnir. Í boði verður ýmis skemmtun, tónlist og matur fyrir bæði börn og fullorðna. Komdu og upplifðu gömlu góðu Sólbakkastemninguna!*

***Allar nánari upplýsingar má finna á http://info.solbakken.dk.***

Grindavíkurbær

# Tilboð óskast

Tilboð óskast í gömlu leikskólabyggingarnar við Laut í Grindavík ásamt innanstokksmunum og skulu þær vera fjarlægðar fyrir þann 21. ágúst næstkomandi.

Leikskólabyggingarnar eru tvö timburbús, annað byggt 1975 og er 119 m2 að stærð og hitt er byggt 1991 og er 113,5 m2. Nýrri byggingin er í ágætis ásigkomulagi með áfastri nýlegri sólstofu.

Tilboðum skal skila skriflega inn til bæjarverkfræðings Grindavíkur fyrir kl. 12:00 þann 19. júlí næstkomandi og áskilur Grindavíkurbær sér rétt til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Grindavíkurbæjar www.grindavik.is undir Tæknideild.

VEGAGERÐIN

## Hringvegur um Hornafjarðarfljót í Hornafirði

### Drög að tillögu að matsáætlun

Vegagerðin auglýsir hér með drög að tillögu að matsáætlun vegna fyrirhugaðra breytinga á Hringvegi um Hornafjarðarfljót í sveitarfélaginu Hornafirði. Framkvæmdin er 11-18 km löng veglagning, háð veglínum og nær frá Hringvegi vestan Hornafjarðarfljóts, yfir Hornafjarðarfljót og að Hringvegi skammt austan Hafnarvegar sem liggur að Höfn í Hornafirði. Framkvæmdin styttir Hringveginn um 10-12 km. Tilgangur framkvæmdar er að bæta samgöngur á Suðausturlandi og styrkja byggðalög á Suðaustur- og Austurlandi með bættu vegasambandi á Hringvegi.

Drög að tillögu að matsáætlun eru kynnt á veraldarvefnum, samkvæmt reglugerð 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum. Tillöguna er hægt að skoða á eftirfarandi heimasíðu: **www.vegagerdin.is**. Almenningur getur gert athugasemdir við áætlunina og er athugasemdafrestur til 31. júlí 2006. Athugasemdir er hægt að senda með tölvupósti til **ebh@vegagerdin.is** eða senda til Vegagerðarinnar, Borgartúni 5-7, 105 Reykjavík.


# LYNGVÍK FASTEIGNASALA

Síðumúla 33 - Sími 588 9490 - www.lyngvik.is - lyngvik@lyngvik.is

Sigrún Gissurardóttir, löggiltur fasteignasali

## 140,6 FM INNKEYRSLUBIL TRÖNUHRAUN Í HAFNARFIRÐI




Vorum að fá í sölu á þessum eftirsótta stað gott innkeyrslubil. Um er að ræða gott innkeyrslubil á góðum stað í Hafnarfiði, gönguhurð og innkeyrsluhurð er inní húsnæðið. Húsnæðið er bjart með ágætu plani fyrir utan, ath gólfflöturinn er 140,6 fm og er möguleiki að vera með milliloft t.d. fyrir kaffistofu eða skrifstofu. Hentar ekki síst vel bílaáhugamönnum og verktökum. Jafnframt upplagður dótakassi. Húsnæðið er ekki bundið vsk kvöð. Ekkert áhvílandi.. LAUST STRAX VIÐ SAMNING !!



# FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

Óðinsgötu 4 • Sími 570 4500 • Fax 570 4505 • Kt. 440973-0359
Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali

Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is

## BREIÐAVÍK- ENDARAÐHÚS




**Mjög fallegt 152 fm einlyft endaraðhús með 35 fm innb. bílskúr. Eignin skiptist í anddyri, rúmgott hol, glæsilegt eldhús, stofu og borðstofu, sjónvarpsherbergi (áður barnaherb.), 2 herbergi og flísalagt baðherb. Innréttingar úr kirsuberjavið og gegnheilt eikarparket á gólfum. Innfelld lýsing í loftum, ljós og lýsing hönnuð af Lúmex. Hús nýlega málað að utan. Fallegur gróin garður með timburverönd og hellulögn. Verð 42,9 millj.**



# FASTEIGNAKAUP

**Ármúli 15 - Sími: 515 0500 - www.fasteignakaup.is**

## Til sölu - Ægisvellir 1 230 Keflavík



Fasteignakaup kynnir sérlega glæsilegt 165 fm parhús við Ægisvelli í Keflavík þar af 45,3 fm innbyggður bílskúr. Eignin skiptist í stofu, eldhús, þrjú svefnherbergi, baðherbergi, vinnuherbergi, þvottahús og bílskúr. Bílaplan: Er hellulagt og hellulögð verönd framan við húsið. Sólpallur: Á stórri hornlóð hússins er sérlega góður sólpallur. Afh. eignar: Fljótlega. Verð: 34,9 millj.

***Nánari upplýsingar www.fasteignakaup.is***

***Nánari uppl. gefur Guðmundur Valtýsson gsm 865 3022***

*Erna Valsdóttir lögg. fasteigna-, skipa- fyrirtækjasali*


Kirkjubæjarskóli á Kirkjubæjarklaustri

## Grunnskólakennarar

Við leitum að áhugasömum kennurum næsta skólaár. Ýmsar kennslugreinar koma til greina.

Nánari upplýsingar veitir Stella Á. Kristjánsdóttir, skólastjóri, í símum 487–4633 eða 865-7440. Einnig má senda fyrirspurnir á netfangið: kbskoli@ismennt.is. Veffang skólans er www.kbs.is


## Viltu vera í vinningsliðinu?

**Fjölbreytt og lifandi starf**

Við bjóðum upp á fjölbreytt og lifandi starf, góðan starfsanda, þægilegt og afkastahvetjandi kerfi.

**Góðar tekjur**

Við leitum að harðduglegu sölufólki.
Mikil vinna og góðar tekjur í boði fyrir metnaðarfullt sölufólk.

*Ef þetta er eitthvað fyrir þig, sendu þá umsókn á* ***gudrun@remax.is***

*Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.*

RE/MAX STJARNAN





# Lager Framtíðarstarf

*Starfskraftur óskast í fjölbreytt lagerstarf*

**Starfsvið lagermanns**

- Losun á vörum úr gámum
- Afgreiðsla á vörum til viðskiptavina
- Önnur tilfallandi störf á lager

**Hæfniskröfur:**

- Jákvætt viðmót og þjónustulipurð
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Lyftarapróf er kostur
- Áhugi, drifkraftur og metnaður til að ná árangri

Æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

**Nánari upplýsingar veita**
Snorri lagerstjóri í síma 856-4242 og með tölvupósti, snorri@husgagnahollin.is

Umsóknir berist fyrir **25. júlí** til Snorra Sævarssonar, Húsgagnahöllinni Bildshöfða 20, 110 Reykjavík eða með tölvupósti, snorri@husgagnahollin.is

HÚSGAGNAHÖLLIN

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 5.344 **+0,17%** **Fjöldi viðskipta:** 244 **Velta:** 2.134 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Alfesca** | +2,76% | **Glitnir banki** | -1,19% |
| **Flaga** | +2,30% | **Actavis** | -0,16% |
| **Bakkavör** | +1,59% | | |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 62,90 -0,16% ... Alfesca 4,10 +2,76% ... Atlantic Petroleum 568,00 +0,53% ... Atorka 6,15 +0,49% ... Avion 32,00 +0,31% ... Bakkavör 44,70 +1,59% ... Dagsbrún 5,65 +0,71% ... FL Group 16,90 +0,00% ... ... Glitnir 16,60 -1,19% ... KB banki 732,00 +0,27% ... Landsbankinn 19,80 +0,00% ... Marel 70,20 +0,00% ... Mosaic Fashions 15,50 +1,31% ... Straumur-Burðarás 16,30 +0,00% ... Össur 108,50 +1,40%

**viðskipti**
Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Spá yfir 23 milljarða hagnaði

Greiningardeild KB banka gerir ráð fyrir að hagnaður þeirra sextán félaga, sem hún spáir fyrir, verði um 23,5 milljarðar króna á öðrum ársfjórðungi. Er reiknað með að hagnaður fjármálafyrirtækja dragist saman um þriðjung frá sama tímabili í fyrra vegna tapreksturs Straums-Burðaráss og TM.

Af einstökum félögum hagnast Glitnir mest á öðrum ársfjórðungi eða um 8,1 milljarð króna en Landsbankinn fylgir fast á hæla hans með um 7,4 milljarða. Bankinn spáir ekki fyrir eigin afkomu.

Hagnaður Avion Group er áætlaður 5,9 miljarðar og þá er búist við að hagnaður Actavis og Bakkavarar fari vel yfir tvo milljarða króna.




**SPÁ AÐ VÍSITALAN VERÐI Í 6.500 STIGUM Í LOK ÁRS** Annar ársfjórðungur lítur ágætlega út fyrir fyrirtæki í Kauphöll að mati KB banka.

Fyrir árið í heild reiknar KB banki með að heildarhagnaður þeirra félaga, sem hann hefur til skoðunar, verði 134 milljarðar króna.

Í afkomuspánni kemur fram sá spádómur að Úrvalsvísitalan muni enda í 6.500 stigum í árslok sem er fimm hundruð stigum minni en fyrri spá hljóðaði upp á. Gangi þetta eftir hækkar vísitalan um 21,6 prósent frá síðasta gildi. **- eþa**

# AP3 íhugar sölu í Yahoo

Sænski ríkislífeyrissjóðurinn AP3 hefur til skoðunar að selja öll hlutabréf sín í Yahoo, alls þrjú hundruð þúsund hluti, vegna grunsemda um að Yahoo hafi framið mannréttindabrot. Bandaríska félagið er sakað um að hafa komið gögnum til kínverskra stjórnvalda er áttu þátt í því að andófsmaðurinn, Shi Tao, var dæmdur til tíu ára tukthúsvistar.

Tao notaði Yahoo-pósthólf til að senda viðkvæmar upplýsingar um kínversk stjórnvöld til Bandaríkjanna.

AP3 vinnur eftir siðareglum þar sem leitast er við að stunda ábyrgar fjárfestingar. Ber samkvæmt þeim að forðast fjárfestingar í félögum sem virða ekki þær reglur. Stjórnendur AP3 hafa sent bréf til Yahoo og óskað eftir skýringum. Yahoo á enn eftir að svara. **- eþa**




**GLITNIR BANKI** Greiningardeild Glitnis hefur eftir skýrslu OECD að beinar fjárfestingar hér hafi aukist um 296 prósent á milli áranna 2004 og 2005. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Erlend fjárfesting aldrei meiri

Beinar fjárfestingar erlendra aðila hér á landi námu 153 milljörðum króna í fyrra og jukust um 296 prósent frá árinu á undan. Um met er að ræða.

Að sögn greiningardeildar Glitnis er þetta margfalt meiri vöxtur í erlendri fjárfestingu en mældist á sama tíma í OECD-löndunum. Vöxtur erlendra fjárfestinga í öðrum löndum var engu að síður sögulegur en hann nam 46.800 milljörðum króna á síðasta ári sem er 27 prósenta aukning á milli ára.

Beinar fjárfestingar erlendra aðila voru mestar í Bretlandi á síðasta ári miðað við önnur OECD-lönd. Þær námu rúmum 12.400 milljörðum íslenskra króna og tengjast fjárhagslegri endurskipulagningu alþjóðra fyrirtækja á borð við Shell þar í landi auk þess sem hlutur skrifast á reikning milliríkjasameininga og -yfirtöku á fyrirtækjum, að sögn greiningardeildarinnar. **- jab**

# Engin pöntun á risaþotu

Pantanir á flugvélum hjá evrópsku flugvélasmiðjunum Airbus hafa dregist mikið saman á milli ára. Á fyrstu sex mánuðum ársins voru pantaðar 117 nýjar flugvélar sem er 159 flugvélum færra en á sama tíma í fyrra.

Þessu er öfugt farið hjá Boeing, helsta keppinauti Airbus. Flugfélög víða um heim hafa á fyrstu sex mánuðum ársins tryggt sér 487 Boeing-vélar, sem er 48 vélum fleiri en á sama tíma fyrir ári. **- jab**



RICHARD SIMMONS (1948)
FÆDDIST ÞENNAN DAG



*„Ég verð þreyttur á neikvæðninni í landinu okkar. Ég verð þreyttur á fólki sem vill bara vita það slæma. Ég verð þreyttur á fólki sem trúir ekki á sjálft sig. Þess vegna er ég hér.“*

***Richard Simmons hefur leikið í mörgum sjónvarpsþáttum og gefið út fjölda líkamsræktarmyndbanda og hjálpað með því fjölmörgum Bandaríkjamönnum að grennast.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST 12. JÚLÍ 1984

# *Geraldine Ferraro varaforsetaefni*



Geraldine Ferraro varð fyrsta konan til þess að verða útnefnd sem varaforsetaefni af stórum stjórnmálaflokki í Bandaríkjunum. Ferraro var útnefnd sem meðframbjóðandi demókratans Walter Mondale fyrir forsetakosningarnar árið 1984. Ferraro fæddist árið 1935 og var dóttir ítalskra innflytjenda en faðir hennar dó þegar hún var átta ára. Hún útskrifaðist með B.A. gráðu í ensku árið 1956 og varð kennari. Með kennslustarfinu lærði hún lögfræði á kvöldin og útskrifaðist svo með lögfræðigráðu árið 1960. Árið 1974 tók Ferraro við stöðu aðstoðarumdæmissaksóknara og fjórum árum síðar var hún kosin til fulltrúadeildar Bandaríkjaþings.

Árið 1980 var Ferraro kosin sem ritari flokksþingsfundar demókrata og fyrir kosningarnar 1984 var hún í nefnd demókrata sem fjallaði um stefnuskrá flokksins. Sama ár gerðist hún svo meðframbjóðandi forsetaframbjóðandans Walter Mondale.

Demókratar töpuðu kosningunum þetta árið fyrir Ronald Reagan sem varð forseti og George Bush varð varaforseti. Árið 2002 bauð Mondale sig fram til öldungadeildar en tapaði naumlega fyrir Norm Coleman, frambjóðanda demókrata. Ferraro reyndi tvisvar að ná tilnefningu demókrata fyrir öldungadeildina árin 1992 og 1998 en tapaði í bæði skiptin. Árið 1993 tilnefndi Bill Clinton hana til þess að vera í forsvari fyrir Bandaríkin hjá Sameinuðu þjóðunum en hún vinnur núna sem forstjóri ráðgjafafyrirtækis.

## MERKISATBURÐIR

- **1543** Hinrik VIII Englandskonungur giftist sjöttu og síðustu eiginkonu sinni, Catherine Parr.
- **1920** Litháen undirritar friðarsamning við Rússa eftir að hafa rekið sovéskar hersveitir á brott
- **1933** Bandaríska þingið samþykkir fyrstu lögin um lágmarkslaun í Bandaríkjunum, 33 sent á klukkutímann.
- **1953** Grafarkirkja á Höfðaströnd í Skagafirði er vígð eftir að hún var endurbyggð en hún var reist árið 1680 og er ein minnsta kirkja landsins.
- **1967** Fjögurra daga kynþáttaóeirðir hefjast í Newark, New Jersey, en þær enduðu með dauða 27 manns.

## ÚTFARIR

- **13.00 Friðrik Halldór Valgeirsson**, Suðurgötu 72, Hafnarfirði, verður jarðsunginn frá Hafnarfjarðarkirkju.
- **13.30 Sigrún Kristinsdóttir**, Vesturgili 5, Akureyri, verður jarðsungin frá Akureyrarkirkju.
- **14.00 Brynleifur Jónsson**, klæðskeri, Kirkjuvegi 11, Keflavík, verður jarðsunginn frá Keflavíkurkirkju.
- **15.00 Kristín Lára Kristinsdóttir**, Birkimel 10b, Reykjavík, verður jarðsungin frá Dómkirkjunni.



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Kristín Magnúsdóttir**

Rjúpufelli 42, Reykjavík, áður Vestmannabraut 10, Vestmannaeyjum,

andaðist á líknardeild Landspítalans í Kópavogi 9. júlí.

**Einar Ottó Högnason**
**Magnús Hörður Högnason** **Hrafnhildur Sigurðardóttir**
**Guðmundur Ingi Einarsson**
**Kristín Högna Magnúsdóttir**

Jarðarförin verður auglýst síðar.



*Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur hlýhug og vináttu við andlát móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Huldu Guðmundsdóttur**

Álftamýri 6, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Karitas og líknardeildar Landakotsspítala, fyrir yndislega umhyggju.

**Svava Haraldsdóttir** **Guðmundur Jens Þorvarðarson**
**Guðmundur Haraldsson** **Rakel Kristjánsdóttir**
**Erna Haraldsdóttir** **Karl Þórðarson**
**Bjarni Óli Haraldsson** **Árný Davíðsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elsku eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Guðrún Þórhallsdóttir Ludwig,**

sem andaðist þriðjudaginn 4. júlí, verður jarðsungin frá Bústaðarkirkju föstudaginn 14. júlí kl. 13. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á að leyfa Krabbameinsfélaginu og hjúkrunarþjónustunni Karitas að njóta þess.

**Thomas M. Ludwig**
**Margrét Ludwig** **Björgvin Jósefsson**
**Brandur Thor Ludwig** **Anna M. Rögnvaldsdóttir**
**Clara Regína Ludwig**
**og barnabörn.**




Fallegir legsteinar á góðu verði
Englasteinar
Helluhrauni 10 Hafnarfirði
Sími: 565-2566
www.englasteinar.is





**FH-INGAR FAGNA SIGRI** Strákarnir í FH gerðu góða ferð út til Svíþjóðar þar sem þeir gerðu sér lítið fyrir og unnu mótið en þeir hafa spilað saman í fjölda ára og unnið allt sem hægt er að vinna hérna heima. FRÉTTABLAÐIÐ/GUÐJÓN STEINAR

**FH STRÁKAR:** UNNU PARTILLE-MÓTIÐ Í HANDBOLTA Í SVÍÞJÓÐ

# Ekkert annað en sigur kom til greina á Partille-mótinu

Fjórði flokkur FH stráka vann Partillemótið í Svíþjóð á sunnudaginn þegar strákarnir sigruðu lið HK Eskil frá Svíþjóð í úrslitaleik með átján mörkum gegn sextán. Sverrir Reynisson, einn af fararstjórum hópsins, segir að FH-liðið hafi ætlað sér sigur á mótinu og ekkert annað hafi komið til greina þegar blaðamaður náði tali af honum á Kastrup-flugvelli í gær.

„Við vorum hérna á Partille í fyrra og þegar við vorum slegnir út í sextán liða úrslitum fórum við að horfa á úrslitaleikinn og þá settum við okkur „mission“ að koma hingað aftur að ári og taka þetta, af því að við töldum okkur vera með það gott lið að við ættum alveg að geta unnið þetta.“

„Þetta eru strákar sem eru miklir keppnismenn og hafa sigrað öll mót sem þeir hafa tekið þátt í, þar á meðal Norðurlandamótið um jólin, þá urðu þeir Norðurlandameistarar félagsliða sextán ára og yngri. Þetta eru Íslandsmeistarar og deildarmeistarar síðastliðin fimm ár og hafa eiginlega unnið allt sem þeir geta unnið.

Strákarnir spiluðu þrettán leiki á mótinu og unnu þá alla stórt að sögn Sverris. Það var sætur sigur þegar FH-ingarnir unnu liðið sem sló þá út úr mótinu í fyrra enda mikill hefndarhugur í strákunum. Mótið er bæði fyrir stráka og stelpur og voru fjórði flokkur FH stelpna og þriðji flokkur strákanna einnig úti og stóðu sig vel. Fjöldi íslenskra liða tók þátt og er þetta í annað skipti sem íslenskt lið vinnur mótið en Valur vann það fyrir nokkrum árum síðan. Partille-mótið er stærsta handboltamót í heimi fyrir unglinga þar sem 870 lið frá 62 löndum keppa en mótið hefur verið haldið frá árinu 1963.

Strákarnir í fjórða flokknum eru sextán ára gamlir og segir Sverrir að þeir hafi spilað saman síðastliðin sex ár. „Þetta er mikill og stór hópur og strákarnir eru vel stemmdir og vita alveg út á hvað þetta gengur, eru mjög samstilltir og standa alltaf hver á bak við annan í gegnum súrt og sætt.“ Þjálfari strákanna allan þennan tíma hefur verið Einar Andri Einarsson og segir Sverrir hann hafa kennt þeim meira og minna allt sem þeir kunna í dag. Þetta var síðasta mót Einars sem þjálfari strákanna þar sem hann mun taka við þjálfun meistaraflokks FH næsta haust.

Sverrir segir að foreldrastarfið sé mjög öflugt og að þetta hafi mikið forvarnargildi fyrir krakkana. Hann vill koma á framfæri þakklæti til þeirra sem hafa stutt liðið, fjöldi fyrirtækja og einstaklinga hafi stutt þá við fjáraflanir og fleira og Einar Andri, Daníel Scheving og Þorgeir Jónsson þjálfarar þeirra eigi mikinn heiður skilið.

**gudrun@frettabladid.is**



## 80 ára afmæli

*Á morgun, 13. júlí, er 80 ára*

**Sveinn B. Ólafsson**

**rafvirkjameistari, Rauðagerði 64 Rvk.**

*Hann og kona hans, Anna Þorgilsdóttir, taka á móti gestum í Víkingasal Hótels Loftleiða kl. 20.00 á morgun, afmælisdaginn.*

*Gjafir vinsamlega afþakkaðar.*



*Í dag er Erla Kristín 18 ára, Erla L. Theodórsdóttir 60 ára, Þórunn Erla 1 árs, og Alexandra 1 árs. Þær verða allar að heiman í dag.*

# LOKAÐ Í DAG

## VIÐ TÖKUM DAGINN SNEMMA

## ÚTSALAN HEFST Í FYRRAMÁLIÐ KL.07.00

## 40% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM

NEXT

KRINGLUNNI




# STUÐ MILLI STRÍÐA Nýtt hagvaxtartól

**KRISTJÁN HJÁLMARSSON** VILL AÐ HM VERÐI HALDIÐ Á ÍSLANDI



Stóriðjustefnan hefur ekki verið rekin hér á landi í ein þrjú ár ef marka má orð Jóns Sigurðssonar, iðnaðar- og viðskiptaráðherra. Þetta er mjög undarleg fullyrðing hjá ráðherranum, sérstaklega í ljósi þess að forveri hans undirritaði fyrir nokkrum vikum viljayfirlýsingu um áframhaldandi rannsóknir á fjárhagslegri hagkvæmni nýs álvers á Húsavík. Þar fyrir utan stendur fyrir dyrum stækkun álvera í öðrum landshlutum.

Vera má hins vegar að ríkisstjórnin hafi skyndilega áttað sig á hvað stóriðjan er heimskuleg stefna en eigi bara eftir að viðurkenna það opinberlega. Málið er nefnilega að ríkisstjórnin var búin að telja sjálfri sér trú um að stóriðjustefnan ætti eftir að skila okkur ótrúlegum hagvexti og til að ná broti af honum verður hún að finna nýja hagvaxtarpumpu sem hún getur stuðst við næstu áratugi.

Til að auðvelda stjórninni að viðurkenna mistök sín og um leið auka á einhæft hugmyndaflug hennar má benda henni á að HM í knattspyrnu er haldið á fjögurra ára fresti og slík mót virðast vera ágætis hagvaxtarpumpa. Sem dæmi má nefna að hagvöxtur jókst í Þýskalandi um 0,3% á meðan keppninni þar stóð og meira en fimmtíu þúsund störf urðu til. Þar fyrir utan hefur ferðamannaiðnaðurinn í Þýskalandi tekið kipp en tvær milljónir erlendra ferðamanna hafa lagt leið sína til landsins síðasta mánuð.

Það sem þyrfti að gera til að tryggja hagvöxt hér á landi er að byggja ellefu nýja fullburða knattspyrnuvelli um allt land og fjölga sætum við Laugardalsvöllinn. Þannig gæti Ísland auðveldlega haldið HM í fótbolta árið 2014.

Íslendingar hafa að vísu farið flatt á því að halda svona heimsmeistaramót samanber HM ´95 en þá verður að hafa í huga að fótbolti er töluvert vinsælli en þjóðaríþróttin okkar handbolti.

Og jafnvel þótt HM í fótbolta færi á sömu leið og HM ´95 yrði skaðinn sem hlytist af svona keppni alltaf minni en af stóriðjunni. Þar að auki er þetta eina mögulega leiðin fyrir okkur að koma landsliðinu okkar á stórmót í fótbolta.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# ÚTSALA
# á húsgögnum

## fyrstur kemur fyrstur fær

## Allt að 90% afsláttur

| | | | |
|---|---|---|---|
| Sófaborð | 5.600 kr. | ~~56.000~~ kr. | 90% |
| Borðstofuborð | 23.960 kr. | ~~59.900~~ kr. | 60% |
| Fataskápar Modena | 5.997 kr. | ~~19.900~~ kr. | 70% |
| Kommóða með glertopp | 9.995 kr. | ~~19.990~~ kr. | 50% |
| Kommóða með leðurtopp | 14.995 kr. | ~~29.990~~ kr. | 50% |
| Náttborð | 8.043 kr. | ~~16.085~~ kr. | 50% |
| Sjónvarpsborð | 5.160 kr. | ~~12.900~~ kr. | 60% |
| Sófasett leður | 98.762 kr. | ~~259.900~~ kr. | 62% |
| Sófasett tau | 78.435 kr. | ~~156.870~~ kr. | 50% |
| Speglar | 12.450 kr. | ~~24.900~~ kr. | 50% |
| Stakir stólar | 5.196 kr. | ~~12.990~~ kr. | 60% |
| Stóll með snúningi | 5.196 kr. | ~~12.990~~ kr. | 60% |
| Svefnsófi | 12.495 kr. | ~~24.990~~ kr. | 50% |

## Öll rúm á 20% afslætti

**Húsgögn fást einungis í Hagkaupum**
**Smáralind og á Akureyri**

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

**Kl. 21.30**
*Jazzkvartett Eriks Qvick leikur á Gamla Bauk á Húsavík. Með trommaranum geðþekka leika Thomas Markusson, Haukur Gröndal og Ásgeir Ásgeirsson.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Fornir tónar að nýju

Gestum á Sumartónleikum í Skálholti gefst einstakt tækifæri að kynnast íslenskri tónlist fyrri alda því á morgun verður þar flutt fræðandi dagskrá sem byggir á rannsóknum á nótnahandiritinu Melódíu. Handrit þetta er stærsta og merkasta tónlistarhandrit sem varðveist hefur hérlendis en þar eru skráð 223 lög af fjölbreyttum toga, til dæmis þjóðlög, ástarsöngvar, sálmar, madrígalar og fleira.


**ÁRNI HEIMIR INGÓLFSSON TÓNLISTARFRÆÐINGUR** Kynnir rannsóknir á tónlistarhandritinu Melódíu. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Handritið er frá sautjándu öld og hefur til þessa verið lítið rannsakað en Árni Heimir Ingólfsson, tónlistarfræðingur og stjórnandi kammerkórsins Carminu, hefur ásamt Guðrúnu Laufeyju Guðmundsdóttur sagnfræðingi unnið að rannsókn þess. Meðal þess sem komið hefur í ljós við rannsóknirnar er að fyrirmyndir laganna er m.a. að finna í sænskum, þýskum, frönskum, ítölskum, svissneskum og austurrískum heimildum. Því er ljóst að Ísland hefur ekki verið nærri því eins einangrað í tónlistarlífinu á 16. og 17. öld og hingað til hefur verið talið.

Árni Heimir mun halda fyrirlestur um handritið í Oddstofu í Skálholtsbúðum annað kvöld kl. 21.15 og munu kórfélagar flytja tónlist í „upprunalegum útsetningum“ úr handritinu. En kórinn mun flytja tónleikadagskrá byggða á handritinu næstkomandi laugardag. **- khh**

### > Ekki missa af...

**Bryggjudögum** á Stokkseyri um helgina. Fjölbreytt dagskrá fyrir alla **fjölskylduna**.

Sumartónleikum í Skálholtskirkju. Á morgun verða leikin verk eftir staðartónskáldið **Doinu Rotaru** og flutt erindi um Skálholtsstað á **barokktímanum**.

leikritinu **Penetreitor** sem leikfélagið Vér morðingjar sýnir í **Gamla sjóminjasafninu** við Grandagarða. Áhrifamikið leikrit um efni sem snertir okkur öll.

## Tröllakirkja á ensku

Skáldsagan Tröllakirkja eftir Ólaf Gunnarsson hefur verið endurútgefin í enskri þýðingu Davids McDuff og Jill Burrows. Bókin kom upphaflega út á íslensku 1992 og var síðan gefin út á ensku af breskum útgefenda í tveimur prentunum en er löngu uppseld.

Tröllakirkja var tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna. Hún kom út í Þýskalandi á síðasta ári í innbundinni útgáfu og hlaut afar góðar móttökur þar í landi og kemur út þar í kilju á haustmánuðum.

Sagan er sú fyrsta í þríleik Ólafs en á eftir fylgdu Blóðakur og Vetrarferðin en verið er að þýða hina síðarnefndu yfir á ensku. **- khh**


**ÓLAFUR GUNNARSSON RITHÖFUNDUR** Tröllakirkja endurútgefin á ensku. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA







# LungA virkjar sköpunarkraftinn

**Listahátíð ungs fólks á Austurlandi. LungA, hefst á Seyðisfirði næstkomandi mánudag en hátíðin er hugsuð sem vettvangur fyrir ungt og skapandi fólk sem vill efla vitund sína á menningu og listum.**

Þetta verður í sjöunda skipti sem hátíðin er haldin en vegur hennar hefur vaxið með hverju ári. Aðalheiður Borgþórsdóttir, framkvæmdastjóri LungA, útskýrir að þetta árið verði hátíðin einnig með alþjóðlegum blæ. Von er á um 45 gestum sem koma á hátíðina í gegnum ungmennaskipti og einnig koma færeyskir gestir frá vinabæ Seyðisfjarðar. Aðalheiður útskýrir að einnig sé talsvert um að þátttakendur komi á LungA ár eftir ár.

Boðið er upp á fjölbreytta dagskrá á hátíðinni og alla næstu viku eru skipulagðar listasmiðjur fyrir þátttakendur á aldrinum 16-25 ára. „Listasmiðjurnar eru daglega frá kl. níu á morgnana til fjögur eða fimm á daginn og þar læra þátttakendur grunnatriði í listum. Að þessu sinni erum við með sjö smiðjur,“ segir Aðalheiður. Þátttakendum býðst að læra leiklist, sirkuslistir og stomp eða taka þátt í hljóðsmiðju, gospelsmiðju eða fræðast um hljóðfrásagnir og fatahönnun. Leiðbeinendurnir koma líka víða að. Víkingur Kristjánsson leikari stýrir leiklistarsmiðjunni, nýútskrifaður nemendur úr hinum heimsþekkta sirkusskóla Circus Circör kenna sirkuslistir, Arnar Þór Gíslason sér um stompskólann og píanóleikarinn Ed Cohen og gospelsöngkonan Pat Randolph frá Bandaríkjunum stjórna gospelsmiðjunni.

Almenningi býðst síðan að kíkja við í listasmiðjunum eftir kl. 14 á daginn til að kynna sér starfið sem þar fer fram og þá geta áhugasamir einnig tekið þátt í gospelsmiðjunni sem verður haldin milli 17-19.

Menningarlífið blómstrar á Seyðisfirði að sögn Aðalheiðar. Sumarfjörið hefst jafnan á menningarhátíðinni „Á Seyði“ í júnímánuði og síðan þarf fólki ekkert að leiðast allt sumarið.

Listahátíðinni LungA lýkur síðan með tvöfaldri tónlistarveislu um næstu helgi. „Á föstudagskvöldið leika hljómsveitir að norðan og austan en á laugardagskvöldið koma tíu bönd í heimsókn af höfuðborgarsvæðinu og leika á risatónleikum. Þar á meðal verða þrír félagar úr hljómsveitinni Maus sem mæta hver með sína hljómsveitina. Það verður gaman fyrir aðdáendur þeirrar hljómsveitar að flygjast með því sem þeir eru að gera,“ útskýrir Aðalheiður.

Lokatónleikarnir vara í sex klukkustundir en þar leika meðal annars hljómsveitirnar Ampop, Mínus, Fræ, Ghostigital, Jeff Who? og Tony the Pony og er miðasala hafin á midi.is. Eftir þá veislu heldur partíið áfram á Hótel Öldu þar sem Todmobile leikur fyrir dansi.

Nánari upplýsingar um hátíðina má finna á www.lunga.is.

**kristrun@frettabladid.is**


**LISTAHÁTÍÐ UNGS FÓLKS Á SEYÐISFIRÐI** Sköpunarkrafturinn er leystur úr læðingi á LungA. MYND/GODDUR


**BOÐIÐ ER UPP Á SJÖ LISTASMIÐJUR AÐ ÞESSU SINNI** Í hljóðsmiðjunni í fyrra töfruðu þátttakendur fram fegurð og annarleika í fallegu umhverfi. MYND/BJÖRT SIGURFINNSDÓTTIR

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

**Allar smáauglýsingar einnig frítt í viku á visir.is**

PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

# Döffleiklistarhátíð á Akureyri

Nú stendur yfir alþjóðleg döffleiklistarhátíð á Akureyri og í kvöld verður leikritið Píkusögur eftir Eve Ensler flutt á táknmáli. Döffleikhús er leikhús heyrnarlausra og er skilyrði í slíkum sýningum að það sé að minnsta kosti einn leikari heyrnarlaus og að hún sé aðgengileg heyrnarlausum áhorfendum til jafns við heyrandi áhorfendur. Leikhúsið Draumasmiðjan skipuleggur hátíðina en hún er haldin í nánu samstarfi við Menningarhátíð heyrnarlausra á Norðurlöndunum sem nú stendur yfir á Akureyri.

Boðið er upp á döffleiksýningar atvinnuleikhúsa víðs vegar að úr heiminum en þátttakendur koma frá átta löndum, þar á meðal frá Bandaríkjunum, Singapúr, Austurríki og Hollandi. Franska leikhúsið ITV (International Visual Theatre) setur upp sýninguna Píkusögur sem fer fram í Rýminu, sýningarhúsnæði Leikfélags Akureyrar, kl. 20.30. Leikhúsið hefur hlotið lof og prís fyrir uppsetningar sínar þar sem heyrnarlausir og heyrandi listamenn vinna saman. Leikhúsið ferðast mikið með sýningar sínar og skipuleggur enn fremur alþjóðlegar listasmiðjur fyrir heyrnarlausa.

Nánari upplýsingar um dagskrá hátíðarinnar má finna á www.draumasmidjan.is. **- khh**


**ÚR LEIKSÝNINGUNNI VIÐTALIÐ** Fyrsta döff-leiksýningin á Íslandi var sett upp hjá Draumasmiðjunni í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Megrunarráð Nietzsches

Skrif bandaríska leikstjórans og háðfuglsins Woody Allen um meinta matreiðslubók þýska heimspekingsins Friedrich Nietzsche hafa vakið sterk viðbrögð lesenda en grein hans sem birtist í júlíhefti tímaritsins The New Yorker ferðast eins og eldur í sinu um óravíddir netsins. Í grein sinni, „Svo át Zaraþústra“ kveðst Allen hafa rambað á uppskriftabók sem kennd er við spekinginn þegar hann var á ferð í Heidelberg og birtir í framhaldinu brot úr þessu merka riti og þar á meðal nokkrar uppskriftir, til dæmis af hentugri samsetningu á morgunverði.

Allen reifar heimspekisöguna út frá sjónarhóli matgæðingsins í pistli sínum og minnist til dæmis á það þjóðþrifaverk René Decartes sem aðskildi efni og anda en af því leiðir að líkaminn getur gúffað í sig að vild á meðan hugurinn er stikkfrír í vissu sinni að óhófið komi sér ekkert við.

Leikstjórinn fleytir kellingar á nokkrum af stærstu spurningum heimspekinnar og kinkar ítrekað kolli til skrifa Nietzsches á sinn óborganlegan hátt. Stærstu spurningunni er þó ósvarað: „Ef lífið er merkingarlaust – hvaða þýðingu hefur þá stafasúpa?“ - khh



**SPAUGARINN WOODY ALLEN** Hver eru tengsl heilbrigðs mataræðis og snilligáfu? MYND/GETTY

# Þögli stríðspabbinn

Í nýjustu bókinni um heimspekinginn spurula Einar Áskel eftir Gunillu Bergström er fjallað um kynni hans af nýrri fjölskyldu sem kemur langt að. Einar Áskell eignast nýjan vin en faðir vinarins er fyrrverandi hermaður sem vill ekki ræða um stríðið þrátt fyrir forvitni strákanna. En einu sinni segir hann þeim sögu úr stríðinu og þá hlusta strákarnir vel og vandlega. Faðir Hamdi er skemmtilegur kall og hjálpar þeim líka að búa til fótboltamark og skipuleggur æfingar fyrir krakkana í hverfinu.

Einar Áskell og stríðspabbinn er tuttugasta og önnur bókin sem út kemur á Íslandi um kappann. Þýðandi er Sigrún Árnadóttir en útgefandi er Mál og menning. -khh




**EINAR ÁSKELL** Snáðinn er alltaf að læra eitthvað nýtt.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚLÍ

9 10 11 **12** 13 14 15

### Miðvikudagur

**TÓNLEIKAR**

- 12.00 HLjómsveitirnar **Loftvarnir** og **Reykjavík Drum Corporation** skemmta gestum **Sundhallarinnar** við **Barónsstíg**. Hóparnir vinna skapandi sumarstarf á vegum Hins hússins og Reykjavíkurborgar og troða upp á óvenjulegum stöðum.
- 20.00 Jazzkvartettinn **Tepoki** heldur tónleika í **Ráðhúsi Reykjavíkur**.
- 21.30 Kvartett **Eriks Qvick** leikur á **Gamla Bauk** á **Húsavík**. Með trommaranum geðþekka leika **Thomas Markusson**, **Haukur Gröndal** og **Ásgeir Ásgeirsson**.

**LEIKLIST**

- 10.00 Brúðubíllinn sýnir leikþáttinn **Týnda eggið** í Safamýri kl. 10 og við Rauðalæk kl. 14

**OPNANIR**

- 17.00 **Joris Rademaker** opnar sýningu í **DaLí Gallery** í tilefni af **Listasumri á Akureyri**. Sýningin stendur til 26. ágúst.
- Sýning á vatnslitamyndum **Kamillu Talbot** opnar í gallerí **Klaustri** á **Skriðuklaustri**. Sýning hennar stendur til 3. ágúst og er opin alla daga kl. 10-18.

**SKEMMTANIR**

- 21.00 Hljómsveitirnar **Sprengjuhöllin** og **Hjaltalín** leika á barnum **Barnum** á Laugavegi 22. Fjörið hefst upp úr kl. 21.

**SÝNINGAR**

- 13.00 Listhópurinn **Distill** sýnir verk í **Listasafni Reykjanesbæjar** á samsýningunni **Tíminn tvinnaður**. Fjölbreytt efnistök og ólíkir miðlar með verkum eftir Ann Chuchvara, Hrafnhildi Sigurðardóttur, Jaeha Yoo, Julie Poitras Santos, Patricia Tinajero Baker og Tsehai Johnson.
- 13.00 Sumarsýning **Hafnarborgar** ber heitið **Hin blíðu hraun**. Listfræðingurinn velur verk sem vísa til hraunsins sem umlykur Hafnarfjarðarbæ. Ólíkar birtingarmyndir hraunsins í íslenskri samtímalist. Sýningin stendur til 28. ágúst.
- 14.00 Bandaríska myndlistarkonan **Joan Backes** sýnir ný málverk og skúlptúra í **Safni** við **Laugaveg**. Einnig eru til sýnis verk úr eigu safnsins. Opið er mið-fös kl. 14-18 og lau-sun kl. 14-17.

**UPPÁKOMUR**

- 14.00 Stuttmyndasýningar í **Rósenborg** í tilefni af **Listasumri á Akureyri**. Sýndar verða myndirnar **Japansferð** eftir **Vilhjálm G. Vilhjálmsson**, **Mótmæli í Gallaudet** eftir **Jerome Cain** frá Svíþjóð og **Hreindýraveiðar** eftir **Ragnar Veer** frá Svíþjóð.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ






# Syd Barrett allur

Pink Floyd-goðsögnin Syd Barrett lést á heimili sínu í Cambridgeshire um helgina af völdum sykursýki. Barrett fæddist 6. janúar árið 1946 og var því nýorðinn sextugur. Hann hafði lengi verið heilsulítill, bæði andlega og líkamlega.

Syd Barrett var aðeins 19 ára gamall þegar hann stofnaði Pink Floyd árið 1965. Árið 1967 kom platan Piper at the Gates of Dawn. Hún náði 6. sæti breska vinsældalistans og stækkaði aðdáendahópurinn ört. Fljótlega fór álagið að gera vart við sig og á sama tíma fór hann að nota ofskynjunarlyf á borð við LSD. Í kjölfar eiturlyfjaneyslu fóru geðræn vandamál að segja til sín og varð hegðun hans ófyrirsjáanleg.

Eftir misheppnaða tónleikaferð um Bandaríkin neyddist hljómsveitin til þess að ráða David Gilmour við hlið Barretts. Innkoma Gilmour gerði illt verra fyrir Barrett því næstu tónleika sá Gilmour alfarið um gítarleikinn á meðan Barret ráfaði um sviðið. Platan A Saucerful of Secrets kom út árið 1968 og reyndist hún vera síðasta platan sem Barrett tók upp með Pink Floyd, því í marsmánuði sama ár hætti hann í sveitinni.

Á árunum 1970-1972 komu út sólóplöturnar The Madcap Laughs og Barrett. Skiptar skoðanir eru um plöturnar en flestir eru þó sammála um að þær endurspegli brotthætt andlegt ástand vel. Þrátt fyrir að hafa hætt í hljómsveitinni sáu félagar hans Roger Waters og David Gilmour um upptökustjórn á plötunum tveimur. Syd Barrett hélt aðeins eina tónleika á þessum stutta sólóferli, þeir fóru fram þann 6. júní árið 1970 í London. Tónleikarnir voru algjörlega misheppnaðir og eftir aðeins fjögur lög gekk Barrett af sviðinu. Eftir misheppnaða dvöl í hljóðveri árið 1974 pakkaði Barrett saman og flutti á hótel í London. Þar bjó hann uns peningana þraut en þá flutti hann aftur inn til móður sinnar í Cambridge, þar sem hann bjó til dauðadags og hafði lífsviðurværi af höfundalaunum og stefgjöldum.

Síðustu æviárin helgaði Barrett sig myndlist, auk þess sem hann tók skírnarnafnið Roger upp aftur.


**SYD BARRETT** Stofnmeðlimur Pink Floyd, Syd Barrett, lést um helgina. Hann hafði ekki komið opinberlega fram í 30 ár.

Rosemary systir hans var eina manneskjan sem hélt sambandi við hann til dauðadags og á endanum var það sykursýki sem dró Barrett til dauða. Þrátt fyrir að hafa ekki komið opinberlega fram í 30 ár hefur frægðarsól hans ekkert dvínað. Aðdáendur sátu um heimili hans allt til síðasta dags. **- vör**

# *Leitar að ástinni*

Robbie Williams hefur verið einn þekktasti popptónlistamaður Bretlands frá því að hann sagði skilið við strákasveitina Take That í upphafi tíunda áratugarins. Ástarlíf hans hefur lengi verið fjölmiðlamatur enda hefur söngvarinn átt ófáar ástkonur í gegnum tíðina. Frægast er samband hans við Nicole Appleton, fyrrum söngkonu All Saints, en þau voru trúlofuð um tíma. Það fékk mikið á Williams þegar Appleton upplýsti að hún hefði farið í fóstureyðingu því söngvarinn hafði margoft lýst því yfir að hann vildi eignast fjölskyldu.

Williams hefur ekki verið við eina fjölina felldur og var um tíma með Kryddpíunni Geri Halliwell. Í ævisögu sinni sagðist Robbie seinna meir hafa sofið hjá öllum Kryddpíunum en þær hafa aldrei viljað staðfesta þá sögu. Meðal annarra ástkvenna Williams má nefna fyrirsætuna Rachel Hunter sem Robbie kolfél fyrir auk leikkonunnar Nicole Kidman en sögusagnir um samband þeirra fengust þó aldrei staðfestar. Þá var söngvarinn um tíma með Nip / Tuck leikkonunni Valerie Cruz en hætti með henni til að byrja með „feimnu" dóttur Ozzy Osbourne, Aimee. Heimspressan birti einnig fréttir af „meintu" ástarsambandi popp-kóngsins og fyrirsætunnar Naomi Campbell sem þau staðfestu fyrst en Campbell dró síðan sína frásögn til baka og sagðist aldrei hafa átt vingott við kappann. Isabella Trump var einnig um tíma kærasta söngvarans en hún er dóttir auðkýfingsins Donald Trump.

Williams var með sjónvarpskonunni vinsælu, Samantha Mumba, auk þess sem hann átti nokkur stefnumót með plötusnúðnum Eriku North. Nýlega bárust fréttir af því að hin þokkafulla Shakira væri nýjasta heitkona söngvarans en þau neituðu bæði þeim orðrómi og komu með hina sígildu yfirlýsingu fræga fólksins að „þau væru bara vinir". Sjálfur hefur Robbie alltaf sagt að hann hefði aldrei komist yfir æskuástina sína, Rachel Gilson, og nýverið gaf Williams í skyn að hann væri hættur að stunda kynlíf, vildi heldur bara lesa góða bók. Williams hefur einnig tjáð sig um það í viðtölum að hann hafi aldrei orðið ástfangin. „Ég er hættur þessu piparsveinalífi og ætla bara að finna ástina í lífi mínu," sagði Robbie ekki margt fyrir löngu og nú er bara að bíða, vona og sjá hvað gerist í þeim málum hjá Íslandsvininum Robbie Williams. **- fgg**


**SHAKIRA** Kólumbíska söngkonan er trúlofuð en það breytti ekki þeirri staðreynd að sögusagnir um ástarsamband hennar við Robbie Williams fóru á kreik. Þau neituðu þessum orðrómi bæði.


**SAMANTHA MUMBA** Lét undan þrýstingi frá Robbie Williams og fór á nokkur stefnumót með söngvaranum.


**NAOMI CAMPBELL** Var sögð ástkona Robbie í eitt ár og parið staðfesti þessa sögu. Fyrirsætan dró seinna meir sína frásögn til baka og sagðist aldrei hafa átt vingott við söngvarann.


**GERI HALLIWELL** Var kærasta Robbie í þó nokkurn tíma en það slettist heldur betur uppá vinskapinn þegar söngvarinn gerði grín að þyngd hennar.


**RACHEL HUNTER** Robbie kolféll fyrir fyrirsætunni en Hunter olli honum mikilli ástarsorg þegar hún sagði skilið við hann.

# Sannfærði Robbie um að koma aftur til Íslands

„Ég get staðfest að þetta er rétt en þetta er prívat mál milli mín og hans," segir Snædís Guðnadóttir, vinkona hins heimsfræga söngvara Robbie Williams. Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær gerðu danskir fjölmiðlar mikið úr meintu sambandi Snædísar og Robbie en hann hélt tónleika í Parken í Kaupmannahöfn á fimmtudaginn var. Á tónleikunum, sem tæplega 50 þúsund manns sóttu, lýsti Robbie aðdáun sinni á rauðhærðri stúlku sem hann hafði kynnst meðan á dvöl hans í Danmörku stóð. „Rauðhærða stúlkan sem ég hitti á barnum var virkilega góð," sagði Robbie á tónleikunum og átti þar við Snædísi. Þau hittust á barnum á Skt. Petris hótelinu sem söngvarinn dvaldi á daginn fyrir tónleikana.

Snædís hefur verið hundelt af dönskum fjölmiðlum og prýddi meðal annars forsíður Ekstra-blaðsins og BT. Í blöðunum hefur hún meðal annars verið kölluð Rauðhettan hans Robbie.

Snædís hefur reynt af fremsta megni að forðast fjölmiðla og vill lítið sem ekkert ræða við þá. Hún var þó tilbúin að ræða í stutta stund við Fréttablaðið þar sem hún ber taugar til Íslands.

„Við Robbie töluðum aðeins um Ísland og hann var ekki hrifinn af landinu," sagði Snædís hlæjandi þegar Fréttablaðið ræddi við hana. Eins og kunnugt er hélt Robbie tónleika hér á landi fyrir nokkrum árum og tók því heldur illa þegar plastflösku var fleygt upp á sviðið. Eftir að tónleikunum lauk rauk hann af landi brott í fússi. Íslenskir aðdáendur hans hafa hingað til talið að hann myndi ekki koma aftur en nú gæti orðið breyting á, þökk sé Snædísi.

„Ég sagði honum meira frá landi og þjóð og hann er að pæla að fara þangað aftur," sagði vinkona söngvarans.

Snædís flutti til Kaupmannahafnar þegar hún var eins árs. Þótt langt sé liðið frá því að hún flutti út talar hún fína íslensku en með dönskum hreim. „Ég kem stundum heim til Íslands til að heimsækja fjölskylduna," segir Snædís sem starfar sem fjármálaráðgjafi hjá stofnuninni Catinet Analyse, auk þess sem hún er að ljúka háskólanámi.

Snædís vildi ekki gefa upp hvort þau Robbie héldu enn sambandi, nú þegar söngvarinn heimsfrægi heldur tónleikaför sinni áfram. „Þetta er milli mín og hans og svoleiðis á það að vera," segir Snædís Guðnadóttir, vinkona Robbie Williams.

kristjan@frettabladid.is


**SNÆDÍS GUÐNADÓTTIR** Íslenska stúlkan sem kynntist Robbie þegar hann var á tónleikaferðalagi í Danmörku.


**ROBBIE WILLIAMS** Söngvarann um heimsfræga virðist hafa snúist hugur og er að íhuga að heimsækja Ísland á ný.


# Þær eru komnar vinsælu, ódýru kerrurnar okkar


LCI-830, 102x122sm
kr. 29.800,-


LCI-850, 122x244sm kr.
48.800,-


LCI-745, 128x158sm
kr. 51.200,-


LCI-958, 152x244sm
kr. 84.500,-


LCI-880, 392x134sm
kr. 65.100


LCI-887, 548x170sm
kr.115.600

Goddi.is
S. 5445550.

# Ný tónlist á frábæru verði




1.999 kr

**Lögin Mín - Bubbi**
Mörg af þekktari lögum Bubba í nýjum og órafmögnuðum búningi




1.999 kr

**Vel Sjóaður - Raggi Bjarna**
Sjómannalög frá fyrri áratugum í flutningi Ragga Bjarna ásamt fjölda valinkunna aðila

## Sumarsmellir

1.999 kr




5CD

**100 Íslenskir Sumarsmellir**
Glæsilegt 5 diska safn af vinsælum íslenskum sumarsmellum

## Sveitasæla

1.999 kr




2CD

**Sveitasæla**
Safnplata með öllum helstu flytjendum sveitartónlistar síðustu áratugina

## Papar

1.999 kr




2CD

**Á Balli - Paparnir**
Stórskemmtileg tvöföld tónleikaplata frá hinum geisivinsælu Pöpum.

ODDI VO84282

Gildir á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*









**DR. MISTER & MR. HANDSOME** Fyrsta plata ólátabelgjanna er væntanleg í verslanir 20. júlí.

# Dr. Mister & Mr. Handsome gefa út

Fyrsta plata hljómsveitarinnar Dr. Mister & Mr. Handsome, Dirty Slutty Hooker Money, kemur út á vegum Cod Music þann 20. júlí en sveitin hefur verið að gera það gott á vinsældalistum með lögum á borð við Kokaloca, Is it Love og Was it all it was. Þessi lög hafa einnig verið vinsæl sem hringitónar á farsímum landsmanna en sveitin á tvo af fimm vinsælustu hringitónum landsins um þessar mundir.

Sveitin hefur vakið mikla athygli fyrir óheflaða framkomu en hún er skipuð þeim Ívari Erni Kolbeinssyni og Guðna Rúnari Gunnarssyni auk Egils Tómassonar sem bregður sér í hlutverk Snake. Góðir gestir heiðra þá félaga með nærveru sinni á plötunni og má þar meðal annars nefna Svölu Björgvinsdóttur og bróður hennar, Krumma úr Mínus.




# Rómantík í Hairdoctor

Hljómsveitin Hairdoctor sem að öllu jöfnu er skipuð þeim Jóni Atla Helgasyni og Árna „+1“ Hlöðverssyni fékk mikinn liðsstyrk á dögunum. Á nýafstöðnum tónleikum hljómsveitarinnar í Þýskalandi voru bakraddirnar í umsjá þeirra Lóu Hlínar Hjálmtýsdóttur, kærustu Árna, og Gyðu Bergs, kærustu Jóns Atla.

„Kærastan mín hafði aldrei sungið í míkrafón áður en kærasta Árna er að vinna að efni með honum sem heitir FM Belfast. Þetta kom mjög vel út, það var mun meiri kynþokki í þessu,“ segir Jón Atli. Aðspurður hvort framhald verði á samstarfi með bakraddasöngkonunum segist Jón Atli ekki vita það ennþá. „Við erum bara í stúdíói að búa til músík, en þær mega alveg syngja ef þær eru í stuði. Við erum nú samt bara tveir í hljómsveitinni að búa til músík og það var bara hentugt að taka þær með út.“

Að sögn Jóns Atla eru breyttar áherslur í tónsmíðum hljómsveitarinnar. „Við erum að gera nýja tónlist núna, þetta er svona hressandi elektró og bara miklu meira partí. Það gekk mjög vel á tónleikunum enda fíla Þjóðverjar náttúrlega bassatrommu og teknó,“ segir Jón Atli. - vör



**HAIRDOCTOR** Þeir Jón Atli og Árni „+1“ fengu góða aðstoð frá kærustunum sínum á tónleikum í Þýskalandi fyrir skemmstu.

# Þroskasaga bíls

**[KVIKMYNDIR]**
**UMFJÖLLUN**

Í Cars hverfist allt um kappakstursbílinn Lightning McQueen, nýliða á kappakstursbrautinni sem ætlar sér að leggja heiminn að fótum sér einn síns liðs. Það er nettur Schumacher-hroki í kauða og hann fælir alla aðstoðarbíla og vini frá sér, blindaður af ranghugmyndum um eigið ágæti og vélarafl. Ofmetnaðurinn verður auðvitað til þess að hann beygir af réttri braut, verður strandaglópur í draugabæ sem er alveg á felgunni og á sér vart viðreisnar von þó að bílarnir sem þar búi haldi enn í vonina um að úr muni rætast.

Þarna kynnist McQueen öllum helstu steríótýpum ævintýranna, straumlínulagaðri prinsessu sem vinnur hug hans, sjónumhryggum hjálparkokki sem verður besti vinur hans og síðast en ekki síst gömlum vitringi sem miðlar ungæðislegu ökutækinu af biturri reynslu sem hann hefur öðlast í gegnum áratugina.

Einvala lið leikara talar fyrir persónurnar. Hinn margnefbrotni Owen Wilson er lygilega sjarmerandi leikari og hann leikur sér að því að gera hrokagikkinn McQueen að heillandi persónu. Gamla brýnið Paul Newman, sem klikkar aldrei, rúllar upp veðraða vitringnum Doc Hudson og aðrir leikarar gefa aldurhnigna töffaranum svo lítið eftir.

Það fer ekki mikið fyrir frumleika í Cars en það verður heldur ekki af þessari þrautreyndu formúlu tekið að hún virkar alltaf þegar hún er notuð rétt, ekki síst á börn sem þekkja þetta frásagnarmynstur eins og lófann á sér án þess að hafa hugmynd um það.

Fjörið dettur þó aðeins niður í ýktri tilraun til þess að berja með slaghamri boðskap myndarinnar um mikilvægi vináttunnar og að útlitið sé ekki allt inn í hausinn á áhorfendum. Þá er bullandi nostalgía og þrá eftir gömlum og betri tímum ekki beinlínis til þess fallin að halda ungviðinu við efnið en í lok seinni hálfleiks er allt blessunarlega gefið í botn og mjög svo fyrirsjánleg sagan endar í einni allsherjar klisjusúpu sem tryggir það að ungir sem aldnir ganga sáttir frá kappakstursbrautinni.

Þórarinn Þórarinsson



**CARS**

LEIKSTJÓRI: JOHN LASSETER
HELSTU RADDIR: OWEN WILSON, PAUL NEWMAN, BONNIE HUNT.

**Niðurstaða:** Bílarnir hjakka í gamalgrónum klisjum en það kemur síður en svo að sök. Sagan er sígild og nýtur sín vel í stífbónuðum tölvuteikningum auk þess sem snjallir leikarar blása heilmiklu lífi í sprautulakkaðar persónurnar.







**BENNI HEMM HEMM** Ætla að trylla þýskan lýð í ágúst en þá kemur út fyrsta plata sveitarinnar á vegum Sound of Handshake. FRÉTTABLAÐIÐ / HEIÐA

# Útrás Benna Hemm Hemm hafin

Fyrsta plata stórhljómsveitarinnar Benna Hemm Hemm kemur út í Evrópu þann 18. ágúst og í Bandaríkjunum 5. september en útgáfufyrirtækið Sound of Handshake sér um útgáfuna. Platan sló eftirminnilega í gegn hér á landi og var meðal annars valin hljómplata ársins í flokknum „Ýmis tónlist“ á Íslensku tónlistarverðlaununum árið 2005 en meðfram útgáfunni kemur sjötommu vínylplata með lögunum Beginning End og Beygja og beygja.

Benedikt H. Hermannsson, forsprakki sveitarinnar, var að vonum spenntur fyrir þessari útgáfu sem er á vegum Morr Music en Sound of Handshake er undirfyrirtæki þess í Berlín. „Thomas Morr, sem er með Morr Music, sá okkur á tónleikum hérna heima, kom sér í samband við okkur og vildi í kjölfarið gefa plötuna út,“ útskýrir Benedikt en sveitin spilar á nokkrum tónleikum í ágúst í Þýskalandi vegna útgáfunnar en hyggst síðan kynna hana enn frekar í vetur með ferð víðar um Evrópu. „Það gæti líka allt eins verið að við færum til Bandaríkjanna,“ bætir Benedikt við.

Í nógu er að snúast hjá sveitinni um þessar mundir því hún er að leggja lokahönd á nýja plötu sem kemur til með að innihalda þréttán lög. Upptökur hafa farið fram í Sundlauginni en ekki er kominn neinn útgáfudagur. „Við tökum að öllum líkindum ekki þátt í jólatónaflóðinu en kannski verður platan ágætis skiptimynt eftir hátíðirnar,“ segir Benedikt og hlær. - fgg

# Pitt svíkur Jolie

Nýbakaði faðirinn Brad Pitt fór á bak við kærustu sína og barnsmóður, Angelinu Jolie, á dögunum þegar hann sendi föður Jolie, leikaranum Jon Voight, myndir af nýfæddri dóttur þeirra, Shiloh. Stirt samband hefur á verið á milli feðginanna í langan tíma og lokaði Angelina á öll samskipti milli þeirra árið 2002, þegar Voight kom fram í fjölmiðlum og sagði að hún ætti við geðræn vandamál að stríða. Áætlun Pitts um að koma á friði milli feðginanna rann þó út í sandinn því að Jolie varð öskuvond út í sinn heittelskaða og sagði honum að hann ætti að láta fjölskyldumál sín í friði, annars væri samband þeirra búið. ■



**BRAD PITT OG ANGELINA JOLIE** Angelina var ekki ánægð þegar Brad sendi föður hennar myndir af nýfæddri dóttur þeirra.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Hótelerfinginn **Paris Hilton** segir að raunveruleikaþættirnir The Simple Life dragi ekki upp rétta mynd af henni og séu ekki raunverulegir yfirhöfuð. „Enginn raunveruleikaþáttur ber nafn með rentu, þetta er allt búið til,“ segir Paris. „Þegar myndavél er beint að manni er borin von að maður láti eins og maður gerir dagsdaglega. Áður en ég byrjaði í þættinum ákvað ég að búa til karakter sem var eins konar samblanda af aðalpersónum myndanna Legally Blonde og Clueless. Almenningur heldur að hann þekki mig en hann gerir það ekki.“



Leikarinn **Robert Downey Jr.** ætlar að skrifa endurminningar sínar og gefa út á bók árið 2008. Downey, sem er 41 árs, hefur marga fjöruna sopið í gegnum tíðina og verið ötull viðskiptavinur hjá sölumönnum dauðans og meðal annars þurft að dúsa í fangelsi fyrir vikið. Bókaforlagið HarperEntertainment falaðist eftir útgáfusamningi við leikarann og fékk. „Við erum himinlifandi,“ segir talsmaður útgáfunnar. „Robert er greindur maður og það skín í gegn á hvíta tjaldinu. Stormasamt einkalíf, sem hefur nærri kostað hann ferilinn, er birtingarmynd þess að þarna er á ferð margbrotinn persónuleiki.“






## Arnar í 970. sæti

Tenniskappinn Arnar Sigurðsson er kominn í sæti númer 970 á heimslistanum í tennis. Arnar hefur hækkað um 447 sæti á listanum frá því fyrir réttum mánuði og hefur hann aldrei verið í jafn góðri stöðu og nú.

# sport

sport@frettabladid.is

SÆVAR ÞÓR GÍSLASON: SKORAÐI EFTIR 49 SEKÚNDUR GEGN VÍKINGUM

# *Ætlum okkur að saxa á forskot FH*

Sævar Þór Gíslason var hetja Fylkismanna er hann skoraði sigurmark leiksins gegn Víkingum á mánudagskvöldið aðeins 49 sekúndum eftir að hann kom inn á sem varamaður í síðari hálfleik.

„Þó að ég hafi skorað nokkur á ferlinum þá minnist ég þess nú ekki að hafa verið svo fljótur að skora mark,“ sagði Sævar Þór við Fréttablaðið í gær. „Þetta var auðvitað skemmtilegt en aðalatriðið og mikilvægast er að við unnum leikinn. Þetta voru þrjú afar mikilvæg stig.“

Fylkismenn eru nú í öðru sæti deildarinnar, tíu stigum á eftir FH-ingum sem hafa enn ekki tapað leik. „Við unnum þá síðast í Kaplakrika og eigum eftir að fara þangað aftur. Við vorum þar að auki mjög óheppnir þegar við lékum við þá fyrr í sumar á heimavelli,“ sagði Sævar Þór og vildi meina að Íslandsmótinu væri ekki lokið þrátt fyrir yfirburði FH-liðsins til þessa. „Mótið er ekki búið fyrr en eitt lið er endanlega búið að tryggja sér titilinn. Og ég hef fulla trú á að við getum saxað á forskot FH-inga.“



Sævar Þór er vitanlega aldrei sáttur við að sitja á varamannabekknum en tekur það skýrt fram að hann virði ákvarðanir þjálfarans. „Við erum nokkrir sem eru að stíga upp úr krossbandaslitum og ég hef fundið fyrir hnénu í sumar. Ég hef samt ekki látið það á mig fá en það gæti vel verið að Leifur sé einfaldlega að dreifa álaginu á milli manna,“ sagði Sævar.

Næsti leikur Fylkis er á útivelli gegn Grindavík sem í síðasta heimaleik sínum gerði sér lítið fyrir og vann stórsigur á liði KR, 5-0. Grindavík hefur reyndar ekki tapað á heimavelli í sumar og er eina liðið ásamt FH sem getur enn státað af þeim árangri. „Það verður gríðarlega erfiður leikur eins og allir aðrir leikir á þessu móti. Þetta eru eintómir úrslitaleikir,“ sagði Sævar Þór.

## > Báðar farnar heim

Þær Viola Odebrecht og Tatiana Matheiler hafa báðar yfirgefið herbúðir kvennaliðs Vals og eru farnar heim á leið. Valsliðið var því án útlendinga þegar það lék gegn Þór/KA í Landsbankadeild kvenna í gærkvöldi en það kom ekki að sök. Odebrecht er þýsk landsliðskona, 23 ára gömul, og lék hún fimm leiki með Valsliðinu á Íslandsmótinu og skoraði eitt mark. Samningur hennar við félagið er runninn út. Matheiler er hins vegar bandarískur leikmaður og lék hún fjóra leiki með Val í deildinni og skoraði eitt mark líkt og Viola. Hún meiddist í leik gegn Breiðabliki og ákvað Valur síðan að senda hana heim.

LANDSBANKADEILDIN

# Atli tryggði FH sigurinn

**FH-ingar náðu hagstæðum úrslitum í Tallinn í Eistlandi þar sem Íslandsmeistararnir unnu 3-2 sigur á TVMK Tallinn í 1. umferð forkeppni meistaradeildar Evrópu. Atli Guðnason tryggði sigurinn með marki í uppbótartíma.**

**FÓTBOLTI** Atli Guðnason var hetja FH-inga þegar liðið lék fyrri leik sinn í 1. umferð forkeppni Meistaradeildar Evrópu gegn TVMK Tallinn ytra í gær. Íslandsmeistararnir komust reyndar í 2-0 með mörkum Tryggva Guðmundssonar og Sigurvins Ólafssonar en fengu svo tvö mörk á sig með skömmu millibili áður en varamaðurinn Atli tryggði sigurinn í uppbótartíma.

„Það kom langur bolti sem Atli náði, hann lék svo á tvo áður en hann skoraði laglegt mark,“ sagði Heimir Guðjónsson, aðstoðarþjálfari FH, í samtali við Fréttablaðið eftir leik. Hann var vitanlega ánægður með úrslitin. „Við erum auðvitað ánægðir með að skora þrjú mörk á útivelli en miðað við hvernig leikurinn þróaðist hefðum við getað náð hagstæðari úrslitum. En ég neita því ekki að Daði Lárusson átti frábæran leik og kom okkur til bjargar nokkrum sinnum,“ sagði Heimir.



**SIGURVIN SKORAR** Sigurvin Ólafsson skoraði með skalla í síðari hálfleik.
JOOSEP MARTINSON/ESTONIAN DAILY NEWSPAPER

Síðari leikur liðanna verður á Kaplakrikavelli á miðvikudaginn kemur og segir Heimir að sínir menn þurfi að spila góðan varnarleik. „Við þurfum að vera þéttir fyrir og tryggja okkur sæti í næstu umferð.“

Tryggvi skoraði fyrsta mark leiksins með skoti eftir fyrirgjöf Ólafs Páls Snorrasonar. Sigurvin bætti um betur í síðari hálfleik með skallamarki eftir laglega sókn FH. Aðeins mínútu síðar kom Kert Haavistu heimamönnum á blað áður en Viktors Dobrecovs jafnaði metin úr vítaspyrnu sem var dæmd á Tommy Nielsen fyrir að handleika knöttinn innan teigs.



**FYRSTA MARKIÐ** Tryggvi Guðmundsson kom FH-ingum á bragðið í fyrri hálfleik eftir fyrirgjöf Ólafs Páls Snorrasonar.
JOOSEP MARTINSON/ESTONIAN DAILY NEWSPAPER

Aðstæður voru góðar, að sögn Heimis. „Það var frábært veður. Sem betur fer dró þó fyrir sólinaá köflum þannig að menn voru ekki alveg búnir á því í leikslok. Ferðalagið hefur gengið mjög vel og er þetta ekkert í líkingu við ferðina okkar til Aserbaídsjans í fyrra.“

Sigurvegari í leikjum liðanna í 1. umferð forkeppninnar mætir pólsku meisturunum í Legia frá höfuðborginni Varsjá en markvörður þess liðs var í landsliðshópi Pólverja á HM í sumar. FH mætir næst Valsmönnum í Landsbankadeild karla á sunnudaginn kemur.

**eirikur.asgeirsson@frettabladid.is**

Miklar vangaveltur eru um það hvað Marco Materazzi sagði við Zinedine Zidane:

# Kenningar úr ýmsum áttum

**FÓTBOLTI** Fjölmargar kenningar eru uppi um það hvað Marco Materazzi sagði við Zinedine Zidane á 110. mínútu í úrslitaleik heimsmeistaramótsins. Varalesarinn Jessica Reed hjálpaði BBC Radio Five Live að ráða í orðin og fékk eftirfarandi út: „Þú ert sonur hryðjuverkahóru,“ sem er sama niðurstaða og margir aðrir fjölmiðlar halda fram.

Sérfræðingar BBC`s Ten O`Clock News segja að fyrsta orð Materazzi hafi verið nei, áður en hann sagði Zidane að róa sig niður. Hann ásakaði Zidane síðan um að vera lygara og óskaði fjölskyldu hans og honum sjálfum ljótum dauðdaga, en móðir Frakkans var flutt veik á sjúkrahús sama dag og leikurinn var. Á eftir þessu fylgdi „farðu til fjandans“.



**SKALLAÐUR** Zidane notaði hársnauðan kollinn ekki rétt í þessu tilviki.
NORDICPHOTOS/AFP

Sjálfur þvertekur Materazzi fyrir að hafa kallað Zidane hryðjuverkamann. „Það sem ég sagði var móðgun sem maður heyrir í tugatali og veltur bara út úr manni í hita leiksins. Ég kallaði Zidane ekki hryðjuverkamann og ég minntist svo sannarlega ekki á móður hans, í mínum huga er mæður heilarar. Ég er mjög fáfróður og ég veit ekki einu sinni hvað íslamskur hryðjuverkamaður er, eini hryðjuverkamaðurinn er þessi hérna,“ sagði Materazzi og benti á tíu mánaða gamla dóttur sína í viðtali við ítalska dagblaðið La Gazetta dello Sport. Blaðið Corriere della Sera segir að Materazzi hafi misst móður sína þegar hann var 14 ára gamall og hafi þar af leiðandi örugglega ekki móðgað móður Zidanes sem er sonur alsírskra innflytjenda.

„Ég hélt í skyrtuna hans aðeins í nokkrar sekúndur. Hann sneri sér að mér, úthúðaði mér og horfði á mig með þvílíkum hroka. Hann sagði: „Ef þú vilt virkilega fá treyjuna mína skal ég láta þig fá hana eftir leikinn.“ Það er rétt að ég svaraði honum svo með mikilli móðgun,“ sagði Materazzi en nákvæmlega hvað er ekki hægt að segja til um fyrr en Zidane greinir frá því sjálfur. **- hþh**





**LIU XIANG** Ánægður með heimsmetið.
NORDIC PHOTOS/AFP

110 metra grindahlaup:

# Xiang bætti heimsmetið

**FRJÁLSAR ÍÞRÓTTIR** Kínverjinn Liu Xiang bætti í gær 13 ára gamalt heimsmet hins velska Colins Jackson í 110 grindahlaupi á frjálsíþróttamóti í Lausanne í Sviss. Hann bætti metið um þrjá hundraðshluta úr sekúndu en hann hafði áður jafnað metið á Ólympíuleikunum í Aþenu þegar hann vann til gullverðlauna í greininni. Heimsmetið var orðið eitt það elsta í frjálsum íþróttum. **- esá**

Landsbankadeild kvenna:

# Eftir bókinni

**FÓTBOLTI** Tveir leikir fóru fram í Landsbankadeild kvenna í gær. Breiðablik vann Keflavík 3-0 með mörkum Ernu Sigurðardóttur, Gretu Samúelsdóttur og Eddu Garðarsdóttur. Valur vann Þór/KA á Akureyrarvelli, 7-0. Rakel Logadóttir skoraði tvö, Margrét Lára Viðarsdóttir, Dóra María Lárusdóttir, Katrín Jónsdóttir og Málfríður Sigurðardóttir eitt hver og sjöunda markið var sjálfsmark. **- esá**

Æfingaleikur í Frostaskjóli:

# Öruggt hjá KR

**FÓTBOLTI** Æfingaferð enska 2. deildarliðsins Millwall hér á landi lauk í gærkvöldi með æfingaleik gegn KR í Frostaskjóli. KR-ingar skoruðu fjögur mörk í fyrri hálfleik en ekkert mark var skorað í þeim síðari. Þeir ensku halda því heim á leið án þess að hafa skorað mark en um helgina tapaði liðið fyrir Þrótti, 2-0.

Grétar Hjartarson skoraði fyrsta markið á 12. mínútu með laglegu skoti utan teigs og Tryggvi Bjarnason bætti öðru við á 28. mínútu með góðum skalla eftir hornspyrnu. Björgólfur Takefusa skoraði svo tvívegis fyrir hlé, það fyrra úr vítaspyrnu. **- esá**

Montoya hættir í Formúlu 1:

# Rekinn frá McLaren

**KAPPAKSTUR** Kólumbíumaðurinn Juan Pablo Montoya tilkynnti á sunnudag að hann hygðist hætta í Formúlu 1 keppninni í lok tímabilsins og fara að keppa í bandarísku Nascar-keppnismótaröðinni. Í gær tilkynnti svo lið Montoya, McLaren-Mercedes, að ökuþórinn hefði verið leystur undan samningi sínum við liðið. Tilraunaökumaður liðsins, Pedro de la Rosa, mun taka hans stað og keppa við hlið Finnans Kimi Raikkönen út keppnistímabilið. **- esá**




Láttu sjá þig á Citroën C4 Saloon. Flott útlit, öryggi og þægindi er munaður. C4 Saloon dúxaði örugglega á prófi árekstraröryggisstofnunarinnar EuroNCAP. Við staðgreiðum gamla bílinn þinn.

# Vertu í flottu formi. Veldu C4

Veldu aðeins það besta. Citroën C4 er öðruvísi hönnun sem á sér enga fyrirmynd aðra en hefðir og hugmyndir Frakka um form og gæði. Skoðaðu búnað C4. Fáðu að reynsluaka C4 og þú kynnist eiginleikum sem ekki er að finna hjá öðrum. Sjáðu Citroën C4. Þú sérð að mikið af því góða er best.

Komdu í nýjan sýningarsal Citroën, Brimborg Bíldshöfða 8. Spurðu um sóltilboð Citroën.

### Við staðgreiðum gamla bílinn þinn

Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl á góðu sóltilboði Brimborgar. Þú losnar við allt umstang við að selja og lækkar þinn kostnað. Komdu í Brimborg. Kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Citroën.

**Komdu núna. Sóltilboð Brimborgar gildir meðan birgðir endast.**



Sóltilboð

## 1.869.000 kr.

**Citroën C4 SALOON SX 1,6i 5 dyra 5 gíra 110 hö***
Bílasamningur 22.928 kr. Rekstrarleiga 34.900 kr.

sóltilboð

**Berðu saman verð, gæði og græjur. Dæmi um staðalbúnað í C4:**

- ESP stöðugleikastýring
- ASR spólvörn
- Hraðastillir
- Stillanlegur hraðatakmarkari
- Fjarstýring helstu stjórnrofa í stýri
- Stafrænt mælaborð með birtuskynjun
- Loftkæling með móðuvörn
- Þokuljós í framstuðara
- 6 öryggispúðar
- Upphitanleg framsæti
- Geislaspilari með fjarstýringu í stýri
- 6 hátalarar
- Aksturstölva
- Útihitamælir
- Ilmgjafahólf
- Fjölstillanlegt bílstjórasæti
- ABS hemlakerfi
- EBD hemlajöfnun
- EBA neyðarhemlunarbúnaður
- Rafdrifnir útispeglar
- Velti- og aðdráttarstýri
- Fjarstýrð samlæsing

**Mikið meira er betra. Skoðaðu aukabúnað C4 t.d.:**

- Xenon beygjuljós
- Bluetooth þráðlaus símabúnaður
- Bakkskynjari
- Minibar/kælir
- Glerþak
- Leðurinnrétting
- Skyggðar rúður
- Sérstyrkt öryggisgler
- Dráttarkrókur
- Fjöldiska geislaspilari

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.citroen.is

## Skoðaðu Citroën á sóltilboði í nýjum sýningarsal. Bíldshöfða 8.



| Gerð | Bílasamningur | Rekstrarleiga | Sóltilboð | Verð án sóltilboðs |
|---|---|---|---|---|
| Citroën C1 SX 1,0i 3 dyra 5 gíra 68 hö* | 16.669 kr. | 26.800 kr. | 1.355.000 kr. | 1.395.000 kr. |
| Citroën C2 VTS 1,6i 3 dyra 5 gíra 125 hö* | 21.455 kr. | 33.600 kr. | 1.749.000 kr. | 1.849.000 kr. |
| Citroën C3 SX 1,4i 5 dyra 5 gíra 75 hö* | 19.730 kr. | 30.900 kr. | 1.599.000 kr. | 1.629.000 kr. |
| Citroën C4 COUPÉ VTR 1,6i 3 dyra 5 gíra 110 hö* | 22.559 kr. | 34.300 kr. | 1.839.000 kr. | 1.919.000 kr. |
| Citroën C4 SALOON 1,6i 5 dyra 5 gíra 110 hö* | 22.928 kr. | 34.900 kr. | 1.869.000 kr. | 1.949.000 kr. |
| Citroën Xsara Picasso Excl. 2,0i 5 dyra sjálfskiptur 137 hö* | 28.205 kr. | 42.700 kr. | 2.299.000 kr. | 2.399.000 kr. |
| Citroën C5 X 1,8i 5 dyra 5 gíra 117 hö* | 25.990 kr. | 39.900 kr. | 2.119.000 kr. | 2.219.000 kr. |
| Citroën C5 SX 2,0i Station sjálfskiptur 143 hö* | 31.886 kr. | 48.600 kr. | 2.599.000 kr. | 2.699.000 kr. |
| Citroën Berlingo Multispace 1,6 dísil 5 dyra 5 gíra 90 hö* | 22.068 kr. | 34.900 kr. | 1.799.000 kr. | 1.889.000 kr. |




Sífellt fleiri Íslendingar velja Citroën. Sérstök hönnun, framúrskarandi tækni og mikil eftirspurn á endursölumarkaði tryggja gæði og hagkvæmni Citroën. Skoðaðu súlumyndina hér til vinstri og þú sérð að fleiri og fleiri Íslendingar velja Citroën.

**Skoðaðu Citroën í nýjum og glæsilegum sýningarsal. Bíldshöfða 8.**

Brimborg Bíldshöfði 8 · Brimborg Bíldshöfði 6 · MAX1 Bílavaktin

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*




Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.citroen.is

*Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 20% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 60.000 km akstur á tímabilinu. Aukabúnaður á mynd af C4 eru álfelgur og samlitun. **Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

GCI ALMANNATENGSL · GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

## ÚR BÍÓHEIMUM

Hver mælti og í hvaða kvikmynd?

**„I like Mass better in Latin. It's nicer when you don't know what they're saying."**

Svar: Elsie úr kvikmyndinni While You Were Sleeping árið 1995.

# dagskrá

### VIÐ TÆKIÐ: FREYR GÍGJA GUNNARSSON VELTIR FYRIR SÉR SÖGUNNI

## *Fer sjónvarpsefnið í hringi?*

Ameríkuvæðing sjónvarpsins er hvergi nærri lokið þrátt fyrir að Bandaríkjaher sé horfinn af landi brott með manni og mús. Slökkt hefur verið á Kananum og langt er síðan sjónvarpsstöð varnarliðsins hélt uppi stuðinu á íslenskum heimilum með vestrum og gamanþáttum. RÚV og seinna meir Stöð 2 og Skjár einn hafa haldið tryggð við Bandaríkin og sýnt vinsælustu þættina frá stórveldinu ár frá ári. Kannski ekki skrítið enda virðast sjónvarpsþættir drjúpa af hverju strái í fyrirheitna landinu.

Hinir vel þekktu gamanþættir Sex and The City áttu að lýsa viðhorfi kvenna til stórborgarlífsins, hins kynsins og kynlífsins. Eitthvað sem ég hélt að hefði verið framleitt sem mótvægi við öllu þessu karlæga sem viðgengst í öðrum geira afþreyingariðnaðarins og jafnvel í sjónvarpi. Konurnar voru orðnar hundleiðar á samfarasögum frá sjónarhóli karlmannsins og vildu eiga sinn eigin talsmann sem lét ekki nokkur skyndikynni leiða sig út í sárt samviskubit og ísát. Allt gott og blessað, mótleikurinn heppnaðist fullkomlega og þættirnir nutu mikilla vinsælda hjá kvenþjóðinni (sumir karlar horfðu meira að segja á þáttinn í leyni til að forvitnast hvað færi fram í kollinum á þeim stöllum).

Sagan virðist hins vegar vera komin í hring hjá bandarískum sjónvarpsframleiðendum því nýverið kynnti sú ágæta stöð, Skjár einn, að hún væri að hefja sýningar á nýrri þáttaröð, Love Monkey, sem er sögð vera karlmannsútgáfa af Sex and the City. Eiga þættirnir að sýna viðhorf karla til stórborgarlífsins, ástarinnar og kynlífsins. Eitthvað sem ég hélt að hefði verið gert nóg af í kvikmyndum, sjónvarpi og þar fram eftir götunum en sem sagt; upphafið er að orðið að eftirhermu mótsvarsins, eins flókið og þetta kann allt saman að hljóma.



**SEX AND THE CITY** Nú er komin karlaútgáfa af stelpunum fjórum sem upphaflega voru hugsaðar sem mótsvar við karlaþáttum.



▶ 20.05 *Keppni*

TÍSKUÞRAUTIR



▶ 20.05 *Lífsstíll*

WHAT NOT TO WEAR



▶ 22.20 *Spenna*

THE NAME OF THE ROSE



▶ 19.45 *Drama*

BEAUTIFUL PEOPLE



▶ 22.40 *Fréttir*

HRAFNAÞING

### SJÓNVARPIÐ

**16.45** Fótboltakvöld **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Disneystundin **18.01** Stjáni (57:58) **18.25** Sígildar teiknimyndir (20:29)

**18.32 Líló og Stitch (40:49)**
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
▶ **20.05 Tískuþrautir (8:11)** (Project Runway II) Ný þáttaröð um unga fatahönnuði sem keppa sín á milli og er einn sleginn út í hverjum þætti.
**21.05 Græna álman (5:9)** Gamanþáttaröð um starfsfólk á sjúkrahúsi þar sem allt getur gerst. Meðal leikenda eru Sarah Alexander, Sally Bretton, Oliver Chris, Olivia Colman, Michelle Gomez og Tamsin Greig.
**22.00 Tíufréttir**
**22.20 Íþróttakvöld**
**22.35 Formúlukvöld** Hitað upp fyrir kappaksturinn um helgina.

**23.00** Vesturálman (11:22) **23.45** Kóngur um stund (5:12) **0.15** Kastljós **0.45** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Oprah Winfrey **10.20** My Sweet Fat Valentina **11.10** Strong Medicine

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi **13.05** Home Improvement **13.30** Whose Line Is it Anyway? **13.55** Medium **14.40** Las Vegas **15.35** Blue Collar TV **16.00** Sabrina – Unglingsnornin **16.25** BeyBlade **16.50** Könnuðurinn Dóra **17.15** Bold and the Beautiful **17.40** Neighbours **18.05** Simpsons

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 Svínasúpan (e)**
▶ **20.05 What Not To Wear (4:5)** (Druslur dressaðar upp) Tískufasistarnir herja að þessu sinni á miðaldra karlmenn í alvarlegri tískukreppu.
**21.10 Oprah (76:145)** (Breakfast With Oprah) Glænýir þættir með hinni einu sönnu Opruh. Oprah Gail Winfrey er valdamesta konan í bandarísku sjónvarpi.
**21.55 Medium (16:22)** (Miðillinn) Alison Dubois er ósköp venjuleg eiginkona og móðir í úthverfi. Bönnuð börnum.
**22.40 Strong Medicine (16:22)** (Samkvæmt læknisráði)

**23.25** Stelpurnar **23.50** Footballers' Wives **1.05** Grey's Anatomy **1.50** Cold Case (B. börnum) **2.35** A Rumor of Angels **4.05** Medium (B. börnum) **4.45** Simpsons **5.10** Fréttir og Ísland í dag **6.20** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS TV

**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 Sirkus RVK (e)**
**20.00 Friends (14:17)** (The One With Princess Consuela)
**20.30 Sirkus RVK** Sirkus Rvk er í umsjá Ásgeirs Kolbeinssonar, þar sem hann tekur púlsinn áöllu því heitasta sem er að gerast.
**21.00 Stacked (5:13)** (iPod)
**21.30 Clubhouse (11:11)** Heitasta ósk Petes Youngs rætist þegar hann fær draumavinnuna sína, sem kylfusveinn hjá hafnaboltaliðinu New York Empires.
▶ **22.20 The Name Of The Rose** Eftir sögu Umbertos Ecos. Leikstjóri: Jean-Jacques Annaud. Bönnuð börnum.

**0.25** My Name is Earl (e) **0.50** Rescue Me (3:13) (e) **1.35** Weeds (3:10) (e) **2.05** Friends (14:17) (e)

### SKJÁREINN

**7.00** 6 til sjö (e) **8.00** Dr. Phil (e) **8.45** Völli Snær (e) **9.15** Óstöðvandi tónlist

**15.50** Kelsey Grammer Sketch Show (e) **16.15** Brúðkaupsþátturinn Já (e) **17.15** Dr. Phil **18.00** 6 til sjö (e)

**19.00 Beverly Hills 90210**
▶ **19.45 Beautiful People** Dramaþáttur sem segir frá Lynn einstæðri móður sem reynir að átta sig á lífinu og tilverunni eftir að eiginmaður hennar stingur af með hjákonunni.
**20.30 America's Next Top Model V** Leitin að næstu ofurfyrirsætu Bandaríkjanna hefur vakið mikla og verðskuldaða athygli á Íslandi, og eru meðal vinsælustu raunveruleikaþátta í heiminum.
**21.30 Rock Star: Supernova** Íslendingur er nú með í fyrsta sinn í einum vinsælasta þætti í heimi sem í ár er kenndur við hljómsveitina Supernova. Hver verður söngvari Supernova með þungarokkurunum; Tommy Lee úr Motley Crüe, Jason Newstead úr Metallica og Gilby Clarke úr GunsNíRoses?

**23.00** The L Word **0.00** Rock Star: Supernova – úrslitin í beinni útsendingu **1.00** Love Monkey – NÝTT! (e) **1.45** Beverly Hills 90210 (e) **2.30** Óstöðvandi tónlist

### NFS

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin **11.40** Brot úr dagskrá

**12.00** Hádegisfréttir / Markaðurinn / Íþróttir / Veður / Leiðarar dagblaða / Hádegið – fréttaviðtal **13.00** Sportið **14.00** Fréttavaktin **17.00** 5fréttir **18.00** Íþróttir og veður

**18.30 Kvöldfréttir**
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 Hrafnaþing** Ingva Hrafns Jónssonar gerir upp fréttir dagsins á tæpitungulausan hátt.
**20.20 Brot úr fréttavakt**
**21.00 Fréttir**
**22.10 Fréttir** Fréttir og veður
▶ **22.40 Hrafnaþing** Ingva Hrafns Jónssonar gerir upp fréttir dagsins á tæpitungulausan hátt.

**23.15** Kvöldfréttir **0.15** Fréttavaktin **3.15** Fréttavaktin **6.15** Hrafnaþing

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** The Man With One Red Shoe **8.00** The School of Rock **10.00** Cowboy Bebop: Tengoku no tobi **12.00** Bride & Prejudice **14.00** The Man With One Red Shoe **16.00** The School of Rock **18.00** Cowboy Bebop: Tengoku no tobi **20.00 Bride & Prejudice** (Brúður og hleypidómar) Litrík og skemmtileg mynd, uppfull af söngvum og dönsum í hinum eina sanna Bollywood-stíl. Aðalhlutverk: Martin Henderson, Aishwarya Rai, Nadira Babbar. Leikstjóri: Gurinder Chadha. **22.00 True Lies** (Sannar lygar) Hörkuspennandi mynd um njósnarann Harry Tasker sem er karl í krapinu. Hann þreytist ekki á að bjarga landsmönnum frá hryðjuverkamönnum en getur hann bjargað hjónabandi sínu? Stranglega bönnuð börnum. **0.20** Jason X (Stranglega bönnuð börnum) **2.00** Slackers (Bönnuð börnum) **4.00** True Lies (Stranglega bönnuð börnum)

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

**11.30** Number One Single **12.00** E! News **12.30** The Daily 10 **13.00** THS Mark Wahlberg **14.00** 101 Most Shocking Moments in Entertainment **-16.00** 101 Most Shocking Moments in Entertainment **17.00** 101 Most Shocking Moments in Entertainment **18.00** E! News **18.30** The Daily 10 **19.00** THS Johnny Depp **20.00** 101 Even Bigger Celebrity Oops! **21.00** Girls of the Playboy Mansion **21.30** Girls of the Playboy Mansion **22.00** Dr. 90210 **23.00** Sexiest **0.00** THS Johnny Depp **1.00** 101 Even Bigger Celebrity Oops!

### AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15



## VIÐ MÆLUM MEÐ ...

Nafn rósarinnar **Sirkus** kl. 22.20

### *Dularfull morðmál í klausturhlíðum*



Myndin The Name of the Rose er gerð eftir samnefndri sögu Umberto Eco. Fransiskamunkurinn Vilhjálmur frá Baskerville kemur á köldum vetrardegi árið 1327 til klausturs í hlíðum Appenínafjalla. Með honum er hinn ungi Adsos frá Melk en tilgangur ferðarinnar er að rannsaka flókin morðmál. Mikið er um leynimakk og er rannsóknarrétturinn á hælum Vilhjálms sem reynir í kapphlaupi við tímann að bjarga saklausum frá refsingu. Í aðalhlutverkum leika Sean Connery og Christian Slater en myndin hlaut sextán verðlaun, þar á meðal tvenn BAFTA-verðlaun.

## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 1 | | | | 8 | 9 | |
| | | 5 | 7 | | | | | 3 |
| | | | 5 | | 8 | | 1 | |
| | 3 | | | | | | | 4 |
| | | | 2 | 7 | 3 | | | |
| 9 | | | | | | | 7 | |
| | 5 | | 9 | | 1 | | | |
| 2 | | | | | 6 | 7 | | |
| | 6 | 3 | | | | 9 | | |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 5 | 1 | 7 | 6 | 2 | 9 | 8 | 4 |
| 6 | 4 | 7 | 9 | 3 | 8 | 1 | 5 | 2 |
| 8 | 9 | 2 | 1 | 4 | 5 | 3 | 7 | 6 |
| 4 | 2 | 5 | 8 | 9 | 7 | 6 | 1 | 3 |
| 1 | 7 | 6 | 4 | 2 | 3 | 8 | 9 | 5 |
| 9 | 8 | 3 | 6 | 5 | 1 | 2 | 4 | 7 |
| 7 | 1 | 4 | 3 | 8 | 6 | 5 | 2 | 9 |
| 2 | 3 | 9 | 5 | 1 | 4 | 7 | 6 | 8 |
| 5 | 6 | 8 | 2 | 7 | 9 | 4 | 3 | 1 |



▶ **20.10**

*Kraftasport*

SUÐURLANDS-TRÖLLIÐ 2006

besta sætið

**18.00** Íþróttaspjallið **18.12** Sportið

**18.30** **HM 2006** (Argentína – Fílabeinsströndin) Útsending frá leik Argentínu og Fílabeinsstrandarinnar í riðlakeppni HM 2006.

▶ **20.10** **Kraftasport** (Suðurlandströllið 2006)

**20.40** **Hápunktar í PGA mótaröðinni** (PGA Tour highlights) Helst svipmyndir frá síðasta móti á PGA mótaröðinni í golfi.

**21.35** **Saga HM** (1990 Ítalía) Rakin er saga heimsmeistarakeppninnar í knattspyrnu frá 1954 til 1990. Í lokaþættinum er fylgst með keppninni á Ítalíu árið 1990. Lítt þekktur Ítali hafði sig mikið frammi í markaskorun fyrir heimamenn.

**23.15** 4 4 2

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**7.05** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.45** Morgunleikfimi **10.13** Óvissuferð – allir velkomnir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.20** Hádegisfréttir **13.00** Sakamálaleikritið: Flugurnar hvísla **13.15** Á sumarvegi **14.03** Útvarpssagan **14.30** Miðdegistónar **15.03** Bókmenntir og landafræði **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Á sumarvegi **19.40** Laufskálinn **20.20** Norrænt **21.00** Á ferðaslóðum: Austurland **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Tónlistarhornið **22.15** Kvöldsagan **23.00** Tónlistarstundir í gömlu Reykjavík **0.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

### RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.05** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Á vellinum **22.10** Geymt en ekki gleymt **22.10** Popp og ról

### BYLGJAN FM 98,9

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi **13.00** Rúnar Róberts **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag **19.30** Bjarni Ólafur / Ívar Halldórs **1.00** Ragnhildur Magnúsdóttir

### AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt Bylgjan** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 97,7 X-ið** / Enginn viðbjóður





**KIA Picanto** er lipur, fallegur, nútímalegur og sparneytinn smábíll með skynsamlegri rýmisnýtingu og veglegum aukabúnaði. Það sakar svo ekki að verðið á sér ekki hliðstæðu. KIA Picanto fimm dyra kostar aðeins 1.195.000 kr. Picanto er einnig fáanlegur sjálfskiptur, einn fárra smábíla. Fæst einnig með aflmikilli 75 hestafla og sérlega sparneytinni dísilvél.

*m.v. 100% bílasamning Sjóvá til 84 mánaða

SJÓVÁ FJÁRMÖGNUN

KIA MOTORS

HEKLA KIA umboðið á Íslandi er í eigu Heklu hf.

Laugavegi 172 • Reykjavík • sími 590 5000



## HRÓSIÐ

*...fá Zeno og Jose fyrir að bjóða Íslendingum og útlendingum upp á óhefðbundið pöbbarölt í Reykjavík.*

## ÞRÍR SPURÐIR ÁSTÆÐA UPPHLAUPS ZIDANES Í ÚRSLITALEIK HM

# *Hvað sagði Materazzi við Zidane?*



**Ásthildur Helgadóttir, verkfræðingur og landliðsfyrirliði:** „Ég get ekki ímyndað mér hvað hann hefur sagt við Zidane og finnst engu skipta hvað það var. Viðbrögð Zidanes voru fáránleg. Hann býr yfir það mikilli reynslu að svona lagað á ekki að gerast.“



**Auðun Helgason knattspyrnumaður:** „Það er erfitt að ímynda sér hvaða ónotum Materazzi hefur hreytt í Zidane en ef eitthvað mark er takandi á því sem stendur í blöðunum þá sneri það sennilega að einhverju í tengslum við uppruna hans. Annars er alvanalegt að svona eigi sér stað, sérstaklega á stærri leikjum. Sjálfur hef ég oft lent í svona aðstæðum, núna síðast á landsleiknum á móti Svíum í haust. Ég læt hins vegar ekki uppi hvaða fúkyrðum ég þurfti að taka á móti.“



**Guðjón Guðmundsson íþróttafréttamaður:** „Það er alveg ljóst að um kynþáttafordóma var að ræða. Hann stígur nú heldur ekki beint í vitið hann Materazzi.“



**LÁRÉTT**
2 illt umtal 6 frá 8 keyra 9 ar 11 í röð 12 væla 14 tónstigi 16 bardagi 17 hár 18 niður 20 bor 21 ögn.

**LÓÐRÉTT**
1 þungi 3 samtök 4 smjaðra 5 hald 7 a 10 fúsk 13 efni 15 slæma 16 flana 19 tveir eins.

**LAUSN**

LÁRÉTT: 2 last, 6 af, 8 aka, 9 ryk, 11 jk, 12 gráta, 14 skali, 16 at, 17 ull, 18 suð, 20 al, 21 arða.
LÓÐRÉTT: 1 farg, 3 aa, 4 skjalla, 5 tak, 7 fyrstur, 10 kák, 13 tau, 15 illa, 16 asa, 19 óð.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. Karolos Papoulias.
2. TVMK Tallin.
3. Eddie Murphy.

**Mest** lesna tímaritið*

birta

*Gallup Október 2005



**SIGURLÍN BJARNEY GÍSLADÓTTIR** Sigraði í keppninni með sögu um orðljótan vörubílstjóra sem grunur leikur á að hafi óhreint mjöl í pokahorninu. FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

SIGURLÍN BJARNEY GÍSLADÓTTIR: SIGRAÐI Í GADDAKYLFUNNI

# Nýtt nafn í glæpaheiminum

Glæpasmásagan Þjóðvegur eitt eftir Sigurlín Bjarneyju Gísladóttur, rúmlega þrítugan skrifstofustarfsmann úr Kópavogi, bar sigur úr býtum í Gaddakylfunni, árlegri glæpasmásagnakeppni tímaritsins Mannlífs og Hins íslenska glæpafélags. Úrslitin voru kunngjörð við hátíðlega athöfn í Iðnó í gær og afhenti Geir Jón Þórisson Sigurlín verðlaunin, forláta gaddakylfu sem listakonan Kogga hannaði fyrir keppnina.

Verk eftir Sigurlín hafa verið birt í Lesbók Morgunblaðsins og í fyrra vann hún fyrstu verðlaun í örsögukeppni Tímarits máls og menningar í fyrra en Þjóðvegur eitt er hennar fyrsta glæpasaga. „Sagan fjallar um orðljótan vörubílstjóra, sem grunur leikur á að hafi framið einhvers konar glæp en það kemur ekki í ljós fyrr en undir lokin hvað gerðist.“

Dómnefndin var skipuð þremur konum, Kolbrúnu Bergþórsdóttur, Helgu Dís Björgúlfsdóttur og Ingibjörgu Dögg Kjartansdóttur, en að sögn Reynis Traustasonar, ritstjóra Mannlífs, bar þeim öllum saman um að Þjóðvegur eitt væri „mögnuð saga“. „Til marks um það hversu vel henni tekst upp í persónusköpuninni, að þá voru þær allar sannfærðar um að höfundurinn hlyti að vera karl,“ segir Reynir, sem útbýtti nafnlausum handritum til dómnefndarinnar. Sjálf segist Sigurlín trúa því að rithöfundar eigi að vera óhræddir við að setja sig í spor hvers sem er.

Jón Hallur Stefánsson sigraði í síðustu glæpasagnakeppni og í fyrra kom bók hans Krosstré út, sem er sérlega vel heppnaður reyfari. Sigurlín segist vera með handrit í vinnslu og vonast til að geta gefið það út á bók á næsta ári.

Tvær aðrar sögur voru einnig verðlaunaðar á Gaddakylfunni: Ekki fyrir viðkvæma eftir Lýð Árnason, lækni á Flateyri, en hann hafnaði einnig í öðru sæti í síðustu keppni sem var þá um hrollvekjur, og í þriðja sæti varð sagan Málverk eftir Ásdísi Herborgu Ólafsdóttur, húsmóður í Stafangri í Noregi.

Í tilefni keppninnar hafa fimm úrvalssögur úr henni auk glæpasmásagna eftir Þráin Bertelsson, Súsönnu Svavarsdóttur og Stellu Blómkvist, verið settar saman í kilju sem ber heitið Morð og fylgir júlíhefti Mannlífs sem kemur út í dag. **bergsteinn@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Fríður hópur fólks mun birtast í hestaþættinum Kóngur um stund næsta mánudagskvöld í Ríkissjónvarpinu. Þá leiðir Einar Bollason í Íshestum þjóðþekkta Íslendinga í hestaferð um Suður-Þingeyjarsýslur. Gestir í þættinum eru Unnur Steinsson, Pálmi Gestsson leikari, Ari Edwald, forstjóri 365, **Agnes Bragadóttir**, blaðamaður á Morgunblaðinu og Magnús Kjartansson tónlistarmaður. Eitt af eftirminnilegri atriðum þáttarins mun vera þegar Agnes Bragadóttir flaug á bólakaf í Skjálfandafljótið en gerði sér lítið fyrir og vatt mestu bleytuna úr fötunum, fór í þau aftur og reið áfram.



Talsverð eftirvænting er meðal Íslendinga í Kaupmannahöfn vegna opnunar á nýjum stað **Friðriks Weisshappel** og félaga þar í borg. Fréttablaðið hefur greint frá staðnum, sem verður systurstaður hins vinsæla Laundromat Café á Norðurbrú. Framkvæmdir við nýja staðinn hafa tekið lengri tíma en upphaflega var áætlað en nú hafa Friðrik og félagar hans ákveðið opnunardaginn, 1. ágúst næstkomandi.



Miðar á úrslitaleik HM í knattspyrnu gengu kaupum og sölum fyrir háar fjárhæðir síðustu dagana fyrir leikinn. Einhverjir Íslendingar voru svo heppnir að komast á leikinn og meðal þeirra var athafnamaðurinn **Björgólfur Thor Björgólfsson**. Hann var þó ekki einn á ferð því með í för voru nokkrir af lykilstarfsmönnum Straums-Burðaráss. Björgólfur bauð starfsfólkinu út og ferjaði þau í einkaþotu sinni við mikinn fögnuð starfsfólksins.

**- hdm**





**Á GRILLIÐ! NÝR HUMAR, LÚÐA, SÓLÞURRKAÐUR SALTFISKUR, SKÖTUSELUR OG KEILA.**

FISKBÚÐIN HAFBERG

Gnoðarvogi 44, sími 588 8686
opið alla laugardaga 11-14

# Hafa gefið út 28 geisladiska

Felix Bergsson og Gunnar Helgason, þekktir sem Gunni og Felix af börnum landsins, eru nú að gefa út sinn 28. geisladisk. „Við gerðum 21 disk um hundana Traust og Trygg og svo höfum við gert jóladisk og hitt og þetta fyrir börnin. Okkur finnst svo gaman að vinna saman,“ segir Felix, en samvinna þeirra félaga hófst árið 1993 þegar þeir tóku við Stundinni okkar. Nýi diskurinn, sem kemur í búðir 20. júlí, heitir Lögin hans Jóns míns, en lögin eru öll eftir Jón Ólafsson.

„Þetta eru lög sem hann hefur samið fyrir okkur í gegnum tíðina. Við erum mjög sáttir við þetta samstarf,“ segir Felix. Gunnar og Felix skrifa báðir textana, en texti lagsins Hættu að eyðileggja Ísland! vekur athygli. „Þetta er lag frá 1997 og á þeim tíma voru menn ekki komnir á bólakaf í umhverfisumræðunni. Það fjallar fyrst og fremst um umgengni okkar um landið. Það hefur aðra og dýpri merkingu í dag og það er bara skemmtilegt,“ segir Felix. **- rsg**



**GUNNI OG FELIX** Tvíeykið fer um allt land í sumar og skemmtir börnum og öðrum sem eru ungir í anda. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR


Meira fyrir minna.
Bílumst!
Nýr, fallegri og miklu betri Opel.
JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA
Opel Astra – 1.890.000 kr.
Beinskipt - 1.6 l. vél – Hlaðin aukabúnaði.
Opel Corsa – 1.380.000 kr.
Beinskipt - 1.2 l. vél – Lúxus útgáfa.
Opel Vectra – 2.190.000 kr.
Beinskipt - 1.8 l. vél – Hlaðin aukabúnaði.
Þú færð miklu meira fyrir miklu minna þegar þú kaupir bíl frá Opel, því Opel bílarnir eru búnir öllum þeim kostum sem þú þarfnast og gott betur. Samkvæmt gæðakönnun bílatímaritsins Auto Bild árið 2006 eru þeir með mestu gæðin meðal þýskra bíla. Þrátt fyrir það eru Opel bílarnir á mun viðráðanlegra verði en flestir bílar í sama gæðaflokki. Komdu við og bílaðu með okkur áður en þú tekur ákvörðun.
Ingvar Helgason
Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 ih.is
Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00
Auto Bild
Þýska tímaritið Auto Bild er eitt af virtustu og vinsælustu bílatímaritum Evrópu.

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**






**BAKÞANKAR**
**GERÐAR KRISTNÝJAR**

## *Amma og Lilli komu fyrir mig vitinu*

Þegar ég var lítil brá ég mér á sýningu með Brúðubílnum og fylgdist þar með dúkkum ólmast hver um aðra þvera. Boðið var upp á fleira því skyndilega spurði konan sem stýrði sjóinu hvort einhver vildi ekki syngja. Þessa áskorun stóðst ég ekki, enda ekki ástæða til. Ég hafði nefnilega veitt því athygli að þegar ég söng með útvarpinu var ég svona líka ljómandi lagviss auk þess sem ég átti auðvelt með að læra texta.

**ÁÐUR** en ég vissi af var ég komin upp á svið og sagði konunni að ég ætlaði að syngja lag með Ruth Reginalds. Það er ósköp fallegt og fjallar um engilinn Gabríel sem gætir Ruthar þegar mamma hennar og pabbi skreppa út í búð og skilja hana eina eftir heima.

**ÉG** var ósköp spennt, man ég, þar sem ég stóð á sviðinu og horfði yfir lambhúshettuklædda áhorfendur. Hjartað hamaðist í brjósti mér en samt var ég ákveðin í að gera þetta. Þarna var líka allt til alls, áhorfendur, svið og hljóðnemi. Hvað gat farið úrskeiðis? Ég greip um hljóðnemann og hóf upp raust mína en varla var ég komin í gegnum fyrsta erindið þegar það rann upp fyrir mér að ég gat ekkert sungið. Það var bara svo einfalt. Í stað þess að rödd mín bærist kraftmikil og fögur yfir Safamýrina var hún máttlaus og rýr. Nóturnar skruppu undan mér eins og kvikasilfur. Lagið hljómaði að minnsta kosti ekkert eins og þegar Ruth söng það.

**ÁHORFENDUR** virtust heldur ekki ná því að sviðið var mitt og tóku að rétta upp hendur og æpa til konunnar sem stýrði herlegheitunum: „Ég, má ég, nú má ég!" Þegar kom að la-la-la-kaflanum í laginu fann ég að konan var farin að kippa í hljóðnemann. Samt var lagið ekki búið. Gabríel hafði ekki sagt sitt síðasta. Því hélt ég sem fastast í gripinn og la-la-laði áfram þar til konan reyndist mér yfirsterkari og ég neyddist til að sleppa.

**NEI**, ég kunni ekki að syngja. Auðvitað hefði verið betra að átta sig á því annars staðar en einmitt uppi á sviði en samt finnst mér gott að það skyldi þó gerast þegar ég var enn innan við átta ára aldurinn því annars veit maður aldrei hvernig hefði farið. Og fyrir það verð ég Brúðubílnum alltaf þakklát.

MARKAÐURINN




AUGLÝSINGASÍMI
**550 5000**




## ÞAU ERU KOMIN!

Þegar þú kaupir gjaldeyri fyrir 20 þúsund krónur eða færð þér MasterCard kreditkort færðu stórt og fallegt handklæði í kaupbæti.

**Farðu í fríið með fjármálin á þurru:**

- **Kreditkort**
  - þægilegasti og öruggasti greiðslumátinn í útlöndum.
- **Netbankinn**
  - yfirsýn og helstu bankaaðgerðir hvar sem er í heiminum.
- **Reglulegur sparnaður**
  - leggðu drög að næsta fríi.
- **Greiðsluþjónusta**
  - láttu okkur sjá um að borga reikningana.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

GLITNIR